



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. janúar 2007 – 28. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Tvifarar fræga fólksins

Hvaða forseta skyldi Björgólfur Thor líkjast?

FÓLK 24



Skökk mynd af íslam

Indiana Jones gefur ranga mynd af múslimum.

KVIKMYNDIR 26



Stelpur eldfimt ræðuefni

Aðstandendur Morfis segja enga kvenfyrirlitningu í keppninni.

FÓLK 34




Mætum Dönun

Íslenska handboltlandsliðið endaði í 3. sæti í sínum milliríðli á HM í Þýskalandi eftir 28-33 tap fyrir Þjóðverjum í gær. Ísland mætir Danmörku í 8 liða úrslitunum á þriðjudaginn.

ÍPRÓTTIR 28



VEÐRIÐ Í DAG




HLÝTT OG VÆTUSAMT - Í dag sunnan 8-13 m/s. Rigning sunnan og vestan til þegar kemur fram á daginn en úrkomulítið lengst af á Norðaustur- og Austurlandi með björtu veðri allra austast. Hiti 5-13 stig, hlýjast á í hnúkaþey á Norðurlandi.

VEÐUR 4

LESTUR MEDAL 12-49 ÁRA

höfuðborgarsvæðið

Mánudagur



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í nóvember 2006.



SETTUR Í EMBÆTTI ENSKU BISKUPAKIRKJUNNAR Bjarni Þór Bjarnason var settur í embætti sem prestur Ensku biskupakirkjunnar í gær. Athöfnin fór fram í Hallgrímskirkju. Á myndinni sjást guðsmennirnir í hátíðarskrúða. - sjá síðu 6

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stefnuleysi hjá fjölda leikskóla

Menntamálaráðuneytið hefur óskað skýringa frá sveitarstjórnnum í landinu á því af hverju fimmti hver leikskóli hefur ekki opinbera uppeldisstefnu eða eigin skólanámskrá og sjö prósent hafa hvorugt.

MENNTUN Menntamálaráðuneytið hefur sent sveitarstjórnnum í landinu bréf með lista yfir þá leikskóla sem hafa ekki opinbera uppeldisstefnu eða eigin skólanámskrá. Óskar ráðuneytið eftir skýringum á því hvers vegna skólarnir hafi ekki komið sér upp uppeldisstefnu og/eða skólanámskrá. Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, segir að ekki verði gefnar upplýsingar um ástandið fyrr en skýringar hafi borist.

Í vefriti menntamálaráðuneytisins kemur fram að um fimmti hver leikskóli í landinu hefur ekki opinbera uppeldisstefnu og svipað hlutfall hefur ekki mótað eigin skólanámskrá. Þá kemur auk þess fram að sjö prósent leikskóla hafi hvorki opinbera uppeldisstefnu né eigin skólanámskrá, samkvæmt könnun sem var gerð í fyrra.

Hrönn Pálmadóttir, brautarstjóri leikskólabrautar við Kennaraháskóla Íslands, KHÍ, segir að þetta hlutfall sé ekki jafn dramatískt og tölurnar bendi til, flestir leikskólar hafi einhverja pappíra sem sýni markmið þeirra í starfi. „Í skólanámskrám á meðal annars að gera grein fyrir því hvernig starfið er metið og auðvitað verður

starfið ekki eins markvisst ef námskrána vantar. Af starfsmönnum á leikskólum eru aðeins 35 prósent leikskólakennarar á landsvísu. Ég veit að leikskólakennarar hafa örugglega áhyggjur af því að vinna í leikskóla þar sem ekki er skólanámskrá. Ástæðan fyrir því er sennilega sú mannekla sem hefur hrjáð þennan geira undanfarin ár. Auðvitað má líka segja að í þessu endurspeglist ákveðin mismunun gagnvart börnunum. Í leikskólum með góða mönnum sé skólanámskrá en ekki í hinum.“

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs í Reykjavík, segist hafa óskað eftir upplýsingum um hlutfallið í Reykjavík. Það liggja fyrir eftir helgi. Hún segir að margir skólanna hafi opinbera uppeldisstefnu og eigin skólanámskrá og það sé á stefnuskrá ársins að aðstoða hina við að koma sér upp slíkum plögum.

Dagbjört Erla Ásgeirsdóttir, deildarstjóri á leikskólanum Arnarbergi, segir að það komi sér verulega á óvart að svo marga leikskóla vanti opinbera uppeldisstefnu, eigin skólanámskrá eða hvort tveggja. Hún telur að skortur á leikskólakennurum geti haft barna mikið að segja. - ghs

Álíka dýrt að fljúga út til tölvukaupa og að kaupa tölvu hér:

Utanlandsferðin í bónus

NEYTENDUR Álíka dýrt er að fljúga til Danmerkur, kaupa fartölvu af gerðinni Dell Inspiron 9400, gista eina nótt og flytja svo tölvuna heim og tölvan ein og sér kostar hér á landi. Dell Inspiron 9400 er 47 prósentum dýrari hér en annars staðar á Norðurlöndum.

Dell Inspiron 9400 kostar 261 þúsund krónur hjá EJS, umboðs aðila Dell, en ferðin til Danmerkur og til baka kostar um 263 þúsund krónur. Inni í þeirri upphæð er flug báðar leiðir, lestarmiði til og frá flugvelli, hótélgesting og skattar, auk tölvunnar. - sfs/sjá síðu 4

Hefði átt að bregðast við bréfi frá geðlækni um kynferðissambönd í Byrginu:

Landlæknir braut stjórnsýslulög

HEILBRIGÐISMÁL Landlæknisembættinu bar skylda til þess samkvæmt stjórnsýslulögum að senda bréf geðlæknis til embættisins, þar sem látið var vita af kynferðissamböndum milli starfsmanna og vistmanna Byrgisins, áfram til réttara aðila, ef það taldi sig ekki bært til að fjalla um það.

Þetta segir Páll Hreinsson, lagaprófessor og sérfræðingur í stjórnsýslurétti við Háskóla Íslands. Landlæknisembættið fékk bréf frá geðlækni 16. janúar árið 2003 þar sem hann sagði frá ástarsamböndum og kynferðissamböndum bæði yfirmanna og meðferðaraðila Byrgisins við sjúklinga og vistmenn sem þar dvöldu.

Embættið aðhafðist ekki þar sem Byrgið heyrði ekki undir embættið, eins og sagt var frá í Fréttablaðinu á föstudag.

Í stjórnsýslulögum er sú skylda lögð á opinbera aðila að framsenda erindi sem send eru á rangan aðila, eða endursenda þau ef ekki finnst réttur aðili til að fjalla um málið. Þar sem það hafi ekki verið gert hafi sendandinn getað ætlað að verið væri að



PÁLL HREINSSON

fjalla um ábendingu hans í stjórnkerfinu.

Heilbrigðisráðherra hefur eftirlit með landlæknisembættinu og hans er því að bregðast við þegar stjórnsýslulög eru brotin. Í samtali við Fréttablaðið á föstudaginn sagði Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra að ráðuneytinu hefði verið skýrt frá efni bréfsins í lok síðasta árs. Hún hefði rætt við settan landlækni og þau verið sammála um að æskilegt hefði verið að bregðast við á sínum tíma. - bj

Fréttablaðið er í óskar höndum

SPROTA ÞING 2007

fer fram föstudaginn 2. febrúar

Upplýsingar, dagskrá og skráning: www.si.is

SPURNING DAGSINS



Er karnivalstemning í Frjálslynda flokknum?

„Það er alltaf fjör í Frjálslynda flokknum.“

Magnús Þór Hafsteinsson var endurkjörinn varaformaður Frjálslynda flokksins um helgina. Margrét Sverrisdóttir, mótframbjóðandi hans, sagði „karnival“ hafa verið á landsþingi flokksins.

Evrópumálin til umræðu:

Segir þagnarbandalag ríkja

STJÓRN MÁL Uppþaka evrunnar og önnur málefni ESB eru meðal þeirra leiða sem Samfylkingin lítur til svo draga megi úr okurvöxtum og allt of háu verðlagi. Þetta kom fram í ræðu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, formanns Samfylkingarinnar, sem hún flutti á aðalfundi Samfylkingarfélagsins í Reykjavík í gær.

Ingibjörg segir liggja fyrir í skoðanakönnunum að um helmingur þjóðarinnar sé fylgjandi aðild að Evrópusambandinu. Samfylkingin eigi að setja það mál á dagskrá. Hún sakaði Sjálfstæðismenn um ólýðræðislegt þagnarbandalag um Evrópumál sem Samfylking tæki ekki þátt í.

- kdk

Ýjar að stofnun nýs flokks:

Jón gagnrýnir Samfylkinguna

STJÓRN MÁL Jón Baldvin Hannibals-son sagði í þættinum Silfri Egils á Stöð 2 í gær að allt benti til þess



JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

ad Samfylkingunni hefði mistekist ætluarverk sitt, það er að verða valkostur við Sjálfstæðisflokkinn. „Ef Samfylkingin ætlar að klúðra sínum málum þá er mikil alvara í því,“ sagði hann.

„Ef það þarf að

stofna nýja hreyfingu sem fókuserar á aðalatriðin og býður upp á menn sem vekja traust en ekki málfundæfingar í málþófi – nú, þá bara gera menn það,“ sagði Jón en vildi ekki svara því hvort hann myndi ganga til liðs við slíka hreyfingu.

- sh

Ríki og sveitarfélög ætla að framkvæma fyrir 70-73 milljarða króna á árinu:

Næg verkefni fyrir verktaka

VINNUMARKAÐUR Þrjú stærstu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu ætla að framkvæma álíka mikið á árinu 2007 og þau gerðu á árinu 2006. Þetta virðist hafa komið verktökum sem sóttu útboðsþing Samtaka iðnaðarins á föstudag nokkuð á óvart, enda ekki óvanalegt að framkvæmdir sveitarfélaganna séu meiri en í venjulegu árferði á kosningarári eins og í fyrra, segir Eyjólfur Bjarnason, byggingartekniáfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins.

Á útboðsþinginu kom fram að Reykjavíkurborg reikni með að framkvæma fyrir um 15 milljarða króna, Kópavogsbær fyrir 5 mill-



FRAMKVÆMDIR Verktakar höfðu sumir hverjir óttast að hafa lítið að gera eftir að stórfamkvæmdum á Austurlandi lýkur, en sú virðist ekki ætla að verða raunin.

arða og Hafnarfjarðarbær fyrir um 4,7 milljarða á árinu. Framkvæmdir vegna nýrra lóða vega

þar þungt auk þess sem uppbygging á íþróttamannvirkjum í Kópavogi verður talsverð á árinu, segir Eyjólfur. Til viðbótar við þetta reiknar Orkuveita Reykjavíkur með að framkvæma fyrir um 18 milljarða, mest vegna virkjunar á Helliheiði.

Í heildina má reikna með að opinberir aðilar framkvæmi fyrir 70-73 milljarða á árinu, en í fyrra var framkvæmt fyrir um 70 milljarða króna. Eyjólfur segir að verktökum sem sóttu útboðsþingið hafi létt nokkuð, þar sem einhverjir þeirra hafi óttast að þegar stórfamkvæmdum á Austurlandi ljúki dragi úr framboði á verkefnum. - bj

Landsins forni fjandi fyllti Dýrafjörðinn

Dýrafjörður var nær fullur af hafís í gær og ekki fyrir hvern sem er að sigla um hann. Flogið var yfir í gær og bráðnar ísspöngin við Vestfirði nú hratt.

HAFÍS Dýrafjörður var fullur af hafís í gær og rak ísinn áfram inn fjörðinn í gærkvöldi. Íbúar við fjörðinn muna ekki annað eins. Landhelgisgæslan kannaði útbreiðslu hafíssins úti fyrir Vestfirðum í gær. Ein þyrlna Gæslunnar lagði af stað í ískönnunarflug með skömmu fyrir hádegi og sneri aftur á sjöunda tímanum. Áhöfn þyrlnunnar varð ekki vör við mikinn ís fyrst um sinn og sá lítið annað en íshrafl. Skyggni var hins vegar slæmt og lenti þyrlna í ísrigningu á leiðinni.

Að sögn Landhelgisgæslunnar var ástandið í Dýrafirði slíkt í gær að ekki hefði verið nema fyrir þá alvönustu að sigla um fjörðinn, ef það hefði yfirleitt verið hægt. Fyrir utan Dýrafjörð mátti helst sjá leifar af ísspöngum í Ísafjarðardjúpi. Fært var fyrir Horn og þéttan ís ekki að sjá nema um tólf sjómílar frá Horni. Ísspöngin sem kom upp að landinu á föstudag bráðnar því hratt enda sjórinn ekki mjög kaldur og lofthiti 6 til 7 gráður.

stigur@frettabladid.is



HAFÍS Bóndi í Dýrafirði sagði mjög tilkomumikið að sjá ísinn í firðinum. Myndin er úr safni.

Aldrei séð neitt í líkingu við þetta

„Það er mjög tilkomumikið að sjá þetta,“ segir Helgi Árnason, bóndi á Alvíðru í Dýrafirði, en hafísinn fyllti nærri fjörðinn í gær og náði hann langt inn fyrir Þingeyri þegar mest var. „Ég hef búið hér nærri mannsaldur og ég hef aldrei séð svona áður. Fyrir um það bil fjórtíu árum komu reyndar nokkrir mikið stærri jakar á fjöru, en það var ekkert í líkingu við þetta.“

Helgi segir ísinn lítil áhrif hafa á fólkið í firðinum. „Þetta er aðallega íshrafl, hann er alls ekki mjög þéttur. Hefur jú þau áhrif að ef það eru einhverjir minni bátar úr tré á Þingeyri þá komast þeir varla að róa. Stærri bátar kæmust, en þó ekki nema í björtu. Það er varasamt að leggja út í þetta í myrkri.“

Helgi hefur engar áhyggjur af ástandinu. „Þetta var auðvitað landsins forni fjandi áður fyrr en við erum sallaróleg hér á meðan þetta versnar ekki. Þetta er bara til að minna okkur á það hvar við erum.“

Ísbirnir geta fylgt hafísnum

Hvítabirnir geta verið ógnvekjandi fylgifiskur hafíssins, eins og dæmi sanna. Í júní árið 1963 gekk einn slíkur á land í Hornvík á Ströndum. Hann var drepinn af vöskum heimamönnum og étinn með bestu lyst.

Tæpum átta árum síðar, í febrúar árið 1971, sást til ísbjarnar á Skaga. Sá hraktist á brott þegar skotið var á hann og sást ekki framar á þeim slóðum.

Í febrúar árið 1988 varð vart við hvítabjarnarhún í Haganessvík og var ákveðið að skjóta hann til að hann ynni ekki börnum skaða sem voru þar að leik.

Ekki er þó vitað til þess að björn hafi gengið á land hafísveturinn mikla, 1967 til 1968, þegar hafísinn olli siglingatrufunum, skemmdum á skipum og veiðarfærum, aflatjöni, harðæri og vöruskorti.

Heimild: Ísland í aldanna rás, 1900 - 2000.

Fjórir menn handteknir:

Réðust á lækni og lögregluþjón

LÖGREGLUMÁL Fjórir menn um tvítugt voru færðir í fangageymslur í nótt eftir slagsmál á slysadeild Landspítalans og árás á lögregluþjón og lækni.

Mennirnir voru í hópi fólks sem hafði fylgt félagi sínum á slysadeildina eftir slagsmál í miðbænum. Verið var að hlúa að þeim sem meiðst hafði þegar ólætin brutust út.

Lögregluáður sem á staðnum var það fólkið að hætta látum á biðstofunni og veittust mennirnir þá að honum og lækni á staðnum. Læknirnir tagnaði á hendi og mennirnir voru látnir sofa úr sér í fangageymslum.

- sh



GERVI Eftirlíking af geirfugli sem gerð var af Kristjáni Geirmundssyni árið 1938.

Eftirlíking af geirfugli í Ní:

Geirfugl gerður úr álkuhömum

SAFNAMÁL Náttúrugripasafn Íslands við Hlemm er nú opið á nýjan leik, en því var lokað eftir vatnstjón í byrjun desember á síðasta ári. Uppstoppaði geirfuglinn sem var til sýnis í safninu hefur verið fluttur í geymslu í Þjóðminjasafni Íslands.

Í stað geirfuglsins er komin eftirlíking af geirfugli sem Kristján Geirmundsson, hamskerri frá Akureyri, gerði úr álkuhömum á árinu 1938. Í frétt á vef náttúrugripasafnsins segir að líkanið beri óneitanlega nokkurn svip af álku, sem sé reyndar sú tegund svartfugla sem sé hvað skyldust geirfuglinum.

- bj

NOREGUR

Jarðskjálfti við ströndina

Jarðskjálfti upp á 3,8 á Richter varð í suðvesturhluta Noregs í gær. Upptök jarðskjálftans voru á tíu kílómetra dýpi um fjórtíu kílómetra fyrir utan ströndina. Hús skulfu og klingdi í glösum. Ekki varð neitt fjölsvo vitað sé, að sögn Aftenposten.

BÍLL DAGSINS

MERCEDES BENZ 230E KOMPRESSOR

Nýskr. 06.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 26 þús. km. - Allt að 100% lán.



Verð
3.580.000.-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Mikilvægur áfangi í friðarátt á Norður-Írlandi:

Sinn Fein styður lögregluna

NORÐUR-ÍRLAND Sinn Fein, helsta stjórnmálaaflið kaþólskra lýðveldissinna á Norður-Írlandi, breytti í gær algerlega um stefnu gagnvart norður-írsku lögreglu, sem jafnan var í höndum sambandssinnaðra mótmælenda og illa séð af kaþólskum.

Sinn Fein hefur til þessa ekki viljað taka neinn þátt í uppbyggingu og stjórn lögreglunnar, en í gær samþykktu fundargestir á sérstökum flokksþingi Sinn Fein með yfirgnæfandi meirihluta tillögu forystumanna flokksins um að styðja lögregluna.

„Þetta sýnir að stríðinu er lokið. Og ef stríðinu er lokið, þá verðum við að byggja upp friðinn,“ sagði Gerry Adams, leiðtogi Sinn Fein.

Ian Paisley, einn helsti leiðtogi mótmælenda, hefur ekki viljað taka þátt í stjórnarsamstarfi með Sinn Fein fyrr en Sinn Fein tekur lögregluna í sátt. Stefubreytingin hjá Sinn Fein opnar möguleika á að heima-stjórn Norður-Írlands eigi sér viðreisnar von, en hún hefur ekki starfað árum saman vegna þess að sambandssinnar og lýðveldissinnar hafa ekki getað komið sér saman.

Sinn Fein setti þó það skilyrði í gær, að lögreglan



MARTIN MCGUINNESS OG GERRY ADAMS Tveir helstu leiðtogar Sinn Fein ræða málin á þinginu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

fengi ekki stuðning flokksins nema mótmælendur samþykktu að yfirstjórn lögreglunnar færðist frá Bretlandi til Norður-Írlands.

- gb

Góðar fréttir fyrir sjóðfélaga

Ávöxtun 20,6%

Ávöxtun á árinu 2006 var **20,6%** sem samsvarar **12,7%** raunávöxtun sem er annað besta rekstrarár í sögu sjóðsins.

Hækkun réttinda um 11,8 milljarða

Í ljósi góðrar ávöxtunar og tryggrar stöðu sjóðsins hafa áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga og greiðslur til lífeyrisþega verið hækkaðar um **7%** frá 1. janúar 2007. Það samsvarar **11,8** milljarða hækkun réttinda sjóðfélaga.

Réttindi aukin um 21,1% á síðustu 10 árum

Á síðustu 10 árum hefur tekist að bæta lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur um **21,1%** umfram almennar verðlagsbreytingar.

Eignir 240,3 milljarðar

Eignir sjóðsins námu **240,3** milljörðum í árslok og hækkuðu um **49,3** milljarða á árinu eða um **26%**.

Rekstrarkostnaður 58 aurar á hverjar 1.000 kr.

Rekstrarkostnaður er með því lágsta sem þekkt meðal lífeyrissjóða eða aðeins **0,06%** af eignum.

Ávöxtun séreignarsjóðs 20,6%

Inneignir sjóðfélaga séreignarsjóðs í árslok 2006 námu **5,6** milljörðum sem er hækkun um **35%** frá fyrra ári. Ávöxtun nam **20,6%** sem samsvarar **12,7%** raunávöxtun. Alls áttu um **40** þúsund einstaklingar inneign í árslok.



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Sími: 580 4000 | Myndsendir: 580 4099 | skrifstofa@live.is | www.live.is

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	69,6 69,94
Sterlingspund	136,48 137,14
Evra	89,84 90,34
Dönsk króna	12,051 12,121
Norsk króna	10,965 11,029
Sænsk króna	9,884 9,942
Japanskt jen	0,5728 0,5762

SDR	103,64	104,26
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	123,8912	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Runólfur Ágústsson í viðræðum um stofnun nýs háskóla á Keflavíkflugvelli:

Áhugasamir um nýjan háskóla

MENNTAMÁL Verið er að kanna möguleika á því að koma upp alþjóðlegum háskóla á svæðinu á Keflavíkflugvelli sem áður var í notkun varnarliðsins. Einn þeirra aðila sem útfært hafa þessa hugmynd er Runólfur Ágústsson, fyrrverandi rektor á Bifröst. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum blaðsins hafa Keflavíkurbær, fasteigna- og byggingafyrirtæki, bankar og Runólfur sjálfur sýnt áhuga á því að taka þátt í þessu verkefni og leggja fram fjármagn.

Runólfur Ágústsson var ekki reiðubúinn að tjá sig um málið.

Kjartan Eiríksson, framkvæmdarstjóri Þróunarfélags Keflavíkflugvallar, segir klárt að hugmyndir um háskóla og alþjóðlegan flugvöll séu meðal þeirra sem félagsmönnum þyki passa afar vel á svæðinu. „Við erum að fara í gegnum þær hugmyndir sem fyrir liggja en yfir hundrað tillögur hafa borist. Þessi hug-



AUTT SVÆÐI VARNARLIÐSINS Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI Framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkflugvallar segir hugmyndir um háskóla á svæðinu afar spennandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

mynd um háskóla þykir okkur klárlega spennandi en það hafa fleiri komið fram með hana,“ segir Kjartan.

Á Keflavíkflugvelli eru um það bil þrjú hundruð byggingar, þar af um hundrað fjölbýlishús. Á staðnum eru einnig leik- og grunnskólar, sjúkrahús, bókasöfn, skrifstofubyggingar og íþróttahús.

Alvarlegar heimiliserjur í Garði:

Meiddist illa á höfði í átökum

LÖGREGLUMÁL Kona hlaut alvarlega áverka á höfði og í andliti í átökum í Garðinum um klukkan eitt í fyrrinótt. Þar brutust út slagsmál milli hjóna og ættingja þeirra, sem öll eru erlend.

Konan var slegin í höfuðið og hlaut nokkuð djúpa skurði á gagnauga og hnakka. Hún var flutt með sjúkrabíl á heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Þegar lögreglan kom á staðinn var árásarmaðurinn stunginn af. Hann er enn ófundinn þótt vitað sé hver hann er.

Þá handtók lögreglan á Suðurnesjum fimm ungmenni fyrir vörslu fíkniefna.



BLÓÐBAD Í SKÓLA Maður tekur upp blóði drífna skólabók við skólahliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átök í Bagdad:

Sprengjuárás á stúlkaskóla

BAGDAD, AP Fimm nemendur létust og tuttugu manns særðust þegar sprengjuárás var í gær gerð á stúlkaskóla í Bagdad, höfuðborg Íraks. Skólinn er í hverfi þar sem einkum súnnímúslimar búa, en í gær fórust einnig aðrir í sprengjuárásum og skotárásum í hverfum sjálmúslima í borginni.

Árásin á stúlkaskólann var gerð um ellefuleytið í gærmorgun. Nokkrar sprengjur sprungu í skólartönnu með þeim afleiðingum að rúður brotnuðu í gluggum og rúðubrotin þeyttust yfir nemendur innandyra.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Árekstur á einbreiðri brú

Tveir bílar skullu saman á einbreiðri brú yfir Hítará á fjórða tímanum í gær. Fern var í öðrum bílnum og ökumaður einn í hinum en enginn slasaðist alvarlega. Bílarnir eru óökufærir. Loka þurfti Snæfellsnesveggi um stund.

Flúði akandi og á hlaupum

Lögreglan á Suðurnesjum veitti öikumanni sem grunaður var um ölvun eftirför í fyrrinótt. Hann reyndi að stinga lögreglu af, fyrst akandi en síðan á hlaupum. Hann gafst fljótlega upp og var vistaður í fangageymslum.

Utanlandsferðin í kaupbæti sé fartölvan keypt erlendis

Að fljúga til Danmerkur, kaupa fartölvu og flytja hana heim er álíka dýrt og tölvan ein og sér kostar hér á landi. Fartölva sem könnuð var er 47 prósentum dýrari hér en annars staðar Norðurlöndum.

NEYTENDUR Flug til Kaupmannahafnar, Dell Inspiron 9400 fartölva keypt í verslun Dell í Danmörku, einnar nætur gisting á hóteli og flug heim með tölvuna daginn eftir kostar svipað mikið og sama tölva kostar hér heima.

Tölvan er á 261.000 krónur hjá EJS, umboðaðila Dell á Íslandi, en ferðin kostar alls um 263.000 krónur. Þá er gert ráð fyrir flugi fram og til baka með Iceland Express með sköttum, lestarmiða til og frá flugvöllum, gistingu í eina nótt á þriggja stjörnu hóteli og greiðslu virðisaukaskatts af tölvunni þegar komið er heim, auk virðisaukaskatts sem er innifalinn í verðinu þar sem tölvan er keypt.

Fréttablaðið er um þessar mundir að vinna verðkannanir á ýmsum vörum hér á landi og í nágrannalöndunum í þeim tilgangi að sjá hver verðmunurinn er milli landanna og reyna að grafast fyrir um í hverju munurinn liggur. Í þetta skipti er Dell Inspiron

9400 fartölva tekin fyrir.

Í samanburðinum á tölvunum var þess gætt að þær væru nákvæmlega eins að öllu leyti. Á vefsíðum Dell í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Bretlandi var tölvan sérsniðin þannig að hún væri algjörlega sambærileg og sú tölva sem tekin var fyrir og EJS selur hér á Íslandi.

Í Svíþjóð kostar tölvan 175.230 krónur, í Noregi er hún á 178.319 krónur og í Danmörku kostar hún sem samsvarar 179.412 krónum. Í Bretlandi er hún dýrari, eða á 185.414 krónur. Virðisaukaskattur er innifalinn í öllum verðdæmum. Tölvan er því að meðaltali um 47 prósentum dýrari hér en annars staðar á Norðurlöndum og fjórutíu prósentum dýrari en í Bretlandi.

Verðið var kannað í netverslunum Dell í hverju landi fyrir sig en á Íslandi var netverslun EJS notuð.

Páll Marcher Egonson, vörustjóri hjá EJS, segir verðið sem gefið er upp í



TÖLVAN SEM UM RÆÐIR

Þess var gætt að tölvurnar sem bornar voru saman væru eins að öllu leyti.

Örgjörvi:	Intel Core 2 Duo T5600 1.83GHz
Vinnsluminni:	1024MB DDR2 533MHz
Skjár:	17" WXGA+ TFT (1440x900)
Skjálkort:	256MB nVidia GeForce Go7900 GS
Harður diskur:	120GB 5400rpm SATA
DVD skrifari:	8 hraða DVD+-RW
Netkort:	10/100 og 802.11 þráðlaust netkort
Rafhláða:	9 sellu 80Whr Lithium-Ion
Stýrikerfi:	Windows XP Professional SP2
Ábyrgð:	Þrjú ár á verkstæði
Annað:	Innbyggt Bluetooth Intel AC 97 hljóðkort

UTANLANDSFERÐ Í KAUPBÆTI

Tölvan keypt í Danmörku:

Flug:	27.490 kr.
Flogið út 31. janúar, heim 1. febrúar.	
Ferðir:	1.000 kr.
Lest til og frá flugvöllum.	
Gisting:	11.912 kr.
Ein nótt á Copenhagen Hotel 27.	
Fartölvan:	179.413 kr.
Með virðisaukaskatti.	
Vsk. á Íslandi	43.956 kr.
Greitt við komuna til landsins.	
Samtals:	263.771 kr.

Tölvan keypt á Íslandi:

Fartölvan:	261.000 kr.
Keypt í netverslun EJS.	
Samtals:	261.000 kr.



UNNIÐ Á FERÐINI Vinsældir fartölva hafa stórkost undanfarin ár, ekki síst vegna tækniþróunar sem gerir þær minni, meðfærilegri og öflugri.

netverslun fyrirtækisins ekki alltaf endanlegt, enda listaverð. „Íslenska leiðin er sú að það er gefið upp verð, en svo er alltaf einhver afsláttur af því. Staðgreiðsluafslátturinn hjá okkur er til dæmis tíu prósent.“

Hann segir meginástæðuna fyrir verðmuninum vera að erlendis sé keypt beint frá Dell, en EJS sé milliliður. Einnig telur hann þjónustuna sem EJS veitir vera betri en hjá Dell.

salvar@frettabladid.is

WINDMILL HEALTH PRODUCTS

Windmill Acidophilus bætir meltinguna

Windmill Zink fyrir bein og sjón

Glucosamine styrkir liðamót

20% afsláttur af öllum Windmill vítamínum*

Lyf & heilsa
Við hlustum!

VEÐURSPÁ

um hádegi »

HINÚKAPEYR
Kort dagsins eru afskaplega hlý. Þar sem vindur er nokkuð ákveðinn gætu Norðlendingar grætt nokkrar gráður á leið vindsins yfir landið. Hlján vind af fjöllum kölluðum við hnúkaþey. Hlynunin í hnúkaþey er af tvennum toga. Annars vegar hlýju lofti úr háloftunum og hins vegar samsplí vama (hita) sem losnar við rakaþéttingu áveðurs fjalla. Hnúkaþey getur leitt til þess að Norðlendingar græði 2-5 gráður í suðlægum áttum.

VEDURHORFUR Í BORGinni Í DAG
Sunnan 8-10 og rigning. Hiti 5-8 stíg.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	3°C heiðskirt	London	11°C alskýjað	Alicante	16°C rigning
Þórshöfn	9°C alskýjað	Paris	10°C skúrir	Mallorca	13°C rigning
Ósló	-3°C hálfskýjað	Frankfurt	8°C skúrir	Algarve	11°C hálfskýjað
Stokkhólmur	-6°C hálfskýjað	Friedrichshafen	1°C skúrir	Krit	19°C hálfskýjað
Gautaborg	4°C hálfskýjað	Berlin	5°C skúrir	Las Palmas	19°C hálfskýjað

* Gildir út janúar 2007

Spennandi salatbar

Veldu úr yfir 40 spennandi tegundum
og settu saman þína máltíð á aðeins

399 kr

til dæmis...



Nacho salat

Nachos, guacamole, veislusalat og tómatsalsa



Tófusalat

Tófú marinerað í ananas og karrísósu, risotto og veislusalat



Krabbasalat

Surami, sýrður rjómi, ferskar kryddjurtir og veislusalat



Núðlusalat

Eggjanúðlur, mini maís, kjúklingur, paprika og salat



Grískt fetasalat

Klettasalat, fetaostur, sólþurrkaðir tómatar og olía



Spínatsalat

Spínat, tortellini með engiferfyllingu, maís, hummus og paprika



Speltpasta salat

Speltpasta, romain salat, fetaostur, paprika og túnfiskur



Franskt pastasalat

Hvítlaukspasta, kús kús, veislusalat og salami



Mexíkanskt baunasalat

Nýrnabaunir, fetaostur, kjúklingabaunir, salami, veislusalat og kjúklingabollur



Heilsusalat

Klettasalat, kjúklingur, kotasæla og maís



Salamisalat

Salami, hvítlaukur, kús kús, brauðteningar og spínat



Skinkusalat

Skinka, fetaostur, romain salat, hnetur og rúsínur



Agúrkusalat

Agúrkur, ætíþistlar, kotasæla, kjúklingur og melónur



Sesar salat

Kjúklingur, parmesan, romain salat brauðteningar og paprika



Ítalskt salat

Tagliatelle, ætíþistlar, skinka, kjúklingabollur og veislusalat




Ávaxtasalat

Melónur, rúsínur, hnetur og klettasalat

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN



KJÖRKASSINN

Notar þú MSN?

Já	67,2%
Nei	32,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fylgist þú með undankeppni Eurovision?

Segðu þína skoðun á visir.is



Afdrif indónesísku þotunnar: Fundu merki frá flugritanum

INDÓNESÍA, AP Bandarískt herskip hefur orðið vart við merki frá flugritum indónesísku farþegaþotunnar sem brotlenti í sjó á nýársdag með 102 manns innanborðs.

Upplýsingarnar úr flugritunum munu skipta meginmáli í að komast að ástæðu þess að þotan brotlenti en búast má við því að erfitt og dýrt verði að nálgast þær, þar sem ritarnir eru á 1.700 metra dýpi.

Ekkert spurðist til þotunnar eftir að hún hvarf af ratstjám fyrr en tíu dögum síðar þegar brak úr henni fannst. Tæplega 80 brakhlutur hafa fundist síðan.

- sdg



BRIMBRETAGAUR Hæfni til brimbrettaiðkunar fylgir. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Ungur maður í fjáröflun:

Seldi persónu sína á vefnum

ÁSTRALÍA Ungur Ástrali hefur selt persónu sína á uppboðsvefnum eBay fyrir rúmar 407 þúsund krónur. Í kaupnum fólst meðal annars nafn, símanúmer, vinahópur, foreldrar og allar eigur mannsins ásamt því sem hann skuldbatt sig til að kenna kaupandanum nokkra skilgreinda hæfileika sína á borð við brimbrettaiðkun og klifur.

Fjögurra vikna þjálfun var innifalin í verðinu þar sem hann hugðist kenna 24 ára sögu sína.

Vandamál Ástralans fylgja einnig nýja lífinu og er sérstaklega varað við óþægilegri spennu gagnvart fyrrverandi kærustu eftir erfið sambandslið. Ástralinn kvaðst myndu skapa sér nýja persónu til að skilja að fullu við hina sem hann seldi.

- sdg

Ágúst Ólafur Ágústsson þingmaður vill afnema auglýsingabann heilbrigðisstétta:

Stéttirnar fara vel með frelsið

HEILBRIGÐISMÁL Lögð hefur verið fram á Alþingi til laga um að auglýsingar lækna, tannlækna og annarra heilbrigðisstétta, sem og auglýsingar heilbrigðisstofnana, verði heimilaðar. Flutningsmaður tillögunnar er Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar.

„Flestum heilbrigðisstéttum og heilbrigðisstofnunum er í dag óheimilt að auglýsa starfsemi sína og er þannig komið í veg fyrir að almenningur geti fengið nauðsynlegar upplýsingar um heilbrigðisþjónustu. Sjúklingar verða að treysta á umtal, ímynd og orðróm þegar þeir velja sér þjónustu,“ segir Ágúst Ólafur.

Hann telur breytinguna löngu tímabæra og hluta af eðlilegri upplýsingagjöf. Hann bendir á að nágrannaríki Íslendinga séu með opnari löggjöf hvað þetta varðar og telur að nógildandi lög geti komið í veg fyrir ákveðna nýliðun. „Nýútskrifaður læknir á



TREYSTI ÞESSARI STÉTT „Ég held að við getum alveg treyst þessari stétt til að fara vel með þetta frelsi,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar.

til dæmis erfiðara með að vekja athygli á sér og sinni sérhæfingu og sinni menntun því að þetta auglýsingabann er mjög afgerandi,“ segir hann.

Ágúst Ólafur segir að ekki megi gleyma því að lögin séu barn síns tíma og þó að auglýsingabannið verði numið úr gildi gildi eftir sem áður samkeppnislög. „Ég held að við getum alveg treyst þessari stétt til að fara vel með þetta frelsi,“ segir hann.

- ghs

Réðust á gamalmenni:

Ofbeldisfullar unglingsstúlkur

DANMÖRK Danir eru slegnir vegna fréttu af óhugnanlegu ofbeldisverki þar sem nokkrar unglingsstúlkur réðust á 83 ára gamlan mann. Atvikidió átti sér stað í bænum Præstø síðastliðið föstudagskvöld.

Stúlkurnar þrjár, sem eru sextán og átján ára, veittu manningum eftirför og réðust loks á hann og slógu hann í götuna. Þá létu þær spörkin og höggvin dynja á honum auk þess sem þær stálu af honum öllum peningum.

Lögregla handsamaði stúlkurnar skömmu seinna. Málið er litið alvarlegum augum.



GAGNKVÆM VIRÐING Séra Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, Bjarni Þór Bjarnason, nýsettur prestur ensku biskupakirkjunnar, Jón Dalbú Hróbjartsson prófastur og David Hamid biskup sameinaðir í Hallgrímskirkju í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjöldi í enskri messu

Fyrsti íslenski presturinn settur í embætti prests á vegum ensku biskupakirkjunnar. Þörfin fyrir guðsþjónustur á ensku hefur vaxið undanfarin ár vegna fjölgunar innflytjenda og vonast biskup Íslands til að innsetningin svari henni.

TRÚMÁL „Þörfin fyrir messur á ensku hefur vaxið hér á undanförunum árum með fjölgun innflytjenda auk þess sem messur á vegum herprestanna á Keflavíkurflugvelli eru ekki lengur fyrir hendi. Við vonum að þetta svari þessari þörf,“ sagði séra Karl Sigurbjörnsson í gær við innsetningu séra Bjarna Þórs Bjarnsonar í embætti prests ensku biskupakirkjunnar í gær í Hallgrímskirkju.

Séra David Hamid, biskup í Evrópubiskupsdæmi ensku biskupakirkjunnar, sá um athöfnina en við hana voru meðal annars staddir séra Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, og séra Jón Dalbú Hróbjartsson, prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og prestur í Hallgrímskirkju.

Bjarni hefur messað á ensku í þrjú ár í Hallgrímskirkju og farið eftir flestum síðum biskupakirkjunnar í messunum. Formlega innsetningu og viðurkenningu ensku biskupakirkjunnar segir hann þó mikilvæga viðurkenningu en alls munu 50 til 60 manns sækja hverja messu á ensku sem séra Bjarni heldur í Hallgrímskirkju með síðum ensku biskupakirkjunnar, auk þess sem ferðamenn vilja oft gjarnan fá að sitja þær í heimsóknum sínum í kirkjunna.

Innsetning Bjarna Þórs er gerð á grundvelli svo-



SÉRA DAVID HAMID

Hægri sveifla

Gagnkvæm virðing var það sem séra David Hamid lagði út af í ræðu sinni við athöfnina. Í henni ræddi hann meðal annars um varasama þróun sem hann segir hafa orðið innan Evrópusambandsins með nýju aðildarríkjunum Búlgaríu og Rúmeníu. Þó sjálf sagt væri að þessi lönd hefðu fengið inngöngu hefði sterk hægri sveifla myndast með þeim sem æli á ötta við útlendinga og innflytjendur. Tortryggni í garð útlendinga gengi gengt kenningum Krists um gagnkvæma virðingu fyrir náunganum og síðum hans.

kallaðs Þorvoo-sáttmála sem enska biskupakirkjan gerði við Norðurlönd og Eystrasaltslönd fyrir tíu árum. Hann felur í sér gagnkvæma viðurkenningu milli ensku biskupakirkjunnar og lúterskra kirkna í löndum sem falla undir sáttmálan.

karen@frettabladid.is

Dauðarefsingar í Singapur:

Hengdir fyrir smygl eiturlyfja

SINGAPÚR Tveir afrískir menn voru hengdir í Singapur á laugardaginn fyrir að smygla fíkniefnum til landsins. Annar manna var handtekinn á flugvöllinum í Singapur árið 2004 þar sem hann reyndi að smygla inn í landið miklu magni af heróíni. Hinn maðurinn var viðtakandi efnisins og var handtekinn skömmu síðar. Í Singapur eru afar hörð viðurlög við fíkniefnabrotum og hefur ríkið oft verið gagnrýnt fyrir dauðarefsingar sínar. Fyrir rúmu ári síðan var ungur Ástrali tekinn af lífi í Singapur fyrir fíkniefnasmygl og í kjölfarið sættu stjórnvöld í Singapur harðri gagnrýni.

- tho

Þekktur hryðjuverkamaður:

Féll í bardaga við lögreglu

INDÓNESÍA, AP Sá meinti hryðjuverkamaður í Suðaustur-Asíu sem yfirvöld hafa lagt mesta áherslu á að ná var drepinn ásamt fjórtán öðrum í bardaga á eyinu Sulawesi í Indónesíu, að því er yfirvöld greindu frá í gær.

Talið er að maðurinn, sem aðeins var þekktur undir nafninu Mahoud, hafi verið einn af forsprökkum Jemaya Islamiya-hryðjuverkahópsins, sem tengist al-Kaída og er grunaður um nokkrar blóðugar árásir síðan árið 2000.

Hópar heitruiaðra múslima og nokkrir þingmenn hafa gagnrýnt lögregluna fyrir að óhóflega valdbeitingu. Talsmaður lögreglunnar hafnar því.

- sdg

LÖGREGLUFRETTIR

Velti bíl í Seyðisfirði

Bíll valt í Seyðisfirði um klukkan ellefu í gærmorgun. Fjórir voru í bílnum, þrír fullorðnir og unglingsstúlka, og hlutu þau minniháttar meiðsl. Billinn er mikið skemmdur og jafnvel ónýtur. Óhappið er rakið til hállu.

Nýtt úrræði fyrir börn með tilfinninga- og hegðunarvanda á Suðurlandi:

Nýtt úrræði og tímabært

MENNTUN „Þetta er nýtt úrræði fyrir börn með tilfinninga- og hegðunarvanda. Með þessu erum við ekki að tala gegn lyfjagjöfum heldur bjóða upp á fleiri úrræði, en slíkt hefur skort hér á landi og því er þetta tímabært,“ segir Kristín I. Bragadóttir, sálfræðingur og verkefnastjóri Gaulverjaskóla.

Gaulverjaskóli er samstarfsverkefni sveitarfélaga á Suðurlandi, menntamálaráðuneytisins og Velferðarsjóðs íslenskra barna. Tíu nemendur með hegðunarvanda, á aldrinum tíu til sextán ára, eru við skólann og sjö starfsmenn. Tilraunaverkefnið er til þriggja ára og er áætlaður kostnaður um 110 milljónir króna. Markmið þess er að auka færni barnanna í samskiptum og námi en úrræðin sem notuð eru byggjast á svonefndri ART-meðferð sem byggist á félagsfærniþjálfun, reiðistjórnun og síðferðisþjálfun. Meðferðin er ný hér á landi en að sögn Kristínar hefur hún verið reynd með góðum árangri í Noregi og víðar. Skilyrði fyrir inngöngu í skólann er að nemendum gagnist ekki vera í heimaskóla og að öll úrræði þar hafi þegar verið reynd án viðunandi árangurs.

Kristín segir verkefnið tvíþætt, annars vegar sé



NÝTT ÚRRÆÐI Guðni Olgeirsson frá menntamálaráðuneytinu, Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri Samtaka sunnleenskra sveitarfélaga, Kári Stefánsson, forstjóri íslenskrar erfðagreiningar og stjórnarmaður Velferðarsjóðs barna, og Kristín Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri Skólaskrifstofu Suðurlands undirrituðu þriggja ára samning um nýtt tilraunaverkefni á úrræði fyrir börn með hegðunarvanda. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL BJARNASON

það sérdeildin í Gaulverjarskóla en hins vegar haldi hún námskeið fyrir kennara á Suðurlandi um aðferðin þannig að þær verði innleiddar í þeirra starf.

- kdk

+ VEISTU AÐ VATN ER BESTI SVALADRYKKURINN?



Lágumli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur - Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrúkur - Blönduós - Hvamnstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður



www.lyfja.is

- Lífið heil

Við vitum ekki
hver þú ert ...



Auðkennislykillinn er samstarfsverkefni allra banka og sparisjóða á landinu sem miðar að auknu öryggi við notkun banka á Netinu. Allir notendur fá lykilinn sendan heim í pósti.

... nema þú notir Auðkennislykilinn

Á næstu vikum verður notendum gert skylt að nota Auðkennislykilinn við innskráningu í banka á Netinu. Nánari upplýsingar um Auðkennislykilinn eru að finna á www.audkenni.is eða hjá næsta banka eða sparisjóði.

**Tryggðu þér aukna vernd í bankaviðskiptum á Netinu
– taktu Auðkennislykilinn strax í notkun.**





1. Hvaða kona tekur þriðja sæti á lista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi í stað Hjálmars Arnasonar?

2. Hvaða tenniskona vann opna ástralska meistaramótið á föstudag?

3. Við rekstri hvaða kvikmyndahúss í Reykjavík tekur Sena á næstu mánuðum?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34



Á FÁKI FRÁUM Það hefur víðrað vel til útreiða í hlýindunum undanfarna daga. Í Elliðaárdalnum tók Óli frá Feti á sprett ásamt knapa sínum, Eyjólf Þorsteinsyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Mannleg mistök gerð við afgreiðslu í Herjólf:

Flugvélabensín var flutt með Herjólf

FLUTNINGAR Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri starfsþróunar- og samskiptasviðs Eimskips, segir mannleg mistök hafa orðið til þess að tankur með flugvélabensíni var fluttur milli lands og Eyja með Herjólf.

„Það er mikilvægt að það komi fram að við flytjum ekki flugvélabensín eða annan slíkan varning með Herjólf. Þetta gerðist einu sinni og vakti skiljanlega upp spurningar hjá fólki,“ segir Heiðrún og bætir því við að í kjöl-

farið hafi vinnureglur og ferlar verið grandskoðaðir upp á nýtt í fyrirtækinu.

Við viljum tryggja að þetta komi ekki fyrir aftur. Þarna var um að ræða starfsmann sem afgreiddi vitlaust og það á auðvitað ekki að gerast,“ segir Heiðrún.

Flugvélabensín er flutt með flutningaskipum milli lands og Eyja enda gilda strangar reglur um þann varning sem flytja má með farþegaferjum.

ATVINNULÍF OG UMHVERFI

FUNDARÖÐ SAMTAKA ATVINNULÍFSINS
2006-2007

UMHVERFISÁHRIF ÁLVERSINS Í STRAUMSVÍK - fyrir og eftir stækkun

Miðvikudaginn 31. janúar kl. 8:30-10:00

Húsi atvinnulífsins - Borgartúni 35 - 6. hæð

Erindi:

Guðrún Þóra Magnúsdóttir

leiðtogi umhverfismála hjá Alcan

Fyrirspurnir og umræður

Allir velkomnir - skráning á www.sa.is

eða í síma 591 0000

SKAPANNAUGELTINGASTOFN



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Vísindasamstarf Fornleifastofnunar og háskóla Aþenu:

Ólík menning og skapandi samstarf

FRÆÐI Fornleifastofnun Íslands (FÍ) hefur gert samkomulag við Háskólann í Aþenu um vísindasamstarf á sviði fornleifafræði. Samkomulagið nær til yfirstandandi og væntanlegra verkefna á sviði fornleifa- og umhverfisrannsókna.

Þjóðgarðurinn Pýþagoras á jafnframt aðild að samstarfinu, en hann nær yfir eyjarnar í austurhluta Eyjahafs og er lögð áhersla á rannsóknir á umhverfi og menningu í þágu efnahagslegrar uppbyggingar.

Adolf Friðriksson, forstöðumaður FÍ, segir að fornleifafræði sé þess eðlis að landamæri hennar fylgi ekki landamærum einstakra þjóðríkja nútímans. „Menningarsöguleg áhrif hafa flætt yfir byggð ból um aldir og ekki hirt um að spyrja eftir þjóðerni, uppruna eða tímabundnu ríkjaskipulagi. Þess vegna er mikilvægt að hafa greiðan aðgang að gagnasöfnum og rannsóknarhópum erlendis, til að geta borið nýja vitneskju héðan saman við þá sem erlendir kollegar búa yfir.“

Dr. Andreas Vasilopoulos, jarðfræðingur við háskólann í Aþenu, segir að auðvitað sé umhverfi og menning landanna ólík að mjög mörgu leyti en einmitt þessar andstæður séu lykillinn að skapandi samstarfi.



VIÐ EYJAHAF Adolf Friðriksson og dr. Andreas Vasilopoulos, þar sem sá síðarnefndi er að útskýra landbrot og minjagæðingu á suðurströnd Samos í Eyjahafi.

MYND/FÍ

Íslenskir og grískir vísindamenn hafa unnið að frumathugunum og samanburði á áhrifum eldgosa í þessum löndum á mannlíf til forna. Áform eru um samstarf um áhrif landbrots á menningarmenjar og rannsóknir á fornum þingminjum í Evrópu.

- shá

LEGACY

SUBARU

„Hey, þetta er Ísland“

www.subaru.is

„Norðurmýrin leynir á sér yfir veturinn. Það munar miklu að drífa almennilega í þessum litlu hallandi götum.“ Subaru eigendur vita að hann er allt öðruvísi en aðrir bílar. „Hann er bara svo öruggur, t.d. þegar maður fer upp í bústað. Krafturinn í honum skemmir samt ekkert fyrir.“ Það ætti enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru.

Sedan verð frá 2.490.000,- Wagon verð frá 2.640.000,- Cross Wagon verð frá 2.760.000,-

SYMMETRICAL AWD

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00



Subaru er á sérlega góðu verði þessa dagana og að sjálfsgödufylgja frá vetrardekk með.

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám vorið 2007

Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 34.300 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmum 20 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.



Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

● Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • 22 stundir/verð 24.500
Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/verð 10.900
Windows XP fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 10.900
Fingrasetning - tölvuvélritun • 6 stundir/verð: 6.900

● Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • 22 stundir/25.900
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • 18 stundir/34.900
Access III: Fjölvar og forritun með VBA • 36 stundir/52.900

● Word

Word 1a: Grunnur ritvinnslu • 9 stundir/verð 10.900
Word 1b: Betri ritvinnsla • 13 stundir/verð 16.900
Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • 22 stundir/verð 24.500
Word II: Framhald • 22 stundir/verð 26.900
Töflur og eyðublöð í Word • 4 stundir/verð 6.900
Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir/verð 16.900
Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 stundir/verð 6.900

● Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • 22 stundir/verð 22.500
Excel II: Sérhæfð notkun • 18 stundir/verð 29.900
Excel II: Fjármál, bókhald og endursk. • 18 st./verð 34.500
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • 32 st./verð 45.900

● PowerPoint

PowerPoint I: Glærur og kynningar • 13 stundir/verð 16.900
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • 9 stundir/verð 13.900
PowerPoint I + II • 22 stundir/verð 24.500

● Outlook

Outlook: póstur, tímareíða og verkefni • 13 st./verð 16.900

● Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • 13 st./verð 16.900

● Vefsíðugerð

FrontPage 2003 vefsíðugerð • 22 stundir/verð 24.500
DreamWeaver vefsíðugerð • 27 stundir/verð 29.900
DreamWeaver og Photoshop • 33 stundir/verð 49.900
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • 18 st./verð 24.900

● Myndvinnsla og grafík

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 stundir/verð 12.900
Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/verð 15.900
Photoshop: Ljósmyndir og grafík • 22 stundir/verð 26.900
Photoshop Elements • 13 stundir/verð 16.900
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • 18 stundir/verð 24.900

● FileMaker

FileMaker notendanámskeið • 18 stundir/verð 26.500
FileMaker 7.0/8.0: Forritun og notkun • 27 st./54.900

● Windows XP

Windows XP fyrir venjulega notendur • 9 st./verð 12.900

● Verkefna- og tímastjórnun

PRINCE2 verkefnastjórnun • 22 stundir/verð 49.900
Microsoft Project verkefnastjórnun • 22 st./verð 39.900
Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 14.900

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Vefhönnun og myndvinnsla



Þetta námskeið er ætlað þeim fjölmörgu sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að sjá um vef, hönnun hans og stjórnun. Námskeiðið er góður grunnur undir frekara nám og þekkingaröflun á þessu sviði.

Dagskrá:

- Hönnun og skipulag vefja. Farið er yfir hvernig byggja á upp vef á skipulegan hátt, svo að öll vinna við vefinn verði mun auðveldari.
- Forritun vefja með HTML. HTML er grunnurinn í vefsíðugerð og í þessum hluta námsins er kóðinn á bak við vefsíðuforritin skoðaður.
- Vefsíðugerð með DreamWeaver. Forritið er notað til að breyta texta yfir í HTML forritunarmálið sem notað er á Internetinu. Farið er mjög ítarlega yfir alla eiginleika DreamWeaver og kennt að nota forritið á fjölbreyttan hátt.
- Myndvinnsla og grafík. Kennt er á forritin Flash og Photoshop sem eru í fremstu röð grafískra forrita og notuð af fagfólki um allan heim.
- Notkun tilbúinna JavaScript eininga á vefsíðum. Nemendum er kennt að notfæra sér tilbúna JavaScript einingar til að búa til felligardínur og fleira.

Innifalín í þáttökugjaldinu eru ítarleg námsgögn á íslensku og ensku og í flestum tilvikum sýniseintök af þeim forritum sem notuð eru.

Lengd: 90 stnd./60 klst. Þriðju- og fimmtud. kl. 16:15-19:15. Hefst 8. febrúar
Verð: 99.900 • Allt að 3 ára lán.

MCSA og MCP netnám



▶ Netumsjón MCP

Þetta er besta námið fyrir þig ef þú vilt sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Lærðu grunnfræði netkerfa, Windows XP Professional SP2 (70-270) og Windows 2003 Server R2 (70-290). Tvö MCP próf innifalín. Hefst 6. febrúar.

Lengd: 121 st./81 klst. Verð: 159.900

▶ MCSA netstjórnun

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun og Exchange.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional SP2 (70-270), Windows 2003 Server R2 (70-290), Stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 R2 (70-291) og Exchange Server 2003 SP2 (70-284).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalín. Hefst 6. febrúar.

Lengd: 225 st./150 klst. Verð: 299.900

▶ Windows XP Professional MCP

Fyrsti áfangi þinn að MCSA gráðu (70-270).

Lengd: 60 stundir/39 klst. Verð: 89.900

▶ Windows Server 2003 MCP

Náðu tókum á netstjórnun strax (70-290).

Lengd: 60 stundir/39 klst. Verð: 89.900



Tölvuþekking fyrir konur



Þetta einstaka námskeið er ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölvu við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim konum sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennslu á námskeiðinu.

Kennslugreinar:

- Grundvallaratriði tölvutækinnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.

Lengd: 60 stundir/40 klukkustundir. Kennt á mánudags- og miðvikudagskvöldum kl. 19:30-22:30. Hefst 7. febrúar.
Verð: 47.900

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitid nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar

– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!



TÖLVU- OG VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is



ÍSLENSK-AMERÍSKA FÉLAGIÐ

AUGLÝSING UM STYRKI FYRIR SKÓLAÁRIÐ
2007 – 2008

Thor Thors styrkir til háskólanáms í Bandaríkjunum. Lausir eru til umsóknar styrkir úr Thor Thors sjóðnum til háskólanáms í Bandaríkjunum skólaárið 2007 – 2008. Umsækjendur skulu hafa lokið (eða ljúka í vor) námi til fyrstu gráðu háskólastigs (B.A., B.Sc., B.Ed. eða sambærilegri gráðu). Styrkhæft nám skal allt fara fram í Bandaríkjunum.

Umsóknareyðublöð má sækja á www.iceam.is þar sem almennar upplýsingar koma einnig fram. Umsóknir þarf að senda eigi síðar en 1. apríl 2007 til Íslensk-ameríska félagsins, Pósthólf 320, 121 Reykjavík.

Styrkur á námskeið við Haystack Mountain School of Crafts. Menningarsjóður Pamelu Sanders Bement og Íslensk-ameríska félagið auglýsa til umsóknar styrk fyrir listafólk til að sækja námskeið við Haystack Mountain School of Crafts í Maine. Tveir styrkir eru í boði, hvor að upphæð \$ 3.000. Námskeiðin eru ýmist 1 til 3 vikur hvert og eru haldin á tímabilinu 3. júní til 8. september 2007. Frekari upplýsingar um námskeiðin og kennslugreinar má finna á heimasíðu skólans á www.haystack-mtn.org.

Styrkur á námskeið við Luther College. Styrkur þessi er fyrir starfandi kennara til að sækja fjögurra vikna námskeið við Luther College í Decorah, Iowa í júlí 2007. Námskeiðið er á vegum Institute of American Studies for Scandinavian Educators og er ætlað til kynningar á bandarísku þjóðlífi og menningu. Styrkupphæð nemur \$ 2.000 og gengur hún upp í hluta útgjalda. Upplýsingar um þennan styrk veitir Hannes K. Þorsteinsson, hannes@ki.is hjá Kennarasambandi Íslands.

Umsóknareyðublöð má sækja á www.iceam.is. Umsóknir um styrk til Haystack Mountain School og til Luther College þarf að senda eigi síðar en 1. mars 2007 til Íslensk-ameríska félagsins, Pósthólf 320, 121 Reykjavík.

Yfirlýsing frá Jónu Hrönn Bolladóttur:

Kynnt í bekkjum

„Vinaleiðin er nýtt verkefni í Garðaprestakalli, nokkurs konar þróunarverkefni. Þetta er samstarfsverkefni kirkju og skóla. Prestur og djákni eru með viðtalsþjónustu og sálgæslu í fjórum grunnskólum, einn dag í viku í hverjum skóla. Þar sem verkefnið er nýtt er eðlilegt að börnin sem eiga kost á að nýta sér þjónustuna viti hverjir þjóna að vinaleiðinni og hvar þau eru staðsett í skólanum. Það er ekki óalgengt að það fari fram kynningar í bekkjum. T.d. kynna skátarnir, íþróttahreyfingin o.fl. starfsemi innan veggja skólanna. Starfsemi



JÓNA HRÖNN BOLLADÓTTIR

vinaleiðarinnar er ekki starfrækt inni í bekkjum. Prestur og djákni voru ráðin í verkefnið en ekki huldufólk,“ segir í yfirlýsingunni.

Snúið til Egilsstaða:

Neyðarástand í flugvél

VIÐBÚNAÐUR Neyðarástand skapaðist um borð í vöruflytingaflugvél Icelandair að morgni laugardagsins. Vélín var á leið frá Jönköping í Svíþjóð til Keflavíkur þegar viðvörðunarljós gáfu til kynna að eldur væri í farangursrými vélarinnar. Vélinni var snúið til Egilsstaða þar sem hún lenti heilu og höldnu rétt upp úr klukkan 9. Tveir menn voru í vélinni en þá sakaði ekki.

Allt tiltækt lið Brunavarna Héraðs og Borgarfjarðar var ræst út en fljótt kom í ljós að enginn eldur var í vélinni. Verið er að athuga hvað olli því að neyðarljós kviknuðu.

Vinaleiðin kynnt inni í kennslustund

Skólaprestur Hofstaðaskóla kynnti Vinaleið Þjóðkirkjunnar í kennslustund sama dag og sóknarprestur sagði opinberlega að slíkt væri ekki gert.

VINALEIÐ Jóna Hrönn Bolladóttir, sóknarprestur Garðaprestakalls, sagði í viðtali í sjónvarpsþætti hinn 9. janúar að þeir sem kynntu Vinaleiðina fyrir börnum í skólum landsins kæmu ekki inn í kennslustundir né þrýstu þeir á börnin að koma til sín.

Sama dag fór Hans Guðberg Alfreðsson, skólaprestur í prestakalli Jónu Hranar, inn í bekk í Hofstaðaskóla og talaði við börnin um „sárin á sálinni“ og sagði að hann og Vinaleiðin gætu hjálpað þeim að hlúa að sárunum.

Móðir nemandar í Hofstaðaskóla bendir á þetta ósamræmi í bréfi sem er birt að hluta til hér á síðunni. Í viðtali við Fréttablaðið sagði móðirin að henni hefði þótt skrítið að heyra barn sitt tala um að presturinn hefði sagst geta læknað örin á sálinni í bekknum, sama dag og Jóna hefði sagt í sjónvarpinu að ekki væri farið inn í bekkina.

Hans Guðberg segir að atvikið hafi bjagast mikið í frásögn. Hann hafi hvorki beðið börnin að sýna ör sín, né sagst geta grætt þau. Hann hafi einfaldlega bent á ör á eigin höfði og sagt að þegar hann hafi

slasað sig þar hafi hann farið á slysadeildina til að sauma sárið. Á sama hátt ætti að hugsa um sárin á sálinni, sem gætu komið af ýmsum áföllum. Þau ætti að ræða um og hlúa að, rétt sem líkamlegum sárum. Hann hafi svo bent á að til þessa væru til dæmis foreldrar, kennarar, námsráðgjafar, sálfræðingar og Vinaleiðin. Þessir aðilar gætu hjálpað til. „En ég hef aldrei nokkurn tíma gengið svo langt að lofa nokkrum lækningu á sárum á sálinni,“ segir Hans.

Aðspurður segir Hans að vettvangur Vinaleiðarinnar sé ekki í skólastofum, en „einhvern veginn verða krakkarnir að vita af þessu. Við vorum bara að kynna þetta tilboð einu sinni í hverjum bekk og svo búið.“

Þessar árlegu heimsóknir, segir Hans, eru „ákveðið verklag og í fullri samvinnu við skólann og alla hlutaðeigandi.“

Margrét Harðardóttir tók við stöðu skólastjóra Hofstaðaskóla um áramótin síðustu. Hún staðfestir að kynningin hafi verið gerð í samráði við deildarstjóra skólans en hún sjálf hafi ekki verið búin að



HOFSTAÐASKÓLI

kynna sér skipulagið nákvæmlega, eftir einungis viku í starfi.

Um framtíð Vinaleiðarinnar segir Margrét að framkvæmdin verði óbreytt út skólaárið en hún ætli að biða úrskurðar menntamálaráðuneytisins um réttmæti Vinaleiðarinnar áður en ákvörðun verði tekin um framhaldið. Í ljósi þeirra deilna sem upp hafa risið um þetta þróunarverkefni telur Margrét þó að „fólk hljóti að leggja mat á þetta upp á nýtt.“

klemens@frettabladid.is


Höldum óhreinindum á mottunni Úti- og innimottur fyrir íslenskar aðstæður



NOTRAX®

gólfmottukerfið

...fjarlægir óhreinindi og vætu af skóm
...hindrar að gólfið innandyrna verði hált
...heldur anddyrinu hreinu og snyrtilegu



Sigþóra Gunnarsdóttir
Sólumaður í verslun RV

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



TUNGLUB RV62178

25 Rekstrarvörur
ára 1982-2007

Bréf frá foreldri nemandar í Hofstaðaskóla

„Vinaleið byrjaði í grunnskóla dóttur minnar núna í haust án þess að ég gæfi því nokkurn gam. Í síðustu viku bryddaði dóttir mín upp á málefni þar sem skólapresturinn hafði komið inn í bekkinn og rætt við krakkana. Samkvæmt dóttur minni talaði presturinn um ör og fékk krakkana til að sýna örin sem þau hafa fengið á líkamann. Síðan benti hann þeim á að þetta væru ör sem aldrei færu. Þá fór hann að ræða um ör á sálinni og sagði að örin á sálinni gætu farið ef krakkarnir kæmu að tala við sig.

Ég sem foreldri er mjög ósátt við þetta tilboð prestsins og þá aðallega framsetninguna. Presturinn opnar þarna mjög viðkvæma umræðu og virðist hafa lofað einhverju sem jaðrar við kraftaverk, það er að afmá ör af sálinni. Ég er ósammála nálgun prestsins. [...]

Mér skildist að vinaleið væri stuðningur en ekki meðferð. Ég veit ekki hvernig skólaprestur skilgreinir þessi tvö hugtök en mér finnst hann þarna vera að bjóða meðferð. Nú vill svo til að dóttir mín þáði ekki tilboð skólaprests um viðtöl. Það er samt ekki erfitt að sjá fyrir sér að illa geti farið ef barn þiggur meðferð sem foreldri ber ekki traust til. Tögreitan sem þá gæti skapast milli foreldris og barns er engum til góds. Því sem er ætlað að gera heilt er þá farið að skapa sundrung.“
(Birt á www.sidmennt.is)

Ísland í bítið á Stöð 2, 9. janúar 2007

Jóna Hrönn Bolladóttir í morgunviðtali við þau Sigríði Arnlaugsdóttur (Sírý) og Heimi Karlsson.

Sírý: „Hvernig er hægt að verja minnihlutann svo að börn þeirra, sem ekki vilja Vinaleiðina, upplifi sig ekki sem eitthvað utangarðs og öðruvísi?“

Jóna Hrönn: „Sko, það er náttúrulega einfaldlega þannig, þessir fulltrúar eru ekki að koma inn í bekkina, tíma og bekkina. Þetta fólk kemur og er þarna í hverjum skóla einn dag í viku og þetta er tilboð um að koma til þeirra. Skiljið? Það er



SÉRA JÓNA HRÖNN BOLLADÓTTIR.
ÍSLAND Í BÍTIÐ 9. JAN.

ekki þannig að öll börnin séu skyldug til að koma.“

Heimir Karlsson: Ekki verið að þrýsta á þau?

Jóna Hrönn: „Nei nei, þetta er bara tilboð.“

Ungir ökumenn:

Símar og vinir trufla akstur

BLOOMINGTON, AP Í Bandaríkjunum hefur dregið úr því að ungir ökumenn aki ölvaðir. Á hinn bóginn valda þeir enn alvarlegum árekstrum vegna truflana sem þeir verða fyrir við aksturinn af völdum farþega eða farsíma.

Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem barnsjúkrahús og tryggingafyrirtæki í Philadelphia hafa birt.

Börnin setjast iðulega undir stýri þrátt fyrir óróleika, ótta eða þreytu sem myndu valda jafnvel reyndum bílstjórum verulegum erfiðleikum við aksturinn, að því er barnalæknirinn Flaura Winston segir, en hún hafði umsjón með rannsókninni. - gb

Sextán ára piltur slasaðist:

Opnuðu bíl-hurð á pilt

LÖGREGLUMÁL Sextán ára piltur slasaðist við að fá bílhurð í sig þegar hann var á göngu við Skutulsfjarðarbraut á Ísafirði um klukkan fimm í fyrrinótt. Vildi það þannig til að þegar bíll tók fram úr drengnum var farþega-hurð opnuð með þeim afleiðingum að hún skall á drengnum og hann féll harkalega niður í götuna. Pilturinn marðist töluvert en er óbrotinn.

Lögreglan fann ökutækið og bílstjóran, sem enn hefur ekki gefið upp hver það var sem opnaði hurðina. Ekki er enn vitað á hvaða hraða bíllinn var á en lögreglan segir skemmdir á bílhurðinni hafa verið miklar og höggið því talsvert. Málið er í rannsókn en bílstjórnin, sem er rúmlega tvítugur, var færður til yfirheyrslu í gær. - kdk



SEGOLINE ROYAL þykir hafa betri skilning á því sem brennur á fólki.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningabaráttan í Frakklandi:

Sarkozy þykir standa sig vel

PARÍS, AP Frökkum þykir Nicolas Sarkozy, forsetaframbjóðandi íhaldsmanna, standa sig betur í kosningabaráttunni en Segolene Royal, frambjóðandi sósíalista, ef marka má skoðanakönnun sem birt var í gær.

57 prósent svarenda segja kosningabaráttu Sarkozys vandaðri, en 25 prósentum fannst kosningabaráttu Royal vandaðri. Þá þótti 39 prósentum Sarkozy vera hugmyndaþráttari í baráttunni, en 33 prósent sögðu slíkt hið sama um Royal.

Aftur á móti þótti 40 prósentum Royal hafa betri skilning á því sem brennur á almenningi, en 38 prósent sögðu Sarkozy þar hafa vinninginn. - gb

LÖGREGLUFRETTIR

Sofnaði og velti bílnum

Ökumaður sofnaði undir stýri og velti bíl sínum við Hvanneyri um áttaleytið í gærmorgun. Þrír voru í bílnum, allt karlmenn á fertugsaldri, en engan sakaði alvarlega. Bíllinn er mikið skemmdur, ef ekki ónýtur.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Grand Hótel stækkað:

Tilbúið í mars

FRAMKVÆMDIR Nýbyggingin við Grand Hótel veur óneitanlega athygli vegfarenda. Báðir turnarnir sem nú er verið að byggja verða fjórtán hæða og tengdir eldri byggingunni með glerbyggingu. Áætlað er að stækkuninni verði lokið í mars og verða 205 herbergi tekin í notkun til viðbótar við þau sem eru í eldri byggingunni.

Vegfarendur hafa tekið eftir því hversu hratt hefur gengið að reisa turnana. Virðist mörgum sem einingunum sé smellt saman jafn auðveldlega og að byggja úr LEGO-kubbum. Vafalaust munu gestir framtíðarinnar njóta útsýnisins úr turnum, sérstaklega út á sundin.

ERTU MEÐ...

ÞITT EINTAK?

Pantaðu fleiri eintök á www.odd.is
eða hringdu í 515 5000

PRENTLAUSNIR 2007



Þú velur vinnsluhraða.



Aldrei fljótlegra að kaupa prentverk.

Verð á yfir 1000 prentlausnum.



Prentsmiðjan Oddi ehf. • Höfðabakka 3-7 • 110 Reykjavík • Sími 515 5000 • www.odd.is



HÁLFUR ÚT ÚR HÚSI Tæplega fimmtug kona villtist á bremsu og bensingjöf bifreiðar sinnar þegar hún hugðist aka út úr bílastæðahúsi í bænum Langenhagen, sem er norðantil í Þýskalandi. Afleiðingarnar blasa við á myndinni, en konan slapp ómeidd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eygló Harðardóttir sættir sig við niðurstöðu kjördæmisþings í Suðurkjördæmi:

Hlusta á raddir kjósenda

STJÓRN MÁL Eygló Harðardóttir, fjórði maður á framboðslista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi fyrir kosningarnar í vor, hefur ákveðið að hlíta niðurstöðu ædstu stofnunar Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi og halda fjórða sætinu þó að hún hafi verið óánægð með þá tillögu kjörnefndar að taka nýja konu inn á listann í stað þess að færa frambjóðendur upp um eitt sæti.

Á kjördæmisþingi Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi á laugardaginn kom fram tillaga kjörnefndar um að taka Helgu Sigrúnu Harðardóttur, skrifstofustjóra þingflokksins, inn í þriðja sætið á listan-

TEKUR NIÐURSTÖÐU

„Ég er í stjórn málum af því að ég hef trú á lýðræðinu. Það þýðir að þegar kosningar eru manni í óhag þá verður maður að geta tekið þeirri niðurstöðu,“ segir Eygló Harðardóttir.



um í stað Hjálmaris Árnasonar þingmanns, sem hættir í stjórn málum í vor. Stuðningsmenn Eyglóar lögðu fram tillögu um að láta niðurstöður prófkjörs flokksins gilda og færa

frambjóðendurna upp um eitt sæti en sú tillaga var felld með 59 atkvæðum gegn 49 atkvæðum. Síðan var tillaga kjörstjórnar samþykkt.

„Ég hef talað mikið um mikilvægi þess að virða leikreglur lýðræðisins og er í stjórn málum af því að ég hef trú á lýðræðinu. Það þýðir að þegar kosningar eru manni í óhag þá verður maður að geta tekið þeirri niðurstöðu. Ég hef fengið mikla hvatningu að halda áfram í stjórn málum. Ég er framsóknarkona í gegn og verð að hlusta á raddir þeirra 2.100 sem kusu mig og vildu hafa mig á listanum,“ segir Eygló.

- ghs

Lögreglan á Akranesi: Þrír handteknir með amfetamín

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akranesi handtók þrjá menn í fyrrinótt fyrir vörslu amfetamíns. Mennirnir, sem eru á aldrinum 20 til 35 ára, voru saman á ferð í bíl og við leit á mönnum og í bílnum fundust um sex grömm af amfetamíni.

Mennirnir viðurkenndu að eiga efnið og var þeim sleppt eftir yfirheyrslur.

Að sögn varðstjóra lögreglu eru mennirnir svokallaðir góðkunningjar lögreglunnar.

Nokkur erill var á Akranesi í fyrrinótt vegna ölvunar þótt nóttin hafi gengið stóráfallalaust fyrir sig.

- sh

Ætla í mál við Barnaperrar.is:

Meintur barna-níðingur kærir

LÖGREGLUMÁL Kæra hefur verið lögð fram til lögreglu á hendur tveimur ungum mönnum sem héldu úti vefsíðu á slóðinni barnaperrar.is þar sem þeir birtu nöfn og myndir af mönnum sem beruðu sig fyrir framan vefmyndavél í þeirri trú að þeir væru að tala við stúlkur á barnsaldri. Kærandinn er karlmaður sem fullyrt er að sé á einni myndinni á vefsíðunni. Annar aðstandanda síðunnar þóttist viss um að einn manna sem þeir fengu til að bera sig væri sá sem kærði og birti nafn hans. Vefsíðunni hefur nú verið lokað.

- sh

Innbyrðis átök Palestínnumanna með versta móti um helgina:

Kostuðu tvo drengi lífið

GAZA-BORG, AP Harðir bardagar geisuðu í Gaza-borg í gær milli Hamas-liða og Fatah-manna. Á þriðja tug manna hafa fallið í átökunum, sem hófust á fimmtudaginn. Íbúar þeirra hverfa þar sem harðast var barist flúðu heimili sín og fengu margir inni hjá ættingjum sínum.

Meðal þeirra sem týndu lífinu eru tveir drengir, annar tveggja ára en hinn tólf ára. Í Beit Lahiya, þar sem tólf ára drengurinn var drepinn, kveiktu ungmenni í hjólbörðum til að lýsa andstöðu sinni.

„Þetta er ekki okkar barátta,“ sagði 43 ára verslunarmaður þar í bæ. „Þetta er valdabarátta. Hvaða sök átti þessi strákur?“

Í Ramallah á Vesturbakkanum kom fólk einnig saman til að mótmæla innbyrðis átökum Palestínnumanna.

Liðsmenn bæði Hamas og Fatah hafa síðan stundað það að taka háttsetta félagar úr röðum andstæðinga sinna í gíslingu. Að minnsta kosti ellefu manns var rænt í gær, þar á meðal Fayyad al-Arba, leiðtoga Hamas í Nablus á Vesturbakkanum. Fimmtán Fatah-menn tóku hann fastan þar sem hann var staddur í banka, og fylgdust fjölmargir fréttamenn með aðförunum.

- gb

MÓTMÆLI Í RAMALLAH Palestínnumenn komu saman til að mótmæla innbyrðis átökum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



120 1886 2006

Minni og meðalstór fyrirtæki gegna þýðingarmiklu hlutverki í íslensku viðskiptalífi

Landsbankinn hefur á að skipa um 150 sérhæfðum starfsmönnum í fyrirtækjapjónustu sem kappkosta að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og trausta fjármálaráðgjöf. Þannig er minni og meðalstórum fyrirtækjum gert kleift að dafna og ná settu marki og á sama tíma stuðlum við saman að fjölbreyttu og kraftmiklu viðskiptalífi á Íslandi.

Landsbankinn er með vídtækasta útibúanet á landinu. Það tryggir viðskiptavinum okkar frábæra þjónustu og persónulega ráðgjöf sem tekur mið af þörfum hvers og eins.

Hafðu samband í síma 410 4000 eða með tölvupósti á fyrirtæki@landsbanki.is og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



Alvarlegar athugasemdir við kosningar á flokkspingi

Margrét Sverrisdóttir íhugar að kæra úrslit kosninga á landsþingi Frjálslynda flokksins. Hún fundar í dag með stuðningsmönnum um næstu skref. Magnús Þór Hafsteinsson segir mikinn fólksfjölda koma á óvart, en það séu vaxtarverkir. „Tryllt smölun á fundinum af hálfu fulltrúa í Nýju afli,“ segir Margrét Sverrisdóttir.

STJÓRNMÁL Fjölmargin var athugavert við kosningar á landsþingi Frjálslynda flokksins á laugardag, segir Margrét Sverrisdóttir, sem varð undir í varaformannskjöri á fundinum. Hún segir nauman sigur Magnúsar Þórs Hafsteinssonar í varaformannskjörinu hljóta að teljast áfall fyrir formann flokksins, sem hafi stutt Magnús með ráð og dáð. Hún hefur ekki tekið ákvörðun um framtíð sína í flokknum.

„Frankvæmd kosninganna fór algerlega úr böndunum,“ segir Margrét, sem segist hafa lagt það til við undirbúning landsþingsins að fólk þyrfti að skrá sig fyrir fram á þingið, en talað fyrir daufum eyrum.

„Það var tryllt smölun á fundinum af hálfu fulltrúa í Nýju afli,“ segir Margrét. Hún segist ekki gera athugasemd við talningu atkvæða, en ferlið fram að því hafi verið óviðunandi.

Til dæmis hafi þeir sem greiddu atkvæði ekki þurft að sýna persónuskilríki, og hún hafi sjálf séð í það minnsta einn mann með fleiri en einn kjörseðil. Einnig bendir hún á að kosið hafi verið í öll embættin í einu, þannig að þeir sem hafnað var í einni atkvæðagreiðslu hafi ekki átt kost á að sækjast eftir öðru embætti. Svo virðist sem varaformaður Nýs afli hafi greitt flokksgjöld fyrir 100 flokksmenn á einu bretti og fólk hafi einn verið að skrá sig um klukkan 17, þó að kosningar hafi hafist klukkan 15.

Margrét íhugar nú að kæra úrslit kosninganna, en segir þó að nóturlegt sé til þess að hugsa að þeir sem hlutu brautargengi í kos-



LANDSPING AÐ BAKI Magnús Þór Hafsteinsson varaformaður (til vinstri) og Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, ræddu stöðuna á landsþinginu. Í forgrunni er Margrét Sverrisdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL R.

ingum sem svona var staðið að muni að öllum líkindum sjálfir fá að fjalla um lögmæti kosninganna.

Hún segist enn ekki hafa gert upp við sig hver hennar framtíð innan flokksins verði, en ætlar að funda með stuðningsmönnum í dag til að meta framhaldið.

„Skipulagið var gott upphaflega, en þessi mikli fjöldi sem kom á stuttum tíma kom á óvart,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins. Hann segir að tekist hafi að vinna úr þeim vanda á endanum. Hann segist þó reiðubúinn að skoða hvort

breyta þurfi reglum um kosningar á landsþingi.

„Það má flokka þetta sem vaxtarverki, flokkurinn er ungur og hefur ekki mikla reynslu af svona kosningum,“ segir Magnús. „Við lærum bara af þessu og bætum okkur.“

Hann segir sitjandi forystu flokksins hafa sýnt mikinn pólitískan kjark með því að hafa kosningarnar svo opnar. „Við vildum fá það á hreint hvort flokksfólk væri ósammála okkar verkum og þeim málflutningi sem við höfum haldið á lofti,“ segir Magnús.

brjann@frettabladid.is



LANDSPING Kosið var um ýmis embætti á landsþingi Frjálslynda flokksins á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL R.

Kosið í embætti Frjálslyndra: Kolbrún ritari

STJÓRNMÁL Kosningar í önnur embætti í Frjálslynda flokknum féllu í skuggann af átökum um varaformannsembættið, en kjörið var í ýmis önnur embætti á flokkspinginu á laugardag.

Þrjár voru í framboði til ritara. Kolbrún Stefánsdóttir fékk þar 53,8 prósent atkvæða, Sólborg Alda Pétursdóttir 42,8 prósent og Guðrún María Óskarsdóttir 3,4 prósent. Daniel Helgason var kjörinn formaður fjármálaráðs, og meðstjórnendur í ráðinu voru kjörin þau Erna V. Ingólfssdóttir, Sverrir Hermannsson, Eyþór Sigmundsson og Mattías Sveinsson.

Sex aðalmenn voru kjörin í miðstjórn flokksins; þau Grétar Mar Jónsson, Pétur Bjarnason, Óskar Þór Karlsson, Ásgerður Jóna Flosadóttir, Höskuldur Höskuldsson og Hanna Birna Jóhannsdóttir.

- bj


Melabúðin, stofnuð: 1956
Fjöldi starfsmanna: 35
Soðin lambasvið: 749 kr. kg
Fjöldi kúna á dag: 1148

Þín starfsemi skiptir okkur öll miklu máli

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

Svona erum við

> Fjöldi ræktaðra refa á Íslandi 1980-2005



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: STJÓRNARSKRÁRSÁTTMÁLI EVRÓPUSAMBANDSINS

Reynt að blása lífi í hálfdautt plagg

Fulltrúar frá átján af alls 27 aðildarríkjum Evrópusambandsins komu saman á Spáni í gær til að ræða stjórnarskráráttmála sambandsins, sem hefur legið í salti síðan íbúar Frakklands og Hollands höfnuðu honum í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2005.

Ráðamenn allra aðildarríkjanna, sem þá voru 25, undirrituðu sáttmálann vorið 2004, en til þess að hann taki gildi þurfa öll ríkin að staðfesta sáttmálann, ýmist með þjóðaratkvæðagreiðslu eða með samþykki þings.

eindregnum stuðningi við sáttmálann og hvatt landsmenn sína til að samþykka hann. Þessi niðurstaða varð til þess að þau sjö ríki, sem þá áttu eftir að staðfesta sáttmálann, ýmist hættu við eða frestuðu öllum áformum um það.

Hver var tilgangurinn?

Hugmyndin var sú að stjórnarskráráttmáli Evrópusambandsins tæki við af fyrri samningum sem nú mynda lagalegan grundvöll þess. Sáttmálann átti að einfalda ákvörðunartöku sambandsins og gera hana lýðræðislegri.



Hvers vegna var hætt við?

Næri 55 prósent Frakka og rúmlega 61 prósent Hollendinga höfnuðu stjórnarskráráttmálanum þegar efnt var til þjóðaratkvæðagreiðslu um hann í maí og júní árið 2005. Þetta gerðist þrátt fyrir að stjórnarflokkarnir í báðum löndunum hafi lýst yfir

Er von um endurnýjun?

Til þess að sáttmálann verði að veruleika þurfa annað hvort Frakkar og Hollendingar að taka málið upp á ný og staðfesta samninginn eins og hann lá fyrir, og í framhaldinu þurfa hin sjö aðildarríkin í viðbót að staðfesta hann, eða breytingar að vera gerðar á sáttmálanum og hann lagður á ný fyrir öll ríkin, sem nú eru orðin 27, til staðfestingar.

SPURT & SVARAÐ

SKIMUN

Ekki rök fyrir flutningi



GUÐRÚN AGNARSDÓTTIR Forstjóri Krabbameinsfélagsins

telur ekki þörf á flutningi.

Hvernig er skimun háttað í dag?

Regluleg skimun hefur verið fyrir leghálskrabbameini í rúmlega 40 ár og þar hefur mjög góðan árangur. Lífun hefur aukist í báðum tilvikum og lífun fimm árum eftir brjóstakrabbameinsgreiningu er um 90 prósent og með því hæsta í heiminum.

Af hverju er talað um flutning?

Landsþítalinn hefur lýst yfir áhuga á að taka yfir þessa þjónustu. Þeir vilja bæta þjónustu við konur með brjóstakrabbamein, sem er auðvitað mikilvægt. En við sjáum ekki haldbær rök til þess að flytja þetta héðan. Við vitum ekki til þess að það hafi orðið nein stefnubreyting í heilbrigðisráðuneytinu varðandi þetta en samstarf milli okkar og Landsþítalans hefur verið mjög gott í gegnum tíðina og við viljum bæta það enn frekar, konunum í hag.

Loðnan er dyntótt kvikindi

Rannsóknaskipið Árni Friðriksson vinnur nú að stofnmælingum á loðnumiðunum fyrir austan land. Ágætis loðnuveiði hefur verið hjá íslenskum og norskum skipum. Áhersla er lögð á frystingu loðnunnar til að ná sem mestum verðmætum úr aflanum, en vel horfir með sölu á loðnuafurðum á vertíðinni.

Mörgum var létt þegar fréttir bárust um að loðna hefði fundist fyrir norðan land í byrjun janúar. Rannsóknaskip Hafrannsóknastofnunarinnar, Bjarni Sæmundsson og Árni Friðriksson, höfðu þá leitað að loðnu í rúma viku frá Vestfjörðum og að Langanesi. Engin loðna fannst fyrir vestan og það var ekki fyrir en við Kolbeinseyjarhrygg að menn fundu loðnu. Niðurstaða loðnumælinganna nú er að veiðistofninn sé rúmar 600 þúsund lestin. Ekki er útilokað að bætt verði við kvótann ef meira finnst af loðnu. Að óbreyttu stefnir í minnstu loðnuvertíð í 15 ár. Heildarloðnuveiðin á síðustu vertíð var 240 þúsund lestin en sjávarútvegsráðuneytið gaf út 180 þúsund lesta bráðabirgðakvóta fyrir yfirstandandi vertíð samkvæmt ráðleggingum Hafrannsóknastofnunarinnar.

Mikil en minnkandi verðmæti

Útflutningstekjur af þeirri loðnu sem nú hefur verið leyft að veiða til bráðabirgða gætu orðið allt að 5,5 milljarðar króna. Þá er gert ráð fyrir að frysta mjög stóran hluta þeirra 143.000 tonna, sem koma í hlut Íslands við fyrstu úthlutun. Verð á afurðum, bæði

fiskimjöli og lýsi og frystri loðnu, er mjög hátt um þessar mundir og eftirspurn mikil. Hvert tonn af loðnu upp úr sjó skilar um 20.000 krónum í útflutningsverðmæti, sé loðnan brædd, en 40.000 krónum sé hún fryst.

Vertíðin nú skilar líklega svipuðu aflaverðmæti og í fyrra. Árið 2004 voru útflutningsverðmæti loðnu 9,3 milljarðar króna, og tæpir 12 milljarðar árið 2003.

Horfni árgangurinn

Þótt stefni í minnstu loðnuvertíð í langan tíma þá er það ekki aðalatriði fyrir hagsmunaaðila og vísindamenn Hafrannsóknastofnunarinnar. Almennu eru menn guðs lifandi fegnir að verið sé að veiða loðnu, því svo horfði um tíma að hrygningarstofninn, sem borinn er uppi af 2004 árganginum, myndi ekki skila sér. Þangað til í janúar hafði aldrei tekist að mæla þennan árgang, hvorki sem seiði, unglöðnu eða fullorðna loðnu, þrátt fyrir margtrekaða leitarskipanir Hafrannsóknastofnunarinnar. Mikil liggur við því hver veiðilaus dagur á hefðbundinni vetrarvertíð kostar þjóðarþúið um 300 milljónir króna þegar vel gefur.

Í sögulegu samhengi

Fyrir nokkrum áratugum var lítið vitað um loðnu, nema hvað hún barst í feiknastórum torfum upp að Austurlandi á vetrum. Um miðjan sjöunda áratuginn hófust síðan veiðar og nokkrum árum síðar var hún orðin einn mesti nytjafiskur Íslendinga. Loðnuveiðar íslenskra skipa urðu mestar árið 1997 eða rúmlega 1,3 milljónir tónna, en meðaltalsafli síðustu ára hefur verið um 830 þúsund tonn. Loðnuafllinn hefur sveiflast mjög frá því veiðar hófust um 1963, eða allt frá því að vera nánast enginn í að vera um



DREIFING OG GÖNGUMYNSTUR LOÐNU 1978-2001 Rauðu flekkirnir sýna hrygningarsvæði, rauðu örvarnar sýna hrygningargöngu loðnunnar og ljósbláir flekkir sýna útbreiðslu unglöðnu. Grænu örvarnar sýna fæðugöngu að sumri eins og þær voru – hefur breyst síðustu ár og er óþekkt. Bláu örvarnar sýna göngurnar til baka (síðsumar og haust) og skyggða græna svæðið sýnir fæðusvæði fullorðinnar loðnu.

MYND/HJÁLMAR VILHJÁLMSÓN

og yfir eina milljón tónna. Þessar sveiflur þekkjast í öðrum loðnustofnum og hefur það gerst að veiðar hafa brugðist við Noreg og Kanada á sama tíma og þá hafa Íslendingar notið góðs af því og setið einir að mikilvægasta markaðnum, Japan, fyrir frystar loðnuafurðir.

Loðnuafurðir

Loðnan fór að langmestu til bræðslu árið 2003 og það sama á við flest ár. Það er mjög háð markaðsaðstæðum og loðnu-

vertíðum hverju sinni við Noreg og Kanada hve mikið af loðnu er fryst. Mjög fáar afurðir eru framleiddar úr loðnu aðrar en mjöl og lýsi. Þó eru framleiddar, auk heilfrýstrar loðnu, nokkrar gerðir kaviars úr loðnuhrognum. En það er sú gerð kaviars sem hentar til dæmis fyrir gyðinga þar sem þeir mega ekki borða afurðir úr fiskum sem ekki eru með hreistur, eins og grásleppu og styrju.

Loðnumjöl er sú afurð sem framleidd er í mestu magni og fer mjólið mest í fódurframleiðslu fyrir fiskeldi, enda er stærsta viðskiptalandið Noregur sem nýtir það einkum til að búa til laxafóður. Loðnulýsið fer eins og mjólið mest til fódurframleiðslu fyrir fiskeldi, og til Noregs fer mest af lýsinu. Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á frystingu loðnunnar til að ná sem mestum verðmætum úr aflanum, sem er eðlilegt þegar kvótinn er fimmtingur af því sem var þegar mest var.

Dregið úr sókn

Fá skip eru nú á miðunum vegna þess hversu aflaheimildir eru litlar. Margar útgerðir vilja treina kvóta sína til að veiða loðnu með meiri hrognafyllingu, en þá er hún verðmest til útflutnings til Japan. Skipstjórar á miðunum segja þó að margt bendi til þess að meiri loðna sé á ferðinni en fyrst var haldið sem gefur vonir um að ný mæling Hafrannsóknastofnunarinnar leyfi meiri veiði.



EKKI GLÓIR ALLT GULL Undanfarni ár hefur minna verið af loðnu á Íslandsmiðum og eru ýmsar skýringar nefndar sem orsök þess, til dæmis kólnandi sjór við strendur landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

LOÐNA (MALLOTUS VILLOSUS)

Loðnan er kaldsjávarfiskur sem lifir í Norður-Atlantshafi í Barentshafi við Ísland, Grænland og Kanada. Við Ísland heldur loðnan sig í kalda sjónum fyrir norðan land megnið af ævinni en gengur þó í hlýsjóinn sunnan og suðvestan Íslands til hrygningar. Útbreiðsla loðnuseiða á fyrsta ári getur verið allt umhverfis land, enda þótt mergð hennar sé yfirleitt mikil norðan lands. Aðalheimkynni kynþroska loðnu tveggja ára og eldri eru norðan og norðvestan lands. Eitt megineinkenni þessa stofnhluta er miklar fæðugöngur að sumarlagi (júlí-ágúst) meðfram straumskilum til svæðisins vestur

og norðvestur af Jan Mayen og aftur til baka að haustlagi. Hluti stofnsins getur þó haldið sig sunnar, í Grænlandssundi og norðan Íslands. Loðnan er uppsjávarfiskur en hún hrygnir botnlægum eggjum. Flestir fiskar, einkum botnfiskar, lifa á loðnu einhvern tíma á æviskeiði sínu. Mest kveður að loðnuáti í mars þegar hún gengur til hrygningar. Loðna verður þá auðveldari bráð þar sem vaxandi hrognafylling er líkleg til að draga úr hæfni hennar til að forðast afán. Ennfremur dregur hrygningin loðnuna til dauða og er hún þá auðfengin bráð.

Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands

JANÚARTILBOÐ

Á vetrar og heilsársdekkjum fyrir fólksbíla!

Bestu dekkín átta ár í röð!*

TOYO

Vagnhófa 23 - S: 590 2000

Sudurströnd 4
Sími 561 4110



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSÓN
svavar@frettabladid.is



599 kr/pk.
Ostafylltar ýsurúllur



799 kr/kg.
Smálúðuflok



999 kr/kg.
Hornafjarðarhumar



599 kr/kg.
Línuýsa í bitum 1 kg. - roðlaus/beinlaus



199 kr/stk.
Skinney síld 800 ml.

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda í dag.
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi

Frjálslyndi flokkurinn þarf að endurheimta trúverðuleika sinn eftir atburði helgarinnar.

Flokkur í vanda

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Kosningar til Alþingis nálgast. Rótgrónu flokkarnir eru að leggja lokahönd á skipun lista sinna en rót setur mark sitt á flokka og framboð sem ekki eiga jafn djúpar rætur.

Tíðindi síðustu viku um kloffing í röðum þeirra sem hafa tekið sig saman um framboð öryrkja og aldraðra undirstrika létt vægi slíkra framboða. Sérframboð um afmörkuð málefni, sem vissulega geta verið brýn eins og málefni öryrkja og aldraðra eru, hafa aldrei verið líkleg til árangurs. Allra síst þegar þau eru klofin áður en einu sinni er byrjað að stilla upp lista.

Frjálslyndi flokkurinn átti þó sviðið um helgina enda var þar haldið landsþing eftir allstormasama tíma sem staðið hafa í flokknum síðan í haust, þegar félagar í Nýju afli gengu til liðs við hann með áherslur sínar um auknar takmarkanir á fjölda útlendinga sem hingað flyst.

Uppákoma af þessu tagi gefur tilefni til að draga í efa að Frjálslyndi flokkurinn geti verið trúverðugur samstarfsaðili við myndun ríkisstjórnar.

Frjálslyndi flokkurinn er í vanda. Hann hefur komið vel út úr skoðanakönnunum, mun betur en frá síðustu kosningum. Sú þróun hófst áður en Nýtt afl gekk til liðs við flokkinn en áherslubreytingin hefur fest fylgisaukninguna í sessi að því er virðist.

Á landsþinginu um helgina tókust á fylkingar í þessum unga og nokkuð sundurlausa flokki. Margrét Sverrisdóttir sem í augum margra er nánast persónugerving Frjálslynda flokksins eftir að faðir hennar, Sverrir Hermannsson, hætti beinni þátttöku í pólitík og bakland hennar tókust á við sitjandi forystu sem fengið hefur nýtt og auknið bakland í félagum Nýs afls.

Að mati Margrétar Sverrisdóttur, sem bauð sig fram gegn sitjandi varaformanni, Magnúsi Þór Hafsteinssyni, og laut í lægra haldi, fór framkvæmd kosningana úr böndunum. Margrét heldur því fram að kosningaferlið allt hafi verið óviðunandi. Kosnið hafi verið í öll embætti í einu, ekki hafi verið krafist persónuskilríkja við atkvæðagreiðslu og fólk hafi enn verið að skrá sig í flokkinn tveimur klukkustundum eftir að kosning til embætta hófst á landsþinginu. Margrét íhugar að kæra úrslit kosninganna og hefur ekki gert upp við sig hver framtíð hennar innan flokksins verður.

Ljóst er að flokkur sem vill láta taka sig alvarlega getur ekki unað við uppákomur sem þessa. Skýring hins nýendurkjörna varaformanns um vaxtarverki í flokknum eru engan veginn viðhlítandi. Uppákoma af þessu tagi gefur tilefni til að draga í efa að Frjálslyndi flokkurinn geti verið trúverðugur samstarfsaðili við myndun ríkisstjórnar.

Á næstu vikum skýrist hvers konar flokkur Frjálslyndi flokkurinn verður í aðdraganda kosninga. Það skiptir máli, ekki bara fyrir fylgi Frjálslynda flokksins sjálfs heldur ekki síður fyrir hina flokkana. Fyrir þá getur skipt sköpum hvert Frjálslyndir sækja fylgi sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson **ADSTODARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arnís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871



ABC-kort

Hjálpaðu bágstöddum börnum og njóttu afsláttar í leiðinni



Með ABC-kortinu færðu 10% afslátt í verslunum 66°Norður um land allt og 1% af upphæðinni rennur beint til ABC-barnahjálpar.



Þú sækir um ABC-kortið hjá Netbankanum á www.nb.is



FRÁ DEGI TIL DAGS

Kosningastjórnir

Nú liður að því að stjórnámálflokkarnir skipi kosningastjórnir til að undirbúa kosningabaráttuna í vor. Sjálfsgætt hafa allir verið á fullu í málefnavinnu sem leggur grunninn að stefnumótuninni. Innan Sjálfstæðisflokksins hefur verið skipaður vinnuhópur sem á að hefja þennan undirbúning áður en formligarátt hest. Hafa þeir Andri Óttarsson, framkvæmdastjóri flokksins, Þórlindur Kjartansson og Þórir Kjartansson komið að þeirri vinnu ásamt fleirum. Allir eru þeir miklir reynsluboltar þegar kemur að kosningum, innan flokks og utan.



Vinsælt par

Þorralblót sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík var haldið í Súlnasal Hótel Sögu á laugardagskvöldið. Voru þar margir sjálfstæðismenn saman komnir til að blóta þorra. Blótstjóri var Illugi Gunnarsson, frambjóðandi flokksins í Reykjavík. Heiðursgestur var Guðlaugur Þór Þórðarson, sem er kominn á ról eftir að hafa brennst illa á baki fyrir jólin og dvalið á spítala fram yfir áramót. Virðast þeir Illugi og Guðlaugur vera vinsælt par á samkomum því fyrr um daginn töluðu þeir báðir á opnum fundi Sjálfstæðisflokksins um umhverfi og velferð.



Jón Þingforseti
Jón Magnússon, sem oftast er kenndur

við Nýtt afl, var kjörinn Þingforseti Frjálslynda flokksins á laugardaginn við hlið þess sem hafði gegnt starfinu daginn áður. Ekki er vitað af hverju en þennan dag fóru kosningar á þinginu fram. Sumir segja þetta dæmi um þau tók sem fyrrum liðsmenn Nýs afls hafa á flokknum og kom það fram í kosningum til annarra embætta en varaformanns. Ásgerður Flosadóttir, einnig frá Nýju afli, var dugleg að smala ásamt fleirum. Sumir kvarta yfir lítilli umfjöllun um málefnavinnu þingsins. Í gær var ekki hægt að fá samþykktar ályktanir né heldur upplýsingar um lagabreytingar. bjorgvin@frettabladid.is

Gin og tónik í Grænuborg

Bakhjarlar Íraks-stríðsins breyta nú hver af öðrum. Hrinan hófst síðastliðið haust þegar húsvarur fréttamaður í Hvíta húsinu gaf út skaðandi bók „State of Denial“ eftir Bob Woodward er kannski engin skemmtileysing, þunglamalega skrifuð og laus við tilþrif, en dýrmæt engu að síður. Hún dregur upp dökka mynd af Rumsfeld, Rice & co. Þrátt fyrir strangan íhaldssvipinn og ábúðarfull augun virðast þau ekki hafa verið traustsins verð. Þau voru ekki beint „á tánum“ í Írak. Þess vegna stendur landið nú í ljósum logum. Endirinn var ekki skoðaður í upphafi.

Og nú skeiða fram sjálfir „arkitektar stríðsins“, hinir frægu nýhaldsmenn Bandarískra stjórnmála, og saka Bush-liðið um slóðaskap í stríðsrekstrinum. „Ég skil nú sovéská hershöfðingjann Akhromojev sem framdi sjálfsmorð árið 1991 eftir að lokatilraun kommúnista til ná aftur völdum í Kreml fór út um þúfur. Lífsstarf hans var orðið að engu,“ segir Kenneth Aldeman í samtali við bandaríska tímaritið Vanity Fair. „Okkar starf er líka orðið að engu og það er Bush að kenna.“ Aldeman þessi skrifaði fræga grein í Washington Post í febrúar 2002 þar sem hann fullyrði að frelsun Íraks yrði eins og „að fara út í sjoppu“. Hann gekk síðan út úr Hvíta húsinu daginn eftir að Bush hafði veitt Bakkabræðrum Íraksstríðsins (George Tenet, Tommy Franks og Paul Bremer) æðstu orðu Bandaríkjanna. „Það var þá sem ég uppgötvaði að þetta var allt tómt grín,“ segir Aldeman.

Fleiri tjá sig við Vanity Fair: Gamall ræðuritari Bush (m.a. sá sem reit hina frægu „öxull hins illa“-ræðu), fyrrum yfirmaður CIA og meira að segja sjálfur Richard Perle, svalasti haukurinn í Washington, sem var einn helsti



HALLGRÍMUR HELGASON
Í DAG | Írak

hvatamaður stríðsins. Hann segir nú: „Ef ég hefði þá séð fyrir útkomu innásarinnar, það sem við horfum upp á í dag, og fólk hefði spurt mig: Eignum við að ráðast inn í Írak? hefði ég líklega svarað: Nei.“

Í bók Woodwards er mörgum tíðrætt um þau reginmistök Bandaríkjanna að leysa upp íraska herinn og reyna ekki að virkja hermenn Saddams. Nú eru þeir allir orðnir að borgarskæru-liðum með fullar hendur af sprengjum úr vopnabúrum gamla einræðisherrans. Þá hafi menn verið of seinir að skipa heima-mönnum í stjórni og innrásin öll verið hálfgerð túristaferð. Nýhaldsmennirnir taka undir þetta. „Við áttum að láta Íraka steypa styttni af Saddam um koll, á sama hátt og við létum Frakka fara fyrir sigurgöngunni inn í París '44,“ segir fyrrum yfirmaður CIA, James Woolsey. „Við flöskuðum á því að hafa einhverja heimamenn með okkur frá byrjun. Þetta er eins og ef Sjöunda herdeildin hefði verið send til að berjast við Apache indjána í Arizona 1870 án þess að hafa neinn úr þeirra hópi með sér. Við fórum inn í Írak eins og túristar, án nokkurs sem þekkti til í landinu. Ég meina, halló!“

Michael Rubin starfaði í Bagdad á upphafsárum stríðsins og talar bæði persnesku og arabísku. Til meginmistaka sinna manna telur hann myndun „Grænuborgar“ (the Green Zone).

Skömmu eftir innrás var hluti Bagdad-borgar veggirtur og gerður að „öruggu“ svæði fyrir landstjórnann Paul Bremer og yfirmenn innrásarhersins. Grænuborg varð fljótt að gerviheimi sem villti mönnum sýn. Þeir sem þar bjuggu höfðu enga hugmynd um ástandið utan veggirtra múrana, hið raunverulega ástand í Írak, þar sem jafn margir féllu í mánuði hverjum og dóu þann 11. september í New York.

Richard Perle tekur undir þessi orð og segir sögu sem hann heyrði frá íröskum ráðherra. Vinur ráðherrans var fenginn til að leigja vöruskemmu til eins af verktökum Grænuborgar. Þar skildi geyma klaka fyrir drykki Bandaríkjanna. Manninum fannst þetta einkennilegt og spurði hvort þeir ætluðu virkilega að geyma ís í þeirri heitu borg, Bagdad? Væri ekki betra að framleiða ísinn jafnóðum? Svandið sem hann fékk var að klakinn væri búinn til í Kúvæt, hálf dagleið í burtu. Þaðan væri honum ekið í vörutrukkum sem stöðugt væri skotið á, svo höfðingjarnir fengju sinn gin og tónik. Perle er greinilega heitt í hamsi: „Þarna erum við samsagt að leggja strákana okkar í bráða lífshættu við að verja vörutrukka, með þyrlum og tilheyrandi, bara til þess að flytja einhvern helvítis klaka frá Kúvæt til Bagdad!“

Ísinn bráðnar í Bagdad og það hitnar undir Bush. Bók Woodwards geymir margar lýsingar á seinangangi og skilningsleysi stjórna hans. Lesandinn á jafnvil erfiðt með að átta sig á því hver það er eiginlega sem stjórna stríðsrekstrinum.

„George Bush situr ekki við stjórnaumana heldur hangir hann í þeim,“ segir Perle.

Ekki mun því yfir miklu að skála í Írak á næstunni, þótt nægur sé klakinn.

Enn ein atlagan að landsbyggðinni

UMRÆÐAN

Hækkun fargjalda

Nú hefur Eimskip tilkynnt um hækkun á fargjöldum með Herjólf, þjóðvegi Eyjamanna. Verðhækkunin verður yfir 10% og þótti mörgum nóg fyrir. Eftir hækkunina mun fjögurra manna fjölskylda, á fullu fargjaldi, greiða um 16.000 krónur til að komast fram og til baka á fjölskyldubílnum. Og þetta gjald þurfa Eyjamenn að greiða í hvert sinn sem þeir bregða sér bæjarleið. Ég er hrædd um að heyrðist hljóð úr horni ef íbúar höfuðborgarsvæðisins þyrftu að borga 16.000 krónur í hvert sinn sem þeir skryppu á Þingvöllum eða suður í Hafnarfjörð.

Ég er hrædd um að heyrðist hljóð úr horni ef íbúar höfuðborgarsvæðisins þyrftu að borga 16.000 krónur í hvert sinn sem þeir skryppu á Þingvöllum eða suður í Hafnarfjörð.

Þá kemur þessi skattur mjög illa niður á atvinnulífinu í Eyjum. Flutningskostnaður til og frá Vestmannaeyjum er þegar svo mikill að hann hamlar



EYGLÓ HARDARDÓTTIR

mjög vexti og viðgangi fyrirtækja. Þannig þurfa eigendur vöruflytningabifreiða að greiða mun hærra gjald en almennir farþegar. Ætli fyrirtæki að fara með 7 metra flutningabil fram og til baka er gjaldið í Herjólf yfir 30.000 krónur. Það sér það hver heilvita maður að þetta er ekki eðlilegt.

En er ekki bara rétt að Eyjamenn borgi brúsann? Þeir tóku jú ákvörðun um að búa á þessu sker. Raunin er bara sú að það er verið að mismuna íbúum Vestmannaeyja þar sem þessi veggjöld eru ekki innheimt neins staðar nema í Hvalfjarðargöngum og í Herjólf. Ríkið er því í raun að niðurgreiða allar aðrar samgöngur. Nei, óréttlát gjaldtaka í Herjólf er ekkert annað en sértekur dreifbýlisskattur á byggð í Eyjum. Af þeim hafa Eyjamenn fengið nóg.

Ég mun ekki sætta mig við sértæka landsbyggðarskatta af þessu tagi. Gildir þar einu hvort um er að ræða fargjöld með Herjólf, auðlindagjald eða olúgjald, en öll þessi gjöld leggjast harðast á íbúa hinna dreifðu byggða.

Nú er mál að linni.

Höfundur er varaþingmaður framsóknarmanna í Suðurlkjördæmi.



ÚTSÖLULOK

Takmarkað
magn

allt á að seljast

Gildir meðan
birgðir endast



20-70%
afsláttur



3+2 sæta
kr. 69.000



Sófasett
Heilsudýnur



King dýnur frá kr. 50.000
Útlitsgallaðir rafmagnsbotnar



Náttborð
Höfuðgaflar
Kommóður



Smávara og gjafavara



Má prúttu



Klettháls 13

Inngangur

HÚSGÖGNIN
HEIM

AKUREYRI



Svefn & heilsa



www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

SPJALLPÁTTADROTTNINGIN OPRAH WINFREY ER 53 ÁRA Í DAG.

„Ég er ennþá með fæturna á jörðinni. Ég er bara í betri skóm.“



PETTA GERÐIST: 29. JANÚAR 1886

Sótt um einkaleyfi á Motorwagen

Karl Benz, stofnandi bílafyrirtækisins Benz, sem seinna varð Daimler-Benz, Mercedes-Benz og DaimlerChrysler, var frumkvöðull í bílaiðnaðinum. Hann er almennt talinn vera faðir bensindrífna bífreidda. 29. janúar 1886 sótti Benz

um einkaleyfi á bífreiddinni sem hann kallaði Motorwagen, en hún er talin vera fyrsta farartækið sem byggt var með það fyrir augum að vera vélknúfið. Motorwagen var á þremur hjólum og stáði af léttustu vél sem þá hafði verið framleidd, en hún var um 100 kíló.



Í ágúst 1888 fór Bertha Benz, eiginkona frumkvöðulsins, í fyrstu lengri bílferðina sem farin hafði verið í Motorwagen þegar hún keyrði um 106 kílómetra. Hún vildi sýna eiginmanni sínum fram á að með rétttri markaðssetningu, sem hann hafði vanrækt, gæti bílferðin

orðið uppspretta fjárhagslegrar velgengni. Bertha lagðist í ferðina án þess að bóndi hennar vissi af og tókst ætlunarverk sitt með þryði. Bæði vakti hún mikla athygli á farartæki sínu, og eins varð hún vör við ýmislegt sem betur mátti fara í hönnun bílferðarinnar.

PETTA GERDIST

- 1845 Hrafninn, ljóð Edgars Allan Poe, er gefið út í fyrsta sinn.
- 1891 Liliuokalani er útnefnd síðasta drottning Hawaiíeyja.
- 1979 Deng Xiaoping, staðgengill forsætisráðherra Kína, hittir Jimmy Carter, forseta Bandaríkjanna, í Hvíta húsinu.
- 2000 Innsigli er rofið á kassa sem hafði verið afhentur Landsbókasafni til varðsveislu árið 1967. Í kassanum voru bréf til Erlendar Guðmundssonar í Unuhúsi frá Halldóri Laxness, Þórbergi Þórðarsyni og fleirum.
- 2002 Bush Bandaríkjaforseti flytur nú fræga ræðu sína um öxulveldi hins illa.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI

Stefán Ólafsson
prófessor við
HÍ er 56 ára.



Bjarki A. Brynjars-
son, deildar-
forseti við
HR, er 41
árs.




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Eðvarð Þór
Eðvarðsson
fyrirum
sundkappi
er 40 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



HALLGRÍMUR SNORRASON Gerir sér dagamun með afmælisplökkfiski í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

HALLGRÍMUR SNORRASON HAGSTOFUSTJÓRI: SEXTUGUR Í DAG

Í mörg horn að líta

Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri er sextugur í dag. Hann áformar engin stórkostleg veisluhöld í tilefni dagsins. „Þetta verður svona frekar á lágu nótnum. Ég ætla að hella upp á kaffi fyrir samstarfsmenn mína hérna á Hagstofunni seinni part dagsins, og ætli nánasta fjölskyldan borði svo ekki saman góðan plökkfisk um kvöldið. Það er afmælistaturinn minn,“ sagði Hallgrímur. Hann útlókar þó ekki að blásið verði til stærri veislu þegar fram líða stundir. „Konan mín á afmæli á næstunni líka, þannig að það gæti nú verið að við sláum einhverju saman svona fyrir fjölskylduna,“ sagði hann. Hallgrímur lítur ekki svo á að sextugsafmælið sé sérstök tímamót. „Þetta er kannski frekar áminning um að manni fer aftur en ekki fram,“ sagði hann kíminn. Að hans mati býður

lífið upp á ýmisleg tímamót og marga möguleika á að gera sér dagamun. Afmæli eru einn liður í því. „Maður kemst nú ekki undan þessu, svo þá er um að gera að gera eitthvað úr því, eða njóta augnabliksins að minnsta kosti á meðan það varir,“ sagði Hallgrímur. „Afmæli eru skemmtileg, það eru allir góðir við mann á afmælisdaginn og enginn mjög stygur. Það er líka gaman að láta stjarna við sig, en það munar litlu hvort maður er fimmtíu og níu ára eða sextugur,“ sagði hann. „Annars finnst mér nú að maður verði aðallega var við aldurinn á sjálfum sér með því að horfa á barnabörnin vaxa. Hann speglast í þeim,“ bætti Hallgrímur við.

Það er nóg að gera hjá Hallgrími á Hagstofunni, sem hann hefur stýrt styrkir hendi í heil 22 ár. „Það er í mörg horn að líta, og ég hugsa að

okkur leiddist öðruvísi. Ég held að daginn sem við uppgötum að það sé lítið að gera ættum við að fara að finna okkur eitthvað annað,“ sagði hann. Tilhugsunin um að hægja á sér er Hallgrími þó ekki algjörlega frama. „Það kemur örugglega að því innan tíðar. Líka af því að ég er einfaldlega búinn að vera hér það lengi að það fer að verða tímabært að hleypa einhverjum öðrum að. Það eru ekki aðrir hagstofustjórar í kringum okkur sem eiga lengri starfsaldur,“ sagði hann.

Hallgrímur getur þó ekki ímyndað sér hvað hann myndi þá taka sér fyrir hendur, en helgur steinn er enn víðs fjarri. „Það eru næg verkefni, en svo gæti náttúrulega verið lítið svo á að maður væri bara úr sér genginn. En eitthvað má nú notast við mann ennþá, hugsa ég,“ sagði hann spöskur.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu, hlýhug og samúð við fráfall ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Vilhjálms Ólafssonar
bónnda frá Kollsá II.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heimahjúkrunar og Heimahlýnningar.

Fyrir hönd aðstandenda,

Ólöf Björnsdóttir.



Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samhug og hlýju vegna andláts og útfarar

Önnu Brynjólfsdóttur
Víðilundi 6b, Akureyri.

Guð blessi ykkur.

Erla Halls
Brynleifur Hallsson
Theodór Hallsson
og öll ömmubörnin stór og smá.

Guðjón Þór Helgason
Emma Magnúsdóttir
Halla Snorradóttir

Sigurbjörg Tinna send heim

Sigurbjörg Tinna Gunnarsdóttir féll úr keppni í X-Factor á föstudagskvöld þegar fyrsta úrslitakvöldið fór fram í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum í Smáralind.

Úrslitakeppnin fór fram í Vetrargarðinum fyrir fullum sal gesta sem hvöttu sína keppendur áfram. Keppendur stóðu sig flestir með þryði Dóm-ararnir þrír, þau Palli, Ellý og Einar, voru engu að síður í essinu sínu, hvöttu sitt fólk áfram til dáða og gáfu fyrirheit um það sem koma skal; öttu kappi hvert við annað og hömпуðu sínum keppendum. Einkum voru það Palli og Ellý sem elduðu grátt silfur saman og má búast við áframhaldandi föstum skotum þeirra á milli - enda himinn og haf á

milli smekks þeirra og áherslna.

Þegar niðurstöður símakosningar lágu fyrir varð ljóst að tveir af keppendum Ellýjar, úr hópi 16-24 ára keppenda, höfðu fengið fæst atkvæði; þær Sigurbjörg Tinna Gunnarsdóttir og hin sænska Johanna M. Wiklund. Það kom svo í hlut dómnefndar að skera úr um hvor þeirra félli úr keppni. Og Ellý lenti þá í þeirri erfiðu stöðu að þurfa að velja á milli sinna eigin keppenda eftir að Einar hafði valið Jóhönnu áfram til þátttöku og Palli Tinna.

Eftir miklar og erfiðar vangaveltur kaus Ellý á endanum að gefa Jóhönnu annað tækifæri og þar við sat; Tinna var fallin úr keppni. Kröftugur flutningur Tinna á „You Ought To Know“,



SÖNG SITT SÍÐASTA Sigurbjörg Tinna var sú fyrsta sem send var heim í X-Factor Stöðvar 2. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN RAGNAR

sem Alanis Morissette flutti upphaflega, hafði ekki dugað henni til áframhaldandi þátttöku.



Ástkær eiginmaður minn,

Snjólfur Björgvinsson

frá Borgargerði Djúpvagvi, Vestursíðu 10a,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Seli mánudaginn 22. janúar, verður jarðsunninn frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 31. janúar kl. 13.30. Blóm vinsamlega afþökkuð en í minningu Snjólfur er bent á Hjartavernd.

Fyrir hönd barna hins látna,

Bergþóru, Ármanns, Bryndísar, Steinunnar Dagmarar, Ásdísar, tengdabarna, afabarna, langafabarna og annarra ástvina. Hulda Friðriksdóttir.

BLOKKIR JAFNAÐAR VIÐ JÖRÐU

Fjölbýlishús í Reykjavík,
þróun þeirra, kostir og
gallar

HÚS 2



allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR

Árborgir	11
Ás	14-16
Ásbyrgi	9
Draumahús	8
Eignastýring	17
Eignaval	13
Fasteignafélag Austurl.	6
Remax Fasteignir	19
Fast.miðlun Kópavogs	22
Fasteignir & fyrirtæki	18
Hof	20
Hraunhamar	18
Húseign	21
Lyngvík	10
Netla	13
Remax Lind	22
Remax Mjódd	17&18
Stórborg	19&21
Viðskiptahúsið	22

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn
29. janúar, 29. dagur
ársins 2007.



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag	
Reykjavík	10.18	13.41	17.05
Akureyri	10.17	13.25	16.35

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Höfði að Borgartúni þykir með glæsilegri byggingum í höfuðborginni. Margir merkilegir atburðir hafa átt sér stað í húsinu frá byggingu þess árið 1909.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Tákn um heimsfrið

Höfði að Borgartúni á merkilega sögu
að baki.

Margir merkilegir atburðir hafa átt sér stað í Höfða síðan húsnæðið var reist að Borgartúni árið 1909 fyrir franska konsúl- inn og konu hans.

Þar ber hæst leiðtogafundinn frá árinu 1986, þegar Ronald Reagan fyrrum Bandaríkjaforseti og Mikhaíl Gorbatsjov fyrrum leiðtoga Sovétríkjanna hittust til að undirrita friðarsáttmála, sem var upphaf enda- loka kalda stríðsins. Þá hafði Höfði verið notaður sem opinbert móttökuhús Reykja- víkurborgar um nokkurt skeið, nánar til- tekið frá 1967, og þjónar því hlutverki enn.

Annar fundur og ekki síðri var haldinn í

húsinu árið 1991 þegar Íslendingar voru fyrstir þjóða til að viðurkenna sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna Eistlands, Lettlands og Litháen.

Síðan þá hefur meðal annars Yoko Ono, ekkja tónlistarmannsins Johns Lennon heitins, afhent friðarverðlaun í Höfða, í formi styrkja úr sjóði Lençons.

Er þetta aðeins hluti merkilegra atburða, íbúa og gesta sem tengjast húsinu með einum eða öðrum hætti. Nú er áætlað að þúsundir erlendra ferðamanna heimsæki húsið í ljósi undangenginna atburða. Með hliðsjón af sögunni má segja að Höfði hafi í seinni tíð öðlast vægi sem friðartákn um heim allan.

(Heimildarmaður: Hildur Kjartansdóttir)

- rve

OR kaupir fráveitu

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR HEFUR FEST KAUP Á FRÁVEITUNNI Á ÁLFTANESI. KAUPVERÐ ER 57,5 MILLJÓNIR.

Álftanesbær hefur gert samning við Orkuveitu Reykjavíkur um kaup og rekstur á fráveitumannvirkjum sveitarfélagsins. Orkuveitan skuldbindur sig samkvæmt samningnum til að sjá um uppbyggingu mannvirkjanna þannig að þau standist allar reglugerðir. Til þess að svo verði mun Orkuveitan fjárfesta um 340 milljónum í mannvirkjunum fram til 2009.

Í fréttatilkynningu frá Orkuveitunni kemur einnig fram að samhlíða kaupunum skuldbindur hún sig til að leggja 10 milljónir króna til umhverfisseturs á Álftanesi.

- tg



Orkuveitan mun leggja um 340 milljónir í framkvæmdir við fráveitumannvirki á Álftanesi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU

Nánari upplýsingar hjá lánafulltrúum Frjálsa og á www.frljalsi.is, þar sem einnig er hægt að reikna greiðslubyrði.

VEXTIR FRÁ
AÐEINS

3,4%

Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 21.09.2006


FRJÁLSI

FRÉTTABLAÐIÐ




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

STIGAR OG HANDRIÐ

Við höfum lausn fyrir þig, mælum, teiknum, smíðum og setjum upp

Beinir stigar - Loftastigar
Handlistar - Stólpar - Pílárar

Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com
Ný tekniforrit og verð á
www.timberman.dk - tegn trappen

Pólýhúðun




Pólýhúðum allt frá hillum upp í utanhússklæðningar. Pólýhúðun er sterk, hagkvæm og umhverfisvæn.

Pólýhúðun
Powder coating

Smiðjuvegi 1 • s. 544-5700 • www.polyhudun.is

allt matur

Alla föstudaga



„Í nýjstu hverfum höfuðborgarsvæðisins er gengið fulllangt í því að byggja háa kassalaga múra með svalagöngum, eða svipuð hús og verið er að jafna við jörðu víða erlendis,“ segir Pétur Ármannsson en nýlega hélt hann erindi um þróun fjölbýlishúsa-bygðar á höfuðborgarsvæðinu. FRETTABLADID/RÓSA

Blokkir jafnaðar við jörðu

Á ráðstefnu um byggðamál komu fram áhugaverðir punktar varðandi fjölbýlishús og þróun þeirra á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir í þessum mánuði fór fram málþing á Grand Hótel Reykjavíkur þar sem byggðamál og þróun þeirra voru rædd.

Að málþinginu stóðu fjölmargir aðilar sem koma að hönnun og byggingu húseigna, meðal annars Skipulagsfræðingafélag Íslands, Arkitektafélag Íslands, Félag íslenskra landslagsarkitekta og umhverfisráðuneytið. Þetta er í annað sinn sem ráðstefna af þessu tagi er haldin, en árið 2005 var haldin ráðstefna um Vatnsmýrina á svipuðum forsendum.

Pétur Ármannsson arkitekt var meðal þeirra sem fluttu erindi á ráðstefnunni en erindið flutti hann fyrir hönd Arkitektafélags Íslands.

Í erindinu sem Pétur kallaði Blokkin – barn síns tíma? velti hann fram spurningum um fjölbýlishús í Reykjavík, þróun þeirra, kosti og galla.

„Ég skoðaði hugtakið „blokk“ í sögulegu samhengi og hvernig þróun slíkra bygginga hefur verið á landinu. Í því samhengi geri ég greinarmun á blokk og fjölbýlishúsi og tala þannig um blokkina sem hús sem sker sig frá umhverfi sínu og fellur ekki inn í aðra byggð,“ segir Pétur.

„Fyrstu blokkarhverfin í borginni risu við Hringbraut og Birki-mel í kringum stríðsárin og fyrir þann tíma var aldrei talað um blokkir heldur sambyggingar eða fjölbýlishús. Á tímabilinu 1975-1990 reis töluvert af lág-reistum fjölbýlishúsum á landinu, en þau eru ekki skilgreind sem blokkir á sama hátt og þessi háu hús sem skera sig frá öðrum byggingum. Í Gallupkönnun sem var gerð fyrir nokkrum árum kom í ljós að slíkar gerðir fjölbýlishúsa njóta meiri vinsælda hjá fólki en háar blokkir. Lág-reist fjölbýlishús eru talin manneskjulegra og vistlegra umhverfi og þau dæmi sem fengu einna hæstu einkunn voru hús af slíkra



Staktæðar blokkir sem þessi veita lítið skjól í umhverfinu og útivistarsvæðin í kring þykja óvístleg.

gerð. Þetta þótti töluvert áhuga-verð niðurstaða og með hana að leiðarljósi skoðaði ég það sem er að gerast í þessum málum í dag,“ segir Pétur og bendir á að ef flett sé í gegnum fasteignaauglýsingar í dag komi í ljós að stórar kassalaga blokkir séu orðnar mjög áberandi í nýju hverfunum.

„Ég velti því fyrir mér hvernig stæði á þessu þar sem þetta er hvorki í samræmi við þá þróun

sem hefur verið hér á landi undanfarin ár né í öðrum löndum. Hingað til hefur verið stefnt að því að byggja fjölbýlishús sem verða hluti af samstæðu hverfi, en nú þarf ekki annað en að skoða nýjstu dæmin í Kópavogi og Hafnarfirði til að sjá að þetta stefnir í aðra átt. Persónulega finnst mér slík háhýsi ekki vera mjög aðlaðandi umhverfi og því spyr maður sig hvers vegna sé verið að byggja þessa tegund af húsum sem hafa marga galla, bæði umhverfislega, veðurfar-lega og hvað varðar innra skipulag.“

Á Norðurlöndum er algengt að fjölbýlishús hafi vistlega garða sem íbúar njóta sameiginlega góðs af. Í Kaupmannahöfn búa flestir í slíkum fjölbýlum og garðarnir eru oftast ekki vettvangur fyrir skemmtanir og samverustundir nágranna, bæði barna og fullorðinna. Hér á landi er slík stemning sjaldgæf en ónotaðir garðar sem minna öllu heldur á vindasöm tún eru algengari sjón í kringum fjölbýlishús.

„Eitt af því sem menn hafa gagnrýnt við þessar staktæðu blokkir er að það er ekki hægt að ganga úr stigahúsinu út í garð. Skjólmyndun er einnig lítil, en



Þar sem öll hús í hverfi eru sömu hæðar er skjólsælt en ef þau eru misjafnlega há rótar það vindinum upp.

besta skjólið myndast þegar húsin eru öll í svipaðri stærð. Sem dæmi um þetta má nefna Vesturbæinn í Reykjavík sem stendur á fremur vindasömum stað, en þar er samt sem áður skjólsælt þar sem verstu veðrin fara yfir þök húsa. Um leið og eitt hús rís eina eða tvær hæðir yfir hin húsin, þá ratar það vindinum og verður þess valdandi að hann slær sér niður," segir Pétur og minnst í því samhengi á erindi sem Magnús Jónsson veðurfræðingur flutti á þinginu. „Þar sagði hann réttilega að vindurinn og rokið væru einn stærsti gallinn við íslenskt veðurfar. Meira að segja á sólríkum dögum getur hafgolan spillt blíðunni og því ætti það að vera mjög ofarlega á blaði að mynda skjól í byggðinni," segir Pétur og tekur sem dæmi fjölbýlishúshverfi í neðra Breiðholti þar sem byggingarnar mynda boga, leiksvæði barna eru í skjóli sólarveginn við húsin og hægt er að ganga inn beint frá

garðinum en ekki frá bílastæði eins og algengt er.

„Þegar maður skoðar allra nýjustu hverfin þá virðist þessi hugsun hafa vikið til hliðar og stóra spurningin er hvers vegna málin hafa þróast á þann veg. Á ráðstefnunni urðu menn sammála um að það þyrfti að gera úttektir á því hvernig ákveðin hverfi hafa reynst fólki og af hverju þessi mál hafa þróast á einn veg frekar en annan. Fólk var líka sammála um að fjölbýli væri búsetuform framtíðarinnar og því þyrfti að auka á gæði þess á öllum vígstöðvum, bæði hvað varðar hljóðvist, endingu og mótun umhverfisins. Fjölskyldustærð fer minnkandi og nú verður alltaf meira um einstaklinga sem búa einir. Fólk kys á að binda minna fé í fasteignir og nota tímann á annan hátt. Tvöföld búseta hefur einnig aukist. Fólk á hús úti á landi eða erlendis og kys á eiga minna húsnæði í borginni og því hentar það mörgum að búa í fjölbýli þar sem rekstrarkostnaður við slíkt er töluvert minni. En þó að við kjósum að búa í minna húsnæði er samt sem áður gerð ákveðin krafa til þess að húsnæðið standist gæðakröfur. Fram til þessa hafa Íslendingar oft hugsað um íbúðir í fjölbýlishúsum sem stökkpall áður en flutt er í stærra húsnæði, en þetta þarf nú að endurskoða í takt við lífsstílsbreytingar landans.“

Margir kannast við að hafa séð heilu blokkirnar og jafnvel blokkarhverfin sprengd og jöfnuð við jörðu í sjónvarpinu. Slíkt hefur oft átt sér stað erlendis, en þetta gerist þegar félagslegar aðstæður verða svo mannfjandsamlegar að menn komast að þeirri niðurstöðu að það sé einfaldast að rífa heilu hverfin, sem yfirleitt hafa fengið á sig „gettó“-stimpilinn.

„Það er náttúrulega hræðilegt að svona lagað gerist," segir Pétur. „Hér á Íslandi höfum við hingað til notið góðs af því að um árabíl var tekjuskipting nokkuð



Erlendis er verið að falla frá byggingu blokka og margar hafa verið jafnaðar við jörðu. Þróunin hér á landi er allt önnur.

jöfn og því lítið um svokölluð „gettó“. Eina undantekningin var kannski Fellahverfið í Breiðholti, enda má segja að helstu vandamál af þessum toga hafi tengst því hverfi. Það er því ljóst að það er mikill vandi að skipuleggja svona hverfi og það þarf að taka félagslega samsetningu mjög alvarlega. Hanna hverfin með það í huga að ólíkir hópar geti búið saman í sátt og samlyndi. Í nýjustu hverfum höfuðborgarsvæðisins er aftur á móti gengið fulllangt í því að byggja háa kassalaga múra með svalagöngum, eða svipuð hús og verið er að jafna við jörðu víða erlendis. Þessar lausnir eru kannski ódýrar, en ég efast um að það sé tekið tillit til endingar húsa eða hvernig fólkinu sem á eftir að búa á þessum stöðum muni líða," segir Pétur Ármannsson arkitekt að lokum.

mhg@frettabladid.is



Guðmundur Óli Scheving

SKRIFAR UM MEINDÝR OG MEINDÝRVARNIR

Húsaköngulær (Agelenidae)

Áttfætlur hér á landi (Arachnida) tilheyra fjórum ættbálkum, þ.e. ættbálki köngulóa (Araneae), langfætlna (Opiliones), áttfætlumaura (Acari) og dreka (Pseudoscorpiones). Vistfræðilegur sess þeirra er mjög mismunandi milli hópa og tegunda en þær hafa lagað sig að margvislegum búsvæðum.

Köngulær (Araneida) er fjölskipaður ættbálkur. 20 þúsund tegundir köngulóa skipa meira en 200 ættir. Hérlandis eru u.þ.b. 90 tegundir og teljast til 10 mismunandi ætta. Um 60 af þeim teljast til hinna smágerðu voðköngulóa.

Í híbýlum manna er að finna tvær tegundir köngulóa sem afar sjaldan finnast utanhúss. Flestar íslenskar köngulær eiga ættir sínar að rekja til Evrópu en köngulær finnast í öllum heiminum.

Sú tegund húsaköngulóa (Tegenaria domestica) sem sýnilegust er hér á Íslandi er af ætt trektköngulóa og er landlæg. Hún er nokkuð stór og brún á lit en slær á hana gul- eða grálitum blæ. Hún spinnur mjög þetta trektlaga voð, eins konar teppi, í hornum herbergja og situr síðan sjálf í mjórri endanum og bíður eftir bráð sinni. Vefurinn safnar í sig skordýrum og ryki og nefna sumir þessi óþrif hégóma eða húsaskúm.

Oft sjást smærri köngulær í híbýlum manna sem kallaðir eru dordinglar, en eru oft á tíðum um ungar húsaköngulær að ræða.

Hin húsaköngulóin er svo kölluð Kompukönguló (Lepthyphantus leprosus) er minni og er af dordingulætt. Hún heldur sig í geymslum og útihúsum. Hún sækir í rakari staði en húsaköngulóin.

Köngulær eru rándýr sem í flestum tilvikum spinna veiðarfæri sín úr silki en einhverjar tegundir beita þó þeirri aðferð að grípa bráðina. Allar köngulær, hvort sem þær spinna vef eða ekki, drepa hins vegar bráðina með eitri.

Húsaköngulær eru ekki skilgreindar sem meindýr og er umfjöllun um þær hér aðeins fróðleikur um dýr í lífríkinu í kringum okkur.

Varnaðarorð

Þegar fólk þarf að fá til sín meindýraeyði eða garðúðara þá skal alltaf óska eftir að fá að sjá starfskirteini útgefið af Umhverfisstofnun og eiturefnaleyfi gefið út af lögreglustjóra/sýslumanni og það mikilvægasta er að viðkomandi hafi starfsleyfi frá viðkomandi sveitafélagi. Ein og sér hafa starfsréttindi meindýraeyða og garðúðara ekkert gildi. Athugaðu hvort öll skirteini séu í gildi. Félagar í Félagi meindýraeyða eru með félagsskirteini á sér. Fáðu alltaf nótu vegna viðskiptanna.

Réttindi meindýraeyða og garðúðara frá erlendum ríkjum og félagsamtökum gilda ekki á Íslandi.

Lesendum Fréttablaðsins er velkomnið að senda fyrirspurn á netfangið: guðmunduroli@simnet.is



Stórar kassalaga blokkir eru áberandi í nýju hverfunum.



Úrvalið er mikið og verðið svo hagstætt, að leitun er að öðru eins



ELBA		
	Eldavélar	Uppþvottavélar
		Snaigé
	Ofnar	
		Kæli- og frystiskápar
	Helluborð	
		Westinghouse
	Viftur & háfar	

nettoline 

AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT

Glæsilegar danskur innréttingar í öll herbergi heimilisins.

Eldhúsinréttingar · Baðinnréttingar · Þvottahússinnréttingar · Fataskápar með venjulegum- og rennihurðum

Þú er valið!
 Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsgöðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði

Við hönnum og teiknum fyrir þig!
 Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherbergjunum - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

20% afsláttur af tækjum!
 Auk innréttinganna bjóðum við fullkomið úrval vandaðra raftækja, ELBA eldunartæki og Snaigé og Westinghouse kæli- og frystiskápa. Við veitum a.m.k. 20% afslátt af raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu.

Virka daga kl. 9-18
 Laugard. kl. 10-15



Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500



Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur

Tekk - Kirsuberja - Hlynur

Hringið og biðið um mynda- og verðlista

HEIMILISPRYÐI

HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553-1400

Hvað er að fréttu?

Fréttir af fólki_

www.visir.is



Tryggvi Þorfinnsson, verslunarstjóri Vatnsvirkjans.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gufa af öllum gerðum

Það hefur færst nokkuð í aukana að fólk láti sér heitan pott einan og sér ekki nægja inn á heimilið. Síðustu ár hafa gufubaðsklefar og eimbaðsklefar af ýmsum gerðum verið að ryðja sér til rúms hér á landi.

Nokkur fyrirtæki flytja inn eimbaðs- og gufubaðsklefa hér á landi. Vatnsvirkinn í Ármúla er eitt þeirra fyrirtækja sem sérhæfa sig í sölu á slíkum klefum. Tryggvi Þorfinnsson, verslunarstjóri Vatnsvirkjans, segir vinsældir slíkra klefa alltaf vera að aukast. „Við hjá Vatnsvirkjanum erum með umboð fyrir vörum frá sænska fyrirtækinu Tylo, sem er einn stærsti framleiðandinn í þessum geira. Við erum búnir að vera að selja stærri klefa í sundlaugar og tómsundamiðstöðvar í mörg ár. Á síðustu árum hefur hins vegar verið aukning í sölu á klefum og aukabúnaði í þá inn á heimili hjá fólki.“

Tryggvi segir að klefarnir sem fyrirtækið selur séu af öllum stærðum og gerðum, en jafnframt



Sánaklefa er hægt að fá í miklu úrvali.

á mjög breiðu verðbili. „Flestir þessara stóru klefa sem við höfum verið að selja inn á heimili eru á bilinu tveggja til sex manna. Algengustu klefarnir eru þó sennilega fjögurra manna.“ Verðið á slíkum klefum er í kringum tvær milljónir króna.

Þeir sem ekki hafa ráð eða áhuga á því að kaupa stóran gufubaðsklefa hafa margir fjárfest í sérútbúnum sturtuklefum með gufuböðum sem eru töluvert minni í sniðum heldur en stóru klefarnir. „Þessir klefar hafa verið til í mörg ár, en lengi vel var verðið á þeim allt of hátt fyrir meðalmanninn, nú eru flottustu klefarnir frá okkur í kringum áttahundrað þúsund krónur,“ segir hann og bætir því við að klefar frá Tylo séu gífurlega vandaðir, þeir séu meðal annars gerðir úr akrýlplasti. „Þessir klefar eru mjög auðveldir í uppsetningu, þeir eru þó yfirleitt aðeins stærri en hefðbundnir sturtuklefar þar sem mótörinn kemur fyrir aftan sturtuna. Það eina sem þarf í raun og veru að gera er að tengja hann.“

Vatnsvirkinn selur einnig sánaklefa og fylgihluti í þá. „Vinsæl-

ustu sánaklefarnir í heimahús og sumarhúsa eru þriggja manna og kosta í kringum hálf milljón. Það er þó algengara að fólk sérsmíði klefana sjálf inn í rýmin sem þeir eiga að fara í. Sánaklefar eru algengastir í heimahúsum því í flestum tilvikum vill fólk losna við bleytuna sem fylgir vatnsgufunni. Við seljum minna af klefunum sjálfum og meira af fylgihlutum á borð við sérstaka sánaofna.“

- vör



Glæsileg hornsturta með gufu frá sænska fyrirtækinu Tylo.



Sturta og gufuklefi frá Tylo.

Heimilislán SPK

- þú færð betri kjör hjá okkur

Hagstæð lán sem þú getur notað til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.

- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- til allt að 5 ára
- allt að 800.000 kr.
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur SPK



Sparisjóður Kópavogs • Hlíðasmára 19, Digranesvegi 10
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is





Ísjakar og Sahara 2. Handmáluð litógrafía eftir Jóhönnu Bogadóttur.

Að leigja listaverk

Í Artótekinu í Borgarbókasafninu í Tryggvagötu bætast stöðugt við ný verk.

Þeir sem ekki hafa áhuga eða efni á að kaupa sér málverk eða önnur listaverk á heimilið geta farið þá leið að leigja þau. Artótekið í Borgarbókasafninu í Tryggvagötu hefur starfað í rúm tvö ár og náð góðri fótfestu. Þar koma alltaf inn ný verk af og til enda er bókasafnið í samstarfi við Samband íslenskra myndlistamanna. Lágmarks leigutími er mánuður og hámark 36 mánuðir. Lánþegi getur hvenær sem er á leigutímanum keypt listaverkið og dregst þá áður greidd leiga frá verðinu. Þetta er góð leið til að átta sig á hvort listaverkið falli vel að smekk húsráðenda og passi við annað á heimilinu. Annars er auðvelt að skipta þeim út, rétt eins og blómaskreytingum. Hægt er að greiða listaverkin með mánaðarlegum greiðslum eða staðgreiða. Hér eru sýnishorn af nýjum verkum á artótekinu.

Sjá nánar á www.artotek.is



Módel 3. Tússteikning á pappír eftir Kristjónu F. Arndal.



Heimþrá. Ljósmynd á plexigleri eftir Katrínu Elvarsdóttur.



Viddir. Koparæting eftir Kristjónu F. Arndal.



Bólstur. Olía á striga eftir Kristjónu F. Arndal.

Námskeið í flísalögnum

FYRIRTEKIÐ LISTLAGNIR BÝÐUR UPP Á NÁMSKEIÐ Í FLÍSALÖGNUM, MÓSAÍKI OG UPPSETNINGU GLERVEGGJA FYRIR ÞÁ SEM VILJA FARA SJÁLFIR Í FRAMKVÆMDIR HEIMA VIÐ.

Sjálfshjálparnámskeið Listlagna fjalla um undirbúning, efnisnotkun, uppælingu og frágang auk þess sem farið er í gegn um vinnubrögð.

Einnig er í boði leiga á öllum verkfærum sem þarf til flísalagna og þjónustu fyrir þá sem vantar borun tildæmis vegna ofna og blöndunartækja.

Listlagnir sérhæfa sig í flísalögnum, mósaíki og glerveggjum ásamt notkun á náttúruflum eins og marmara, granít og náttúrustein.

Nánari upplýsingar: www.listlagnir.is

Fallegar flisar gera mikið fyrir heildarútlitið. Hjá Listalögnum er hægt að komast á sjálfshjálparnámskeið og læra að leggja flisar sjálfur ásamt uppsetningu á glerveggjum og mósaík.

Mikil eftirspurn eftir íslenskri hönnun

Elín Björg Ingólfssdóttir rekur verslunina Sirku á Akureyri.

„Ég er alltaf að prófa mig áfram með eitthvað nýtt og átta mig betur á kunnahópnum,“ segir Elín Björg Ingólfssdóttir sem rekur verslunina Sirku í miðbæ Akureyrar. Í Sirku er mikið úrval af fallettri heimilisvöru, fylgihlutum og mörgu öðru og því hægt að segja að um lífstíls- og hönnunarverslun sé að ræða eða svokallaða „concept“-búð. Elín Björg hefur átt verslunina í rúm ár en verslunin var stofnuð árið 2002. „Ég er nýgræðingur í verslunarrekstri en hef voðalega gaman af þessu. Sjálf lærði ég gluggaústillingar í Danmörku á sínum tíma og bætti svo við mig námi á listnámsbraut í Verkmenntaskólanum á Akureyri fyrir nokkrum árum. Mig langaði að prófa eitthvað nýtt, hafði lengi stillt út í glugga fyrir aðra og oft dottið í hug að gaman væri að takast á við verslunarrekstur sjálf.“

Elín Björg segir að heimili hennar hafi tekið smávægi-



Elín Björg Ingólfssdóttir í versluninni Sirku Akureyri.

legum breytingum eftir að hún hafi farið að reka verslunina. „Í fyrstu var rómantíski stillinn allsráðandi í Sirku en í dag er úrvalið mun fjölbreyttara. Ég hef alls ekki skipt öllu út heima og mörg húsgagnanna minna eru frá því ég byrjaði að búa en hins vegar hef ég gaman af því að breyta og endurraða, stilla þínu lítið upp, leyfa hlutunum að njóta sín í réttu sam-

hengi,“ segir Elín Björg brosandí og bendir á að oft þurfi ekki miklar né dýrar breytingar til að lífga upp á og krydda „breytt“ rými. Helst vilji hún líka þekkja vörurnar sem hún bjóði upp á. „Ef maður þekkir vöruna af eigin raun er auðveldara að selja hana því þá getur maður sett sál sína í þetta og það skiptir mig máli. Ég flyt töluvert inn sjálf og er auk þess með vörur eftir íslenska hönnuði og reyni að velja það sem mér finnst fallett.“

Elín Björg segir Akureyringa alltaf opnari og opnari fyrir íslenskri hönnun. „Mér finnst mikil vakning í íslenskri hönnun og fyrir jólin tók ég eftir að fólk var leitandi eftir vörum eftir íslenska hönnuði.“ Hægt er að skoða heimasíðu Sirku á vefslóðinni www.sirka.is

indiana@frettabladid.is



PARKET & GÓLF
ÁRMÚLI 23
108 REYKJAVÍK
SÍMI: 568 1888
FAX: 568 1866
WWW.PARKETGOLF.IS
PARKET@PARKETGOLF.IS

ÁRATUGA ÞEKING, ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF


Nú er útsalan í fullum gangi í **Parket&Gólf**.

30-60%
afsláttur af öllum vörum.

Hurðir-veggir-loft-parket

PARKET & GÓLF

svo miklu meira en bara parket.....



TIL LEIGU OG SÖLU

ÞAÐ ER GOTT AÐ BÚA Á AUSTURLANDI

Austurland er landshluti í mikilli sókn. Þar eru góðir skólar, gott fólk og falleg náttúra. Það vantar frískt og duglegt fólk á austurland í öll störf.

Mikill fjöldi fólks er nú að koma til austurlands til að vinna við álverið, þjónusta það sem og fjórðunginn allan. Við það skapast grundvöllur til nýsköpunar á austurlandi og tækifæri til að bjóða uppá nýja verslun og þjónustu fyrir ört fjölgandi íbúa fjórðungsins. Hingað vantar frumkvöðla, sérfræðinga og fagfólk. Hugsanlega vantar okkur þig.

Nýttu þetta einstaka tækifæri!



Egilsstaðir



Kaupvangur 41

2. og 3. herbergja íbúðir
tilbúnar til afhendingar strax.

2. HERBERGJA - VERÐ FRÁ:
13.602.711*

3. HERBERGJA - VERÐ FRÁ:
16.940.179*



Kaupvangur 43

2. og 3. herbergja íbúðir
tilbúnar í maí 2007.

2. HERBERGJA - VERÐ FRÁ:
13.602.711*

3. HERBERGJA - VERÐ FRÁ:
16.940.179*



Kaupvangur 45

3. og 4. herbergja íbúðir
tilbúnar sumarið 2007.

3. HERBERGJA - VERÐ FRÁ:
17.698.694*

4. HERBERGJA - VERÐ FRÁ:
20.631.621*



Allar nánari upplýsingar á vefnum,
www.nmedia.is/ffa, hjá FFA og Fasteignasöllum.

Ertu með verkefni fyrir austan við þjónustu eða uppsetningu á tækjabúnaði? Komdu til okkar. Við bjóðum uppá vandaðar og rúmgóðar, 2., 3. og 4. herbergja **leiguíbúðir** á Reyðarfirði og Egilsstöðum. Við leigjum til lengri og skemmri tíma allt eftir þínum óskum. Kynntu þér málið.

Upplýsingar gefur Lilja í síma 862-7950. Taktu skrefið, strax í dag!



Reyðarfjörður

Melgerði 7, 9 og 11

2., 3. og 4. herbergja íbúðir.

Melgerði 7: Tilbúnar til afhendingar.

Melgerði 9: Frágengnar íbúðir afhendar strax 1. febrúar.


Melgerði 11: Til afhendingar í nóvember 2007.



2. HERBERGJA - VERÐ FRÁ:
13.703.846*

3. HERBERGJA - VERÐ FRÁ:
16.940.179*

4. HERBERGJA - VERÐ FRÁ:
19.620.267*



Melgerði 13

Enn eru lausar glæsilegar 2. og 3. herbergja íbúðir á 5. og 6. hæð í þessu sex hæða lyftuhúsi. Íbúðirnar eru með ótrúlega fallegu útsýni og afhendast fullfrágengnar. Melgerði 13 er hannað með þarfir aldraðra og fatlaðra í huga.

2. HERBERGJA ÍBÚÐ
15.169.859*

3. HERBERGJA ÍBÚÐ
19.660.575*

Draumahús

www.draumahus.is

530 1800 Mörkinni 4 / 530 1820 Strandgötu 41

Draumaeign

Dvergholt - 270 Mos



43.900.000

135,6 fm einbýlishús á einni hæð ásamt tvöf. 45,3 fm bílskúr. Frábær afgirtur bakgarður með miklum gróðri, stórir timburvernd og heitum potti.

Óli s. 530 1812

Draumaeignir

Fellahvarf - 203 Kóp



37.900.000

Glæsileg 120 fm 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngang í glæsilegu fjölbýli. 50 fm sólpallur fylgir eigninni og vandaðar innréttingar.

Pórarinn s. 530 1811

4ra - 7 herbergja

Sléttahraun - 220 Hfj



21.600.000

Afar falleg 102,5 fm 4ra herbergja íbúð á 1. hæð ásamt 25,2 fm bílskúr samtals 127,7 fm

Pórarinn s. 530 1811

Hlíðarhjalli - 200 Kóp



34.900.000

Falleg 131,5 fm íbúð auk 31,3 fm staðis í bílskúli. Sérinngangur, sérvernd og garður til suðurs.

Óli s. 530 1812

Raðhús

Fljótasel - 109 Rvk



46.900.000

Mjög gott 5 herb. endaraðhús með bílsk., auk 3ja herb. íbúðar í kjallara, alls 268,3. Íbúðin í kjallara er ca 90 fm og raðhúsið um 178 fm

Sigurður s. 530 1809

Höfum kaupendur af raðhúsi í Fossvogi

2ja til 3ja herbergja

Gullengi - 112 Rvk



15.600.000

61,2 fm 2ja herbergja falleg íbúð á 3.hæð. Fallegt útsýni. Stórar vestur svalir. PANTÍÐ SKOÐUN.

Richard s. 530 1810

Fellsmúli - 108 Rvk



21.900.000

94 fm auk ca 5 fm 3ja herb. endaíbúð á 2. hæð miðsvæðis. Mikil endurnýjuð nýlega. Vestur svalir. LAUS STAX. PANTÍÐ SKOÐUN. Richard s. 530 1810

Furuberg - 221 Hfj



39.900.000

Einstaklega fallegt og vel skipulagt 165,4 fm parhús þ.a. 22,4 fm bílskúr og ca 30 fm sólstofa sem ekki er hluti af heildarfm Vernd með heitum potti og fallegur garður. Pórarinn s. 530 1811

Einbýli

Frostaskjól - 107 Rvk



57.000.000

Fallegt einbýli á besta stað í Vesturbæ Reykjavíkur. Húsið er 180 fm, 3 herb. + stór stofa. Stór lóð sem býður upp á stækkan húss. Sigurður s. 530 1809

Lækjarhjalli - 200 Kóp



69.900.000

Einbýlishús með 5 svefnherb. og 2 stofum og er 284,4 fm Húsið er á 2 hæðum með tvöföldum bílskúr. Virkilega vönduð eign. Sigurður s. 530 1809

Háholt - 220 Hfj



21.900.000

Falleg 109,1 fm 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í góðu fjölbýli. Stutt í skóla og alla þjónustu.

Pórarinn s. 530 1811

Hofteigur - 105 Rvk



18.900.000

3. herb. 81 fm íbúð í lítið niðurgröfnum kjallara í Teigahverfinu í Reykjavík. Laus fljótlega.

Sigurður s. 530 1809

Haðarstígur - 101 Rvk



38.700.000

Virkilega sjarmerandi 133,8 fm parhús á frábærum stað í Þingholtunum. Eignin hefur verið mikil endurnýjuð.

Pórarinn s. 530 1811

Laus strax

Svarthamrar - 112 Rvk



15.900.000 Laus strax

2. herb. 63 fm íbúð á 2. og efstu hæð m. sérinng. auk ca 6 fm geymslu. Aðeins 5 íbúðir í húsinu sem er nýl. tekið í gegn að utan. Sigurður s. 530 1809

Urðarholt - 270 Mos



27.500.000

157 fm verslunar- og skrifstofuhús-næði sem er í dag 2 nær jafnstórar ósamþykktar íbúðir. Íbúðirnar eru 3ja herb Sigurður s. 530 1809

Lautasmári - 200 Kóp



24.900.000

Gullfalleg 94,1 fm íbúð á 6. hæð í lyftuhúsi. Fullbúin og vel um gengin 3ja herbergja íbúð með fallegum mahogny viðarinnréttingum. Óli s. 530 1812

Strandasel - 109 Rvk



19.200.000

Góð 93,3 fm 3ja herbergja íbúð á 2 hæð með suðursvölum. Stutt í alla þjónstu. Rólegt barnvænt hverfi.

Óli s. 530 1812

4ra - 7 herbergja

Krummahólar - 111 Rvk



32.700.000

Stór þakíbúð (149,9 fm) á 2 efstu hæðum og bílskúr. Stórkostlegt útsýni og stórar svalir í suður og norður.

Óli s. 530 1812

Núpalind - 201 Kóp



28.500.000

Mjög góð 114,6 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi. Stutt í leikskóla, skóla og þjónustu.

Óli s. 530 1812

Krossalind - 201 Kóp



51.900.000

Afar fallegt 170,7 fm 6 herbergja parhús á tveimur hæðum með innbyggðum 26,2 fm bílskúr, samtals 196,9 fm

Pórarinn s. 530 1811

Sumarhús

Hreðavatn - 311 Borg



16.000.000

51,5 fm sumarbústaður ásamt litlum geymsluskúr við Hreðavatn/Bífröst í Borgarfirði.

Óli s. 530 1812



Akureyri

Hafnarstræti - 600 Aey



Frá 11.500.000

46,8 - 66,7 fm 2 herb. nýjar íbúðir í nýuppgerðu húsi í miðbæ Akureyrar. Skilast fullb. og möguleiki á að kaupa með innbú. Helgi Már s. 530-1808

Lækjartún - 600 Aey



Frá 19.800.000.

97,4 - 109,2 fm 3 - 4 herb. íbúðir í nýju fjölb. með sérinng. á góðum stað á Akureyri. Fullb. án gólfefna að f. undan það. og forst. Helgi Már s. 530 1808

ASBYRGI ehf

ÁBYRG FASTEIGNASALA



Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík
Sími 568 2444 - Fax 568 2446

INGILEIFUR EINARSSON, löggiltur fasteignasali.

MARÍA ÞÓRARINSDÓTTIR

SKÚLI ÞÓR SVEINSSON, SÖLUMAÐUR

Við erum í félagi fasteignasala

Fum



FJALLALIND - ENDARAÐHÚS



Vorum að fá í einkasölu 152 fm mjög glæsilegt endaraðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Húsið skiptist m.a. stóra stofu, stólstofu og 2 til 3 svefnherb. Fallegar og vandaðar innréttingar, gólfefni parket og flísar. Falleg endalóð með miklum gróðri. Verð 47,0 millj.

NÆFURÁS - FRÁBÆRT ÚTSÝNI



Vorum að fá í einkasölu 187 fm gott raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Á jarðhæð er m.a. eldhús, snyrting og 2 samliggjandi stofur. Á efri hæð eru 4 góð svefnherb., baðherb. og þvottaherb. Verð 47 millj.

SKÓGARHJALLI TVEGGJA ÍBÚÐA



Vandað 284, fermetra einbýliúshús á tveimur hæðum með aukaíbúð í kjallara með sér inngangi, og innbyggðum bílskúr. Stór verönd, tvennar svalir, heitur pottur. Verð: 68.millj. Getur verið laust fjótlega.

HVASSALEITI- ÞJÓNUSTUÍBÚÐ



3ja herb. 100 fm falleg og vel umgengin þjónustuíbúð á 3ju hæð í VR-húsinu að Hvassaleiti 56-58. Íbúð skiptist m.a í 2 stofur, stórt svefnherb. baðherbergi. Stórar suðvestursvalir. Góð geymsla. Þjónustumiðstöð f. eldri borgara á jarðhæð. Kringlan í næsta húsi. Verð 32 millj.

RANGÁRSEL VERSLUNARHÚSNÆÐI



133 fermetra verslunar og atvinnuhúsnæði við Rangársel í Seljahverfi. Í húsnæðinu var síðast rekið bakarí. Húsnæðið samanstendur af afgreiðslusal með flísam á gólfi, búningsherbergi með fataskápum og framleiðslusal

BAUGHÚS EINBÝLI MEÐ ÚTSÝNI



Skipulag hússins: Komið er inn í forstofu með flísam á gólfi, gott skápafláss. Gestasnyrting góð, með flísam á gólfi. Innangengt í góðan tvöfaldan bílskúr með máluðu gólfi. Eldhúsið fallett með flísam á gólfi, útgengt út í garð. Borðstofa rúmgóð með flísam á gólfi, viður í lofti, halogen lýsing, útgengt í garð. Barnaherbergi gott með teppum á gólfi. Hjónaherbergi: stórt með flísam á gólfi, mjög gott skápafláss. Inn af hjónaherbergi er stórt baðherbergi með baðkarsklefa. Stofa með teppum á gólfi, arinn í stofu. Úr stofu er mjög fallett útsýni og gengt á stórar svalir til norðvesturs. Neðri hæð: 2 góðum barnaherbergi með parketi á gólfum. Þvottaherbergi: flísar á gólfi og gott skápafláss. Tómsundaherbergi: stórt, teppi.

Sjónvarpsherbergi: gott, flísar, gengt út í garð. Stór útgeymsla. Lóð er frágengin. Mjög stór afgirtur stólpallur með heitum potti. Bilastæði og gangstétt er með mynstursteypu og hitalögn. Húsið stendur á einum mesta útsýnisstað borgarinnar með útsýni yfir allan flóann og út á Snæfellsjökul. Verð: 76. millj

STÆRRI EIGNIR

ENGJASEL - RAÐHÚS



Til sölu mjög gott 187 fm endaraðhús. Í húsinu er m.a. 4 góð svefnherb., 2 stofur, stórt sjónvarpshol og eldhús með borðkrók. Vandaðar innréttingar. Nýtt baðherb.. Húsið er allt klætt að utan með lituðu stáli. Húsinu fylgir stórt stæði í bílageymslu með geymslu innaf. Fallegur aflokaður garður. Verð 38,0 millj. tilv. 38457

4RA - 5 HERB.

KRISTNIBRAUT-ÚTSÝNI



Mjög vel innréttuð og falleg 130 fm 4ra herbergja íbúð á efstu hæð ásamt stæði í bílageymslu, í nýlegu og góðu fjölbýli.

Glæsilegt útsýni. Þetta er eign sem enginn má láta fram hjá sér fara. Verð 35,8 millj. (tilvnr 37741)

RAUÐHAMRAR - BÍLSKÚR



Mjög falleg 4ra herb. 108,3 fm íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýlishúsi, auk 20,2 fm bílskúrs. Íbúðin skiptist m.a. í 3 góð svefnherb. mjög stóra stofu, eldhús með borðkrók og þvottaherb. innan íbúðar. Stórar suðursvalir, frábært útsýni. Fullbúinn bílskúr. Verð 25,9 millj. (37939)

SÓLHEIMAR - MIKIÐ ÚTSÝNI.



Til sölu 104 fm 4ra herb. mikið endurnýjuð íbúð á 5. hæð í góðu lyftuhúsi. Íbúðin skiptist m.a. í 3 góð svefnherb. stórt baðherb., stofu og borðstofu og eldhús. Mjög stórar suðursvalir. Mikið útsýni yfir borgina og Sundin. Laus strax. Verð 24,9 millj. tilvnr 38938.

3 HERBERGJA

FROSTAFOLD - SÉRINNG



Mjög falleg mikið endurnýjuð 3ja herb. 95,6 fm mikið endurnýjuð, íbúð með sérinngangi á 3ju hæð í góðu fjölbýli. Stórar suðursvalir. Frábært útsýni, Stæði í bílageymslu. Verð 23,5 millj. tilv.nr.38724

ENGIHJALLI - ÚTSÝNI



Mikið endurnýjuð 3ja herb. 89,2 fm vel skipulögð íbúð á 2. hæð í góðu lyftuhúsi. Nýlegt bað og eldhús. Þvottaherb. á hæð. Mikið útsýni. Verð 17,9 millj.

LANDSBYGGÐIN

BÚÐAVEGUR - FÁSKRÚÐS-FIRÐI



181,2 fermetra einbýli á besta stað á landinu, í kyrrð og fegurð sveitarinnar, en þó aðeins spölkorn frá einum af stærstu vinnustöðum á landinu, nýja álverið á Reyðarfirði. Barnvænn staður fyrir fjölskylduna, sjón er sögu ríkari. Asett verð: 16,9 millj.

SAMTENGD SÖLUSKRÁ SEX FASTEIGNASALA - EIN SKRÁNING - MINNI KOSTNAÐUR - MARGFALDUR ÁRANGUR

220 Hafnarfjörður: Björt og rúmgóð endaíbúð

Suðurvangur 8: fjögurra til fimm svefnherbergja íbúð í fjölbýli

Lýsing: Komið er inn í stórt flísalagt hol/sjónvarpshol með skáp. Í íbúðinni eru fjögur svefnherbergi með plastparketti. Eitt þeirra er mjög stórt, enda var það áður tvö herbergi, og annað þeirra er stórt hjónaherbergi með góðum nýlegum skápum og útgang út á svalir. Herbergjagangurinn er einnig með plastparketti en hann er mjög bjartur. Stofan er góð með parketti og inni af henni er góð borðstofa með parketti og útgang út á svalir. Möguleiki er að breyta borðstofu í herbergi. Eldhúsið í íbúðinni er með kork á gólfi, viðarinnréttingu, flísam milli skápa, keramikhelluborði, góðum gluggum og borðkrók. Hægt er að ganga inn í eldhúsið bæði úr holi og borðstofu, og inni af eldhúsinu er síðan innangengt gott þvottahús og geymsla með kork á gólfi, vask, hillum og glugga. Baðherbergi íbúðarinnar er flísalagt í hól og gólf, þar er baðkar, sturta, innrétting og gluggi.

Úti: Tvennar svalir eru á íbúðinni þaðan sem er gott útsýni.

Annað: Í kjallara er sér geymsla sem ekki er inni í fermetratölu íbúðar. Nýlegar B-30 eldvarnahurðir eru inn í íbúðirnar af stígagangi. Eignin er sérlega björt og rúmgóð endaíbúð á efstu hæð í sex íbúða stígagangi.

Verð: 24,5 milljónir **Fermetrar:** 136 **Fasteignasala:** Ás fasteignasala



LYNGVÍK

FASTEIGNASALA

LYNGVÍK FASTEIGNASALA
SÍÐUMÚLA 33 • 108 REYKJAVÍK.
SÍMI 588 9490 • FAX 568 4790
WWW.LYNGVIK.IS • LYNGVIK@LYNGVIK.IS

OPNUNARTÍMI:
MÁNUD. - FIMMTUD.: 9:00 - 17:00
FÖSTUDÖGUM: 9:00 - 16:00
SVO ER GSM-INN ALLTAF OPINN

TRAUST VIÐSKIPTI Í TVO ÁRATUGI



SIGRÚN GISSURADÓTTIR
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
SIGRUN@LYNGVIK.IS



STEINAR S. JÓNSSON
SÍMI: 898 5254
STEINAR@LYNGVIK.IS

SÍMI 588 9490

LYNGVÍK ER SKRÁÐ Í
FÉLAG FASTEIGNASALA

ÞORLÁKSGEISLI - GRAFARHOLT



TILBÚIN TIL AFHENDINGAR

Um er að ræða fullbúna nýja 4ra herbergja endaíbúð með gólfefnum á 3ju hæð með tvennum svölum í fallegu lyftuhúsi. Íbúðin er 108 fm og henni fylgir 8,7 fm sér geymsla samtals birt séreign 116,7 fm og staði í bílgeymslu. Sölumenn á Lyngvík sýna. Áhv. 19 m í myntkörfu. **Verð 27,6 m.**

LANGHOLTSVEGUR - SÉRHÆÐ MEÐ BÍLSKÚR.



Um er að ræða mjög vel staðsetta 100 fm sérhæð í þriggja íbúða húsi, ásamt 28 fm bílskúr. Afgirtur suður garður. Skipti á stærri eign í sama hverfi möguleg (Vogaskóla). **Verð 28,9 m.**

KÓRSALIR - GLÆSIHÆÐ MEÐ ÚTSÝNI



Um er að ræða glæsilega 264 fm íbúð á tveimur hæðum að hluta með 4 svölum og góðu útsýni. Árinstofa, þaksvallir fyrir heitan pott, stórt sér baðherbergi með nuddkari inn af hjóna-herbergi.

Allar nánari uppl. veitir Steinar S. Jónsson á Lyngvík.

GULLSMÁRI - 4RA HERBERGJA



Mjög góð 95 fm íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli. Parket og flisar á gólfum, baðherbergi nýlega uppgert. Áhvílandi 16,5 m lán með 4,35% vöxtum. **Verð 24,9 m.**

BORGARHOLTSBRAUT - HÆÐ M/BÍLSKÚR.



Mjög vel staðsetta 4ra herbergja sérhæð í 3ja íbúða húsi. Hæðinni fylgir sérstæður 34 fm bílskúr með nýju þaki. **AFHENDING VIÐ KAUPSAMNING. V. 26,9 m.**

BÓLSTAÐARHLÍÐ - 4-5 HERBERGJA



Um er að ræða góða og vel staðsetta 115,7 fm 4ra herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu húsi. Tvennar svalir. Flísalagt eldhús með borðkrók. Tvær stofur, möguleiki að breyta annari í herbergi. **Verð. 21,4 m.**

FUNAHOEÐI - LAUST STRAX



Um er að ræða mjög vel staðsett 607 fm atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum. **Verð 75 m. Allar nánari upplýsingar veitir Steinar á Lyngvík S.588-9490.**

NORÐLINGAHOLT - EIGN ÓSKAST

Höfum ákveðin kaupanda af lóð undir einbýlishúsi, eða hús á byggingarstigi í Norðlingaholti.

Allar nánari upplýsingar veitir Steinar á Lyngvík s: 588-9490.

EYJABAKKI - 4-5 HERBERGJA



Vorum að fá í sölu mjög góða og mikið endurnýjaða 4ra herbergja endaíbúð á 3.hæð ásamt sér 21 fm herbergi í kjallara sem hefur aðgengi að snyrtingu. Hús og sameign í góðu standi. **Verð 20,9 m.**

3JA HERB.

ÁSAKÓR - MEÐ BÍLSKÚR.

Um er að ræða mjög vel staðsetta 100 fm 3ja herbergja íbúð á 5. hæð (efstu) í nýju lyftuhúsi með mjög góðu útsýni, íbúðinni fylgir 28 fm bílskúr. Íbúðin skilast fullbúin án gólfefna og er afhending um næstu áramót. **V. 28,9 m.**



LÓMASALIR 3JA HERBERGJA Á EFSTU HÆÐ MEÐ BÍLSKÝLI OG GÓÐU ÚTSÝNI.

Um er að ræða 95 fm 3ja herbergja íbúð á 5.hæð með vestur svölum. Íbúðinni fylgir 7,6 fm sér geymsla. Parket og flisar á gólfum. **Verð 25,8 m.**



ÁLFKONUHVARF - LAUS STRAX

Um er að ræða mjög vel staðsetta 3ja herbergja íbúð á efstuhæð í lyftuhúsi, ásamt staði í bílgeymslu. **Verð 24,8 m.** Sölumenn á Lyngvík sýna.

2JA HERB.



GLAÐHEIMAR - LAUS STRAX
Um er að ræða mjög vel staðsetta 2ja herbergja íbúð á 2.hæð í góðu húsi við Gláðheima. **Verð 14,9 m.**



HÁTÚN - NÝ ÍBÚÐ MEÐ GÆLISLEGU ÚTSÝNI.

Um er að ræða 68,8 fm tveggja herbergja íbúð á 7.hæð, ásamt stórum norður svölum. Íbúðin skilast fullbúin án gólfefna, baðherbergi flísalagt, góðar innréttingar. **V. 26,9 m**



GRANDAVEGUR - LYFTUHÚS

Um er að ræða góða og vel staðsetta 73,5 fm 2ja herbergja íbúð á 4.hæð í lyftuhúsi. Vestur svalir með útsýni. Þvottaherberi innan íbúðar. **V.18,9 m.**

4RA HERB



BJÖRTUSALIR - SÉR GARÐUR

117fm 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í fimm íbúða húsi. Sér afgirtur suður garður með sólpalli. Fallegar eikar innréttingar, parket og flisar á gólf. **Verð 28,6 m.**

TRAUST VIÐSKIPTI Í TVO ÁRATUGI!



www.arborgir.is

Atli S. Sigvarðsson
sölumaðurAnna Dóra Jónsdóttir
ritari/sölumaðurÞorsteinn Magnússon
sölumaðurGuðjón Ægir Sigurjónsson
hrl.Óskar Sigurðsson
hrl.Sigríður Sigurbjartardóttir
ritari

Austurvegi 38 – Sími 482 4800 – www.arborgir.is

**MIÐENGI
SELFOSSI**

Gott 188 fm steipt einbýlishús að meðtölum bílskúr. Eign sem fengið hefur gott viðhald. Arinn, sauna, verönd og heitur pottur. Toppeign í þessu gróna hverfi.
Verð 30,4 millj

**HRAFNHÓLAR
SELFOSSI**

Fallegt nýtt 162 m2 parhús rétt við nýja grunn og leikskólann. Fullklárað raflögn, fullmálað, baðherbergi fullbúið, flísar á votrymum. **Verð 26,9 millj**

**KLÆNGSBÚÐ
ÞORLÁKSHÖFN**

Skemmtilegt parhús í nýju hverfi. Innbyggður bílsk, 3 svefnherbergi, hiti í gólfum. Eignin verður klædd með Duropal og harðviði í bland. Afh fohkelt eða tilbúin til innréttinga.

**KROSSALIND
KÓPAVOGI**

Einstaklega vandað og fallegt parhús á tveimur hæðum, glæsilegar innréttingar, 4 herbergi, flott útsýni, möguleiki á sér íbúð-neðri hæð. Eign í algjörum sérflokki fyrir þá kröfuhörðu. **Verð 63 millj.**

**LANGAMÝRI
SELFOSSI**

Glæsilegt 161 fm parhús með innbyggðum bílskúr. Sérsmíðaðar innréttingar, 3 svefnherbergi, verönd og heitur pottur. Snyrtileg fullfrágengin eign. **Verð 29,8**

**BIRKIHÓLAR 9 - 11
SELFOSSI**

Ný glæsileg og vel skipulögð 170 m2 parhús við nýja grunnskólann. Skemmtileg hönnun og vönduð smíði. Skilast fohkelt nema um annað sé samið. **Verð 17,9 millj**

**HÁENGI
SELFOSSI**

Ný standsett og rúmgöð endaíbúð á annarri hæð. Mikil endurnýjuð að utan sem innan. Góð kaup. **Verð 13,3 millj**

**HÁAHLÍÐ
GRÍMSNESI**

Nýr vandaður fullbúinn sumarbústaður á góðri eignalóð með fallegu útsýni, 3 herbergi og svefnloft. **Verð 20,9 millj**



Klettagata 16 er glæsilegt tvílyft einbýlishús.

Glæsilegt hús í Hafnarfirðinum

Til sölu er Klettagata 16. Um tvílyft einbýlishús er að ræða.

Klettagata 16 stendur á fallegum stað í Hafnarfirðinum. Húsið er rúmlega 350 fermetrar og stendur það á vel gróinni lóð. Gengið er inn á neðri hæðinni þar sem komið er inn í forstofu með flísum á gólf. Einnig er annar inngangur á neðri hæð þar sem komið er inn í þvottahús.

Tvö herbergi eru á neðri hæðinni. Annars vegar barnaherbergi með parketti á gólf, og hins vegar stórt hjónaherbergi með stóru fataherbergi og sér baðherbergi. Við hliðina á barnaherberginu er lítið gestabæðiherbergi. Herbergin tvö voru áður nýtt sem sér tveggja herbergja íbúð og er auðvelt að breyta þeim aftur í fyrra horf án teljandi vandræða.

Á hæðinni er einnig gott þvottahús með nýrri innréttingu, og geymsla við hlið þess þaðan sem inngengt er í tvöfalda flísalagðan bílskúr.

Á efri hæðinni er mjög rúmgott eldhús með góðri borðstofu. Eldhúsið og borðstofan eru mjög opið rými sem tengist inn í stofuna eins og sést á myndunum. Mjög hátt er til lofts og er öll efri hæðin mjög björt. Í stofunni er arinn.

„Við spiluðum mjög góða vörn á hálfum velli en þær voru að skora rosalega mikið á okkur úr hraðaupphlaupum. Þær hittu rosalega vel úr langskotum og það voru margar að skora hjá þeim,“ bætti Ágúst við en fram undan eru stórleikir í deildinni. „Þetta er stærsti einstaki leikur tímabilsins og það er miklu fargi létt af liðinu að vera komið þangað. Það er leikur strax á miðvikudaginn við Grindavík og svo við Keflavík á sunnudaginn þannig að við byrjum ekki alveg að hugsa strax um Höllina.“ - óó

**HART BARIST** Krístrún Sigurjónsdóttir úr Haukum sækir hér að körfu Grindavíkur en til varnar er Tamara Bowie.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

**SÍÐUSTU LEIKIRNIR** Alfreð Gíslason mun ekki gera nýjan samning við HSI og hættir með landsliðið í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Landsliðsþjálfari Íslands:

Alfreð ætlar að hætta í sumar

HANDBOLTI Alfreð Gíslason segir í viðtali við vefmiðilinn Sport1.de að hann muni hætta með landsliðið í sumar vegna fjölskyldu-ástæðna.

Alfreð er þjálfari þýska liðsins VfL Gummersbach og það er ekki mikið um frítíma hjá kappanum enda fara öll fríin með þýska liðinu í verkefni landsliðsins.

„Ég mun klára minn samning en síðan mun ég hætta með liðið. Það er ekki hægt að leggja það á fjölskylduna að vera á fullu á tvennum vígstöðum,“ segir Alfreð í viðtali við Sport1.de og hann segir enn fremur að margir komi til greina sem eftirmenn hans hjá landsliðinu.

Þýsku fjölmiðlamennirnir nefndu strax til aðstoðarþjálfarann Guðmund Guðmundsson en það er þó ljóst að fleiri þjálfarar munu örugglega sækjast eftir starfinu. - óó

Tillögur fyrir ársþing Knattspyrnusambands Íslands sem fram fer 10. febrúar: HK leggur fram tillögu um að leyfa varalið í deildum

FÓTBOLTI Komandi kosningar á ársþingi KSÍ hafa verið fyrirferðarmiklar í umræðunni en á þinginu verður meira á dagskrá.

Meðal annars verða teknar fyrir tillögur félaganna um hinar ýmsu breytingar. Ein athyglisverðasta tillagan kemur frá HK,

nýliðum Landsbankadeildarinnar, en hún er varðandi varalið á Íslandsmótinu.

Ef sú tillaga verður samþykkt hefur hvert félag rétt til þess að senda tvö lið í deildakeppni Íslandsmótsins. B-liðið hefur keppt í neðstu deild og verður

alltaf að leika minnst einni deild neðar en A-liði sama félags. Hlutgengir með B-liði væru allir þeir leikmenn viðkomandi félags sem ekki tóku þátt í síðasta leik A-liðs. Ársþing KSÍ fer fram 10. febrúar næstkomandi. - egm

20-50% AFSLÁTTUR

POTTAR OG BAÐKER AF LAGER OG ÚR SÝNINGARSAL
DAGANA 29. janúar - 2. febrúar.AUKAHLUTIR
25% AFSLÁTTURGLASABAKKAR, HÖFUÐPÚÐAR,
ÚTVÖRP, HÁFAR, HITAMÆLAR O.FL.

TREFJAR EHF.

Hjallahrauni 2, Hafnarfirði • Sími: 555 1027 • Fax: 565 2227
pottar@trefjar.is • www.trefjar.is

Enska U21-landsliðið:

Pearce ráðinn

FÓTBOLTI Stuart Pearce, knattspyrnustjóri Manchester City, hefur staðfest að hann muni taka við U21 landsliði Englands af Peter Taylor.



STUART PEARCE Mun stýra U21-landsliðinu og Man. City.

„Mér var boðið þetta starf og tók því,“ sagði Pearce. Taylor lét af störfum í síðustu viku til að einbeita sér að þjálfun Crystal Palace. Fyrsta verkefni Pearce með U21-liðið verður vináttulandsleikur gegn Spáni á Pride Park hinn 6. febrúar.

- egm

Chelsea er komið áfram í bikarum eftir öruggan sigur en Arsenal og Bolton þurfa að mætast að nýju:

Chelsea í engum vandræðum með Forest

FÓTBOLTI Chelsea komst örugglega áfram í fimmtu umferð ensku FA-bikarkeppninnar í gær með því að leggja 2. deildarliðið Nottingham Forest 3-0.

„Við gerðum út um þennan leik í fyrri hálfleik og í þeim síðari leyfði ég ungum leikmönnum að spreya sig,“ sagði Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, sem setti meðal annars hinn sextán ára Michael Woods inn á sem varmann.

Mourinho notaði einnig tækifærið til að blása á þær sögur að hann yfirgæfi félagið eftir tíma-bilið. „Ég er sammingsbundinn til

ársins 2010 og ég sé ekki annað en að ég muni stýra þessu liði þangað til. Ef ég allt er satt sem stendur í blöðunum þá eru ellefu stjórar að fara að taka við af mér eftir tíma-bilið,“ sagði Mourinho.

Andriy Shevchenko virðist vera að hrökkva í gang en hann braut ísinn strax á níundu mínútu. „Þetta var draumaviðureign og mínir menn virtust vera í allt öðrum heimi. Í fyrri hálfleik spilaði liðið langt undir getu. Það kemur ekki á óvart að Chelsea vann en frammistaða minna manna var óviðunandi,“ sagði Colin Calderwood, stjóri Notting-

ham Forest.

Arsenal og Bolton þurfa að mætast að nýju til að skera úr um hvort liðið kemst áfram þar sem þau gerðu 1-1 jafntefli á Emirates-vellinum í gær.

Eftir markalausan fyrri hálfleik kom Kevin Nolan liði Bolton yfir snemma í þeim síðari. Rifjaðist þá upp fyrir mörgum þegar Bolton sló Arsenal út úr þessari keppni fyrir nákvæmlega ári síðan með 1-0 sigri. Skallamark Kolo Toure heldur hins vegar voninni í Arsenal, sem fær annað tækifæri til að komast áfram á heimavelli Bolton.

- egm



PERLUVINIR Það fór vel á með Drogba og Shevchenko í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY



BJARNI ÞÓR Er hér ásamt félaganum sínum úr U21-landsliðinu, Rúríki Gíslasyni leikmanni Charlton. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Bjarni Þór Viðarsson:

Í skoðun að lána Bjarna Þór

FÓTBOLTI David Moyes, knattspyrnustjóri Everton, segist vera að skoða þann möguleika að lána íslenska unglingslandslíðsmanninn Bjarna Þór Viðarsson.

Bjarni skoraði fyrir aðallið Everton á laugardag þegar liðið lék æfingaleik gegn Bournemouth og segir Moyes að nú gæti verið rétti tíminn fyrir hann að vera lánaður.

„Bjarni stóð sig vel og má vera stoltur af frammistöðu sinni. Hann er góður fótboltamaður sem hefur þann kost að skila marki frá miðjunni,“ sagði Moyes um hinn efnilega Bjarna Þór, sem er átján ára.

- egm



ÓSTÖÐVANDI Roger Federer hefur nú unnið sex af síðustu sjö risamót og alls 36 leiki í röð. NORDICPHOTOS/GETTY

Opna ástralska tennismótið:

Roger Federer tapaði ekki lotu

TENNIS Svisslendurinn Roger Federer vann sitt tíunda risamót á ferlinum með sannkölluðum glæsibrag því hann tapaði ekki lotu á öllu ástralska meistaramótiinu í tennis í fyrriðtt.

Federer sem hefur nú unnið 36 leiki í röð vann Chile-búann Fernando Gonzalez 7-6, 6-4 og 6-4 í úrslitaleiknum. Federer varð með þessu fyrstu tennisleikarinn til að tapa ekki lotu á risamóti síðan Björn Born vann opna franska meistaramótið 1980.

Þessi 25 ára Svisslendur er nú búinn að vinna þrjú risamót í röð og jafnframt sex af síðustu sjö. Hann hefur verið í úrslitum á öllum þessum sjö mótum.

- 66j

HM Í ÞÝSKALANDI

Það sáu allir hvað við vorum að gera

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari segir það ekkert launungarmál að markmið Íslands í gær hafi verið að hvíla menn og sleppa við meiðsli.

HANDBOLTI „Ég ákvað að leyfa þeim sem minna höfðu spilað að spreya sig í dag og vonaðist til að það myndi ganga ágætlega svo ég gæti sett þá leikreyndari inn síðar. Það gekk ekki alveg því við lentum fljótlega í vandræðum,“ sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari eftir leik en hann var nokkuð sáttur þrátt fyrir tapið á móti Þýskalandi í lokaleik milliriðilsins í Dortmund í gærdeg.

„Markmiðið var að hvíla menn, sleppa við niðurlægingu sem og meiðsli. Það má í raun segja það. Það sáu allir hvað við vorum að gera hér í dag,“ sagði Alfreð, sem neitaði því þó ekki að hann hefði gjarnan viljað hvíla leikmenn meira en hann gerði í dag.

„Ég hefði gjarna viljað hvíla Óla mun meira, sem og Guðjón. Það gekk ekki alveg og ef Arnór hefði fundið sig betur hefði ég látið hann spila í 60 mínútur. Arnór því miður finnur sig engan veginn og ég veit ekki alveg hvað er að hjá honum.“

Alfreð var rólegur og yfirvegaður í leiknum og ljóst að bæði hann og leikmenn voru með hugann við leikinn í átta liða úrslitum sem fer fram á morgun.

„Ég er alveg rólegur og þokkalega sáttur. Ég skal bara taka tapið algjörlega á mig. Það er ekkert mál að hafa það á bakinu,“ sagði Alfreð léttur í bragði. „Auðvitað hefðum við viljað vinna hér í dag en að öðru leyti gengu hlutirnir eins og við vildum. Ef við mætum Þjóðverjum aftur þá verður spilað öðruvísi en í dag. Því get ég lofað,“ sagði Alfreð.

- hbg



HUGSI Alfreð Gíslason sést hér að ofan velta fyrir sér gangi mála í leiknum við Þjóðverja. Á litlu myndinni til vinstri talar hann við fyrirlíðann Ólaf Stefánsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



EIN AF MÖRGUM Ólafur Stefánsson átti 11 stoðsendingar í gær, þar af 5 þeirra inn á línu. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Fyrirlíðinn Ólafur Stefánsson:

Hálfdofinn eftir leikinn

HANDBOLTI „Maður er hálfdofinn eftir þennan leik. Þessi leikur skipti kannski ekki gríðarlega miklu máli. Við ætluðum ekki að láta þá stinga svona af strax í upphafi og við liðum fyrir það út leikinn,“ sagði fyrirlíðinn Ólafur Stefánsson.

„Það stefndi í niðurlægingu og gott að hafa bjargað því fyrir horn. Það má segja að þessi leikur hafi verið fyrsti liður í veggja sólarhringa undirbúningi fyrir átta liða úrslitin.“ - hbg

Sverre Andreas Jakobsson:

Hugurinn við þriðjudaginn

HANDBOLTI „Hugurinn var svolítið við þriðjudaginn. Það er ekki hægt að neita því. Aðalatriðið var að hafa gaman af þessu og sleppa við meiðsli,“ sagði Sverre Andreas Jakobsson.

„Menn lögðu sig kannski ekki 100% fram en þetta var líka æfingaleikur fyrir þriðjudaginn. Það er sá leikur sem skiptir öllu máli. Niðurlæging var aldrei í myndinni og gott að hafa afstýrt því.“ - hbg

Logi Geirsson fékk það óþvegið frá tólf þúsund áhorfendum í Þýskalandi í gær:

Skemmtilegasti tapleikur sem ég hef spilað

HANDBOLTI „Þetta var bara hrein snilld. Það er ekki hver sem er sem tekst að fá tólf þúsund manns upp á móti sér. Þessir Þjóðverjar eru svo miklar væluskjóður,“ sagði Logi Geirsson eftir leikinn við Þjóðverja í gær þar sem hann var ekki vinsælasti í húsinu.

„Ég þrífst annars á þessu og elska að spila þegar allir eru á móti mér. Þetta var skemmtilegasti tapleikur sem ég hef spilað á ævinni,“ sagði Logi Geirsson sem fyrr eftir leik en allt húsið baulaði á hann allan síðari hálfleikinn fyrir að hafa skotið í höfuðið á Christian Zeitz úr aukakasti undir lok fyrri hálfleiks. Hann sagði að ekki hefði verið um ásetning að ræða.

„Ég var að reyna öfugan snún-ing og ætlaði að skrúfa boltann

niður í hornið. Svo hoppaði hann upp og því fór sem fór. Þetta var hvorki viljandi né fast.“

Logi lét áhorfendur ekki taka sig á taugum og var fljótur að skora. Markinu fagnaði hann eins og hann hefði orðið heimsmeistari. „Það var svona bara til þess að kveikja aðeins frekar í áhorfendum,“ sagði Logi og hló dátt.

„Annars var gaman hversu sterkur Markús kom upp í dag og það er skandall að hann hafi ekki verið valinn maður leiksins. Þetta gerir gott fyrir liðið og meiri samkeppni um stöður,“ sagði Logi að lokum.

- hbg

FYRIRGEFÐU Logi Geirsson biður Christian Zeitz afsökunar eftir að hafa skotið hann óvart niður. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR





Fyrir hverju vilt þú berjast?

- UMFERÐARÖRYGGI OG UMFERÐARFLÆÐI
- TVÖFÖLDUN SUÐURLANDSVEGAR
- BETRI VEGUM, FLEIRI VEGRIÐUM OG HRINGTORGUM
- BÆTA HRINGVEGINN OG BURT MEÐ EINBREIÐAR BRÝR
- ÖRYGGIM VEGUM Á VESTFJÖRÐUM
- MEIRI LÖGGÆSLU, UMFERÐARÁRÓÐUR OG HÆKKUN SEKTA
- MEIRI FJÁRMUNUM TIL VEGAGERÐAR VARIÐ Í ÖRYGGISMÁL
- FORGANGSRÖÐUN VERKEFNA OG GÖNG Á LANDSBYGGÐINNI
- HEILDARSTEFNA Á ALÞINGI Í UPPBYGGINGU VEGAKERFISINS

Með **SAMSTÖÐU** getum við náð árangri.

Í nóvember árið 1999 var stofnaður áhugahópur um örugga Reykjanesbraut. Með samstöðu íbúa svæðisins, þingmanna og framkvæmdaraðila tókst að hefja framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar fyrr en áætlað var. Og nú eftir rúmlega sjö ára baráttu og jákvæðan áróður hópsins er fyrsti áfangi brautarinnar tilbúinn og árangurinn staðreynd. Í stað allt að sex banaslysa á ári hefur enginn látist á brautinni frá því að fyrsti áfanginn var vígður árið 2004.

Við getum náð árangri – líka á þínu svæði. Markmiðin eru skýr.

Gerum alla vegi landsins örugga með SAMSTÖÐU og slysalausri sýn árið 2007

Skráðu þig í þinn baráttuhóp á www.nullsyn.is

Við styðjum grasrótarsamtökin Samtöðu:



SAMSTAÐA
SLYSALAUS SÝN

> HELEN MIRREN

Helen Mirren fæddist 26. júlí 1945 og er uppalin í London. Faðir hennar var frá Hvíta-Rússlandi en þrátt fyrir upprunnann kann hún lítið sem ekkert í rússnesku. Hún hefur unnið til það margra verðlauna að ekki er hægt að telja þau upp hér. Hún sást síðast í myndinni The Queen en á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum risu gestir úr sætum sínum og klöppuðu samfleytt fyrir henni í fimm mínútur. Hægt er að sjá Helen Mirren í The Clearing á Stöð 2 Bíó.



dagskrá


VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** **TEKUR OFAN**

Að vera bitinn í blaki

Er ekki alveg gjörsamlega út hött að skrifa um eitthvað annað en handbolta í pisti eins og þessum, þegar haft er í huga að þjóðin hugsar um fátt annað þessa dagana? Kappið er slíkt, hjá liðinu sjálfu og þeim sem á horfa, að hugurinn hvarflar aftur til bernskuáranna, þegar ég lék með stórlíði Súlnnar frá Stöðvarfirði. Leikirnir við Hrafnkel Freysgoða frá Breiðdalsvík eru eftirminnilegir og skipti þá engu hvað íþróttin hét. Þar var allt lagt af mörkum og í raun ótrúlegt að enginn hafi skaðast til lífstíðar í þeim átökum. Ég man til dæmis eftir því í eitt skiptið að hafa verið bitinn þrisvar sinnum í baklið - í blakleik.

Annars toppaði Jón Ólafsson handboltann í skemmtigildi í þætti sínum á laugardagskvöldið. Drengurinn er ótrúlega fundvís á frábært sjónvarpsfemi og mælist ég til þess að honum verði gefið alræðisvald á Ríkis-útvarpinu. Í þætti sínum um helgina gaf hann tóninn fyrir það sem koma skal í tónlistarlífinu hér á næstu



árum, og ég hlakka til. Fimm tónlistartriði hvert öðru betra og maður spyr sig af hverju ekki er gert meira af því að gefa ungu hæfileikafólki tækifæri til að koma sér og sínu á framfæri, eins og þarna var gert. Hin besta skemmtun og engu síðri en að fara með sigur af hólmí, og sleppa heill heilsu, í leik gegn Hrafnkeli Freysgoða. Ég ætlaði mér ekki að minnast á Söngvakeppni sjónvarpsins en verður ekki orða bundist. Er ekki full ástæða til þess að gera sérstaka þætti með nokkrum af þeim lögum sem komust ekki í úrslitin? Það hlýtur að vera efni í myndasta sjónvarpsþátt allra tíma í íslensku sjónvarpi. Það væri stórkostlega skemmtilegt, og um leið fræðandi. Hvergi gekk til dæmis valnefndinni að takast á við lífið eftir að hafa valið lögin 24? Þáttur eins og þessi yrði sjálfsgat í boði lyfjaframleiðenda.

EKKI MISSA AF


► **20.30 Janice Dickinson**
SKJÁREINN



► **20.45 Ensku bikarmörk-**
in SÝN



► **21.00 Heroes** SIRKUS



► **22.00 The Clearing** STÖÐ 2
BÍÓ



► **22.50 Prison Break** STÖÐ 2

STÖÐ 2 BÍÓ

13.10 HM í handbolta Leikur íslenska liðsins í milliíróli á laugardag endursýndur.

14.40 HM í handbolta Leikur íslenska liðsins í milliíróli á sunnudag endursýndur.

16.10 Talið í tónlistarverðlaunin (e)

16.40 Helgarsportíð (e)

17.05 Leiðarljós (Guiding Light)

17.50 Táknálfir

18.00 Myndasafnið

18.01 Fyndin og furðuleg dýr (8:26)

18.08 Búi! (18:26) (Boo!)

18.16 Lubbi læknir (44:52) (Dr. Dog)

18.30 Ástfangnar stelpur (6:13) (Girls in Love II) Bresk þáttaröð um unglingsstelpur.

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.10 Maó (4:4) (Mao - A Life) Franskur heimildamyndaflokkur í fjórum þáttum um Maó Zedong, fyrrverandi formann kínverska kommúnistaflokksins.

21.15 Lífsháski (Lost) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktu eyju í Suður-Kýrrahafi.

22.00 Tíufréttir

22.25 Lítið um öxl Heimildamynd um undirbúning Ólympíuleikanna í Aþenu 2004. Margir spáðu því að Grikkjum tækist ekki að halda Ólympíuleikana í Aþenu árið 2004.

23.20 Spaugstofan (e)

23.45 Kastljós

00.20 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06:00 Chain Reaction (Keðjuverkun)

08:00 Anastasia

10:00 Scorched (Pottþétt plan)

12:00 Being Julia (Hin eina sanna Júlía)

14:00 Anastasia

16:00 Scorched (Pottþétt plan)

18:00 Being Julia (Hin eina sanna Júlía)

20:00 Chain Reaction (Keðjuverkun)

► **22:00 The Clearing** (Uppgjörið) Aðalhlutverk: Helen Mirren, Robert Redford, Willem Dafoe. 2004. Bönnuð börnum.

00:00 Avenging Angelo

02:00 The Fourth Angel (Fjórdi engillinn) 2001. Stranglega bönnuð börnum.

04:00 The Clearing (Uppgjörið)

2

06:58 Ísland í bítið

09:00 Bold and the Beautiful

09:20 Í finu formi 2005

09:35 Oprah

10:20 Ísland í bítið (e)

12:00 Hádegisfréttir

12:40 Nágannar (Neighbours)

13:05 Sisters (Systur)

13:55 Wife Swap (5:12) (e)

14:40 Listen Up (10:22)

15:05 Punk'd (3:16)

15:30 Ljónagrín

15:50 Tíburasysturnar (7:22)

16:13 Skrímslaspillið (37:49)

16:33 Animaniacs

16:53 Smá skrítnir foreldrar

17:18 Véla-Villi

17:28 Bold and the Beautiful

Leyfð öllum aldurshópum.

17:53 Nágannar

18:18 Íróttir og veður

18:30 Fréttir, íróttir og veður

19:00 Ísland í dag

19:40 Jamie Oliver - með sínu nefi
(15:26)

20:05 Grey's Anatomy (10:22) (Lækna-
líf) Vinsælustu þættirnir í Bandaríkjunum um þessar mundir.

20:50 American Idol - NÝTT (3:41) Leit-
in að næstu söngstjörmu Bandaríkjanna er haflin í fimmta sinn í þessum vinsælasta raunveruleikasjónvarpsþætti heims.

21:30 American Idol - NÝTT (4:41) uddard, Fantasiu Barone og Taylor Hicks?

► **22:50 Prison Break** (13:22) (Flóttinn) Bönnuð börnum.

23:35 Shark (3:22) (Hákarlinn) Nýir
bandarískir spennuþættir

00:20 Afterlife (7:8) (Framhaldslíf)

01:10 Innocence (Sakleysi) Aðalhlutverk:
Julia Blake, Charles "Bud" Tingwell, Terry Noris. Leikstjóri: Paul Cox. 2000. Leyfð
öllum aldurshópum.

02:45 Listen Up (10:22) (Takið eftir)

03:10 Grey's Anatomy (10:22)

03:55 Ísland í bítið e

05:30 Fréttir og Ísland í dag

Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.

06:40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS TV

07:15 Beverly Hills 90210 (e)

08:00 Rachael Ray (e)

08:45 Vörutorg

09:45 Melrose Place (e)

14:50 Vörutorg

15:50 What I Like About You (e)

16:15 Game tívi (e)

16:45 Beverly Hills 90210

17:30 Rachael Ray

18:15 Melrose Place

19:00 Everybody Loves Raymond (e)

19:30 Just Deal

20:00 The O.C. Bandarísk unglingsær-
ia. Taylor á leyndarmál, Kaitlin á nýtt áhuga-
mál og Ryan er í hefndarhug. Summer og
hipparinn sem hún umgengst reyna að
bjarga tré. Íslandsvinurinn Steve-O leikur
gestahlutverk í þættinum.

► **21:00 Heroes** Bandarísk þáttaröð um
venjulegt fólk sem öðlast óvenjulega hæfi-
leika. Órlögin leiða þau saman á undar-
lega vegu. Hiro er kominn til Las Vegas á
sama tíma og Nathan heldur til spilaborg-
arinnar í leit að kosningafjármagni. Strippar-
inn Niki kemst að því að lánadrottinn hennar
ætla að innheimta skuldina og Claire er í
hefnarhug.

22:00 C.S.I. Bandarískir þættir um störf
rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Hvað ef
hinir myrtu gætu sagt sína sögu. Í þessum
þætti fá áhorfendur að fylgjast með fimm
mörðsögum með augum fórnarlambanna.

23:00 Everybody Loves Raymond

23:25 Jay Leno

00:15 Boston Legal (e)

01:15 Beverly Hills 90210 (e)

02:00 Vörutorg

03:00 Melrose Place (e)

N4 SJÓNVARP NORDURLANDS

18:15 N4 Fréttir og að þeim loknum
veðurfréttir og magasinþáttur. Dagskráin er
endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15
næsta dag.

16:45 og 17:45 Átak með Guðrónu
Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá
05:45 til 09:45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

17:00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

18:00 Insider (e)

18:30 Fréttir, íróttir og veður

19:00 Ísland í dag

19:30 Seinfeld (18:24) (e) Georg kemst
að því sér til mikillar gleði að hann á enn
flesta stig í skólaleiknum frá því hann var í
frámhaldsskóla. Raðmorðingi þvingar Jerry í
nýtt samband.

20:00 Entertainment Tonight (e)

► **20:30 Janice Dickinson Modeling**
Agency Janice Dickinson er fyrsta ofurm-
ódel heims... að eigin sögn. Eftir að hafa
verið dómarar í þáttunum America/s Next
Top Model í nokkur ár, fannst Janice kominn
tími til að breyta til. Hún ákvað því að opna
sína eigin umboðsskrifstofu og til að gera
verkefnið enn meira spennandi lætur hún
taka allt ferlið upp fyrir sjónvarpið. Meira en
500 manns mættu í opnar þrúf sem Janice
hélt. Aðeins nokkir þeirra munu komast
áfram og eiga séns á að komast að.

21:00 Tekinn (e)

21:30 Star Stories Gamanþættir þar sem
gert er grín að stjórnum og lífi þeirra.
Þættirnir eru byggðir upp eins og þættir þar
sem skyggst er á bak við tjöldin hjá frægu
fólki. Allar sögurnar í þáttunum eru sann-
ar en það eru leikarar sem að stíga í fót-
spor raunverulega fólksins og gera grín að
lífi þeirra.

22:00 Trading Spouses

22:50 Insider

23:15 Twenty Four (11:24) (e)

00:00 Twenty Four (12:24) (e)

00:50 Seinfeld (19:24) Þegar Jerry fer að
sofa hjá heimilishjálpinni sinni hættir hún
að standa sig í vinnunni og Georg ákveð-
ur að hann verði að koma sér upp góðu
gælanafni.

01:15 Entertainment Tonight

01:40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SKJÁR SPORT

18:00 Reading - Sheff. Utd. (frá 20.
jan)

20:00 Ítölsku mörkin

21:00 Arsenal - Man. Utd. (frá 21. jan)

23:00 Sampdoria - Inter Milan (frá
28.jan)

01:00 Dagskrárlök

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

ÞÁTTUR SEM
SLEGIST
HEFUR
VERIÐ UM

* gegn eingreiðslu og þú horfir til 5. mars

Stöð 2 og Stöð 2 bíó á
ÁSKRIFTARTILBOÐ
aðeins 4.990 kr. á mánuði*

Studio 60 hefst í janúar



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50

American Idol

Leitin að næstu söngstjörnu Bandaríkjanna er hafin í sjötta sinn í þessum vinsælasta raunveruleikastöðvarpsþætti heims. Þau eru aftur mætt til leiks Simon, Randy og Paula og hafa lofað því að keppnin að þessu sinni verði uppfyll af óvæntum upptökum og nýjum leikreglum sem eigi eftir að koma öllum í opna skjöldu. Meðal nýjunga í þættinum eru sönglagakeppni sem efnit verður til samhlíða sjálfri Idol-stjörnuleitinni. Sigurlagið í þeirri keppni verður síðan fyrsta smáskífan sem sigurvegirinn í Idol-keppninni gefur út, strax að lokinni keppni. Leitin fór að mati dómara þriggja heldur illa af stað. Fátt var um fína drætti í fyrstu borgunum, Minneapolis og Seattle og því verður spennandi að sjá í þessum þriðja og fjórða þætti sem sýndir verða hver á eftir öðrum, hvort fleiri efnilega kandidata sé að finna í Memphis og New York, en þar fara einmitt áheyrnarprufurnar fram í þáttum kvöldsins.



▶ VIÐ MÆLUM MED LOST RÚV KL. 21.15

Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktu eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem ýmsar ógnir leynast. Eyjan er ekki öll þar sem hún er séð og íbúar hennar eru þarna í einhverjum dularfullum tilgangi. Meðal leikenda eru Naveen Andrews, Emilie de Ravin, Matthew Fox, Jorge Garcia, Maggie Grace, Dominic Monaghan og Josh Holloway. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.05 Morgunvaktin 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Fréttir 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Laufskálinn 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttayfirlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 13.00 Vítt og breitt 14.00 Fréttir 14.03 Útvarpssagan: Slóð fiðildanna eftir Ólaf Jóhann Ólafsson (20:23) 14.30 Miðdegistónar

15.03 Krossgötur 16.00 Fréttir 16.10 Veðurfregnir 16.13 Hlaupanótan 17.03 Víðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn (Frá því í morgun) 20.10 Söngvamál 21.00 Heimurinn okkar 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Myrkir músikldagar 2007 - Hljóðritun frá tónleikum til minningar um Manuelu Wiesler sem haldnir voru 21. janúar sl. 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

17:45 PGA Mótaröðin Útsending frá lokadegi Buick Invitational mótsins á PGA-mótaröðinni.

20:45 Ensku bikarmörkin 2007 Helstu tilþrífir og mörkin úr síðustu umferð í ensku bikarkeppninni í knattspyrnu.

21:15 Spænsku mörkin Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrífir og umdeildu atvikin.

22:00 Coca Cola mörkin Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.

22:30 Football Icon

23:25 Heimsmótaröðin í Póker

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjstu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

6.00 Den lille prinsesse 6.10 Skráll 6.30 Anton - min hemmelige ven 7.00 Gurli Gris 7.05 Alfons Åberg 7.15 Charlie & Lola 7.30 OBS 7.35 Vandkalvens verden 8.00 Kaptajn og besætning byder velkommen 8.30 Anne Sofie von Otter 9.00 DR-Filmand: Skrot-design 9.30 Kend dit hus 10.00 Familiejagten 10.30 Jobhop 11.00 TV Avisen 11.10 21 Søndag 11.50 DR1 Dokumentaren - En kultiveret rappenskralde 12.50 Aftenshowet 13.20 Desperate boligdrømme 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Hjerteflimmer 15.30 Snurre Srup og bønnestagen 15.35 Monster allergi 16.00 Troldspejlet 16.30 Den lille brandskole 16.55 Gurli Gris 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 17.55 Aftenshowet med Vejret 18.30 Genbrugsguld 19.00 Kløvedal i Kina 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Hercule Poirot 22.35 OBS 22.40 Supervulkanen 23.30 Hjerteflimmer

NRK1

8.30 Har vi råd, mor? 9.00 Siste nytt 9.05 Med hjertet på rette staden 10.00 Siste nytt 10.05 Ut i naturen 10.30 Migrapolis 11.00 Siste nytt 11.05 En kongelig familie 12.00 Siste nytt 12.05 Schrödingers katt 12.30 Bokbussen 13.00 Siste nytt 13.05 Norge rundt 13.30 Åpen himmel 14.00 Siste nytt 14.05 Drakejegerane 14.30 Den blå sandens hemmelighet 15.00 Siste nytt 15.03 Energikampen 2006 15.30 Totalt genialt! 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Mikkes klubbhus 17.25 Sauer 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Faktor: Siste sommer på Hekkingen 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.40 Forbrytelsen 21.35 Kos og kaos 22.05 Kveldsnytt 22.20 Store Studio 23.00 Dalziel og Pascoe

SVT 1

11.00 Rapport 11.05 Agenda 12.00 Nära djuren 13.25 Söder om landsvägen 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Under stjämorna 16.30 Krokodill 17.00 Charlie och Lola 17.10 Räkna med skägg 17.25 Dagens ramsa 17.30 Orkestern och barn som komponerar 17.40 KatjaKaj och BenteBent 17.45 Dr Dogg 18.00 Lilla sportspiegel 18.30 Rapport 19.00 Guldbaggegalan 2007 21.00 Supernatural 21.45 Ridsport: Världscupen 22.45 Rapport 22.55 Kulturmyheterna 23.05 Bingo Royale 23.50 Sopranos 0.45 Sändningar från SVT24

30%

FATA OG BÚTASAUMSEFNI

Tilboðsborð aðeins þrjú verð: kr. 200 400 og 600

30%

VALIN GARDÍNUEFNI

Afgreiðslutími virka daga 10–18 og laug. 11–15

Mörkinni 4, Reykjavík, sími: 533 3500 – Hofsbót 4, Akureyri, sími: 462 3504

Miðvangi 1, Egilsstöðum, sími: 471 2954

Vogue

HRÓSIÐ ...



...fá Sigurður Þ. Guðafsson og félagar í Gideon-félaginu sem hafa afhent yfir þrjú hundruð þúsund eintök af Nýja Testamentinu síðan 1949.

Óskarinn gæti reynst tvíeggjað sverð

Dagur Kári var einn af fjórum leikstjórum sem unnu til alþjóðlegu kvikmyndaverðlauna Sundance-kvikmyndahátíðarinnar og japanska ríkissjónvarpsins NHK á fimmtudag. Verðlaunin fékk hann fyrir handritið að myndinni The Good Heart. „Þetta er auðvitað ánægjulegt og hjálpar til við að vekja athygli á myndinni,“ segir Skúli Malmquist hjá Zik Zak sem framleiðir myndina en hann er staddur á Sundance-hátíðinni ásamt Degi Kára.

Alþjóðleg kvikmyndaverðlaun Sundance og NHK eru veitt árlega. Þau voru sett á fót fyrir ellefu árum í þeim tilgangi að aðstoða fjóra kvikmyndagerðarmenn frá

jafnmörgum heimsálfum við að koma næstu kvikmynd sinni á köppinn. Verðlaunaféð er að andvirði 700 þúsund króna auk þess sem NHK tryggir sér forkaupsréttinn fyrir sjö milljónir króna, sem greiðast við afhendingu myndarinnar.

The Good Heart gæti hlotið enn meiri athygli fyrir þær sakir að aðalleikarinn Ryan Gosling er tilefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í Half Nelson.

„Þetta er í sjálfu sér

enn meiri byr í seglin fyrir okkur,“ segir Skúli. „En gæti líka brugðið til beggja vona því framleiðendur með dýpri vasa gætu hrifsað hann frá okkur. Þessi bransi gengur þannig fyrir sig að það er ekkert öruggt fyrir en tókur hefjast.“

Myndin hefur þegar verið fjármögnuð og tókur hefjast um leið og aðalleikararnir, Tom Waits og Ryan Gosling, finna lausan tíma.



SKÚLI MALMQUIST Segir ánægjulegt að myndin skuli þegar vera farin að vekja athygli.



RYAN GOSLING Annar aðalleikaranna í The Good Heart. Var tilnefndur til Óskarsverðlauna í síðustu viku.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 margskonar 6 tveir eins 8 persónu-fornafn 9 fugl 11 skóli 12 vondur 14 flatfótur 16 bardagi 17 arinn 18 tugur 20 á fæti 21 engi.

LÓÐRÉTT

1 ávöxtur 3 sjúkudómur 4 faxtæki 5 líða vel 7 stjórnmál 10 einkar 13 suss 15 væla 16 óhreinka 19 tveir eins.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1 epli, 3 ms, 4 símrítt, 5 ma, 12 illur, 14 íslig, 16 at, 17 stó, 18 tti, 20 íl, 21 akur.

LÁRÉTT: 2 ýmsu, 6 pp, 8 sím, 9 lóa, 11 ma, 12 illur, 14 íslig, 16 at, 17 stó, 18 tti, 20 íl, 21 akur.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Helga Sigrún Harðardóttir.
- 2 Serena Williams.
- 3 Háskólabíós.

GUÐRÚN STELLA JÓNSDÓTTIR: ÓÁNÆGJA Á MEÐAL NEMENDA MH

Kvenfyrirlitning í Morfís

„Menn eru farnir að taka sjálfa sig og Morfís of háttilega ef umræðuefnið „stelpur“ er tilefni til mógdunar,“ segir Brynjar Guðnason, formaður Morfís.

Gífurleg óánægja hefur verið á meðal ákveðins hóps innan Menntaskólans við Hamrahlíð vegna umræðuefnis í átta liða úrslitum ræðukeppninnar Morfís sem var haldin sl. föstudagskvöld. Umræðuefnið var „stelpur“ og telur hópurinn að það beri vott um kvenfyrirlitningu. Voru plögg hengd upp í MH í gær þar sem nemendur voru hvattir til að hunska keppnina og aðstandendur hennar hvattir til að breyta um umræðuefni.

Það sem kom óánægjuröddunum af stað var m.a. það að auglýsing sem er sögð hafa innihaldið kvenfyrirlitningu var sett á heimasíðu MH á dögunum en tekin út nokkru síðar. Auk þess var eina kvenkyns keppanda MH í Morfís vísað úr liðinu skömmu



GUÐRÚN STELLA Segir að umræðuefnið sé viðkvæmt og bendir á þroskaleysi af hálfu aðstandenda Morfís.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

áður en umræðuefnið var ákveðið. Ræðulið keppnautarins MS var einnig eingöngu skipað strákum á föstudagskvöld og rök-ræddu því eintómir strákar um „stelpurnar“. Völdu liðsmenn MH að vera á móti umræðuefninu. Að auki voru dómarnir og þjálfarar beggja liða bara strákar.

Brynjar taldi í spjalli við Fréttablaðið ekki koma til greina að breytt yrði um umræðuefni, enda hefði Morfís ekki heimild til þess. Eitt fordæmi er þó fyrir því að stjórn Morfís hafi gripið í taumana, þegar ræða átti um sjálfsvíg. Fór keppnin þá fram fyrir luktum dyrum. „Ef þetta hefðu bara verið stelpur að tala um stráka þá hefði þetta aldrei orðið neitt mál,“ segir hann og vísar því alfaríð á bug að um

kvenfyrirlitningu hafi verið að ræða. Bjarki Vigfússon hjá Mál-fundafélagi MH bætir því við að Morfís eigi ekkert skylt við hug-sjónir keppenda. Málið snúist eingöngu um ræðulistina. Styður félagið jafnrétti á öllum sviðum þjóðfélagsins.

Guðrún Stella Jónsdóttir, nemandi við MH, segir að umræðuefnið „stelpur“ sé viðkvæmt, sérstaklega ef tekið sé tillit til þess launamisréttis sem viðgangist í þjóðfélaginu í dag. Ekki hjálpi það heldur til að eingöngu strákar standi í ræðupúltinu og rökræði um „stelpur“.

„Ég myndi ekki kalla þá karlrembur en það er þroskaleysi af þeirra hálfu að sjá ekki hvernig þetta lítur út í augum annarra,“ segir Guðrún Stella.

freyr@frettabladid.is



BRYNJAR GUÐNASON Vísar því á bug að kvenfyrirlitning hafi ráðið umræðuefninu „stelpur“. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

FRÉTTIR AF FÓLKI

Velgengni Zinedine Zidane-myndar Sigurjóns Sighvatssonar heldur áfram. Heimildarmyndin um þennan frækna franska knattspyrnukappa hefur vakið mikla athygli og henni hlotnaðist nýlega sá heiður að vera tilnefnd til hinna frönsku Cesar-verðlauna sem besta heimildarmyndin. En þau eru svar Frakka við bresku Bafta-verðlaunum og Óskarnum sem njóta mikillar virðingar í kvikmyndaheiminum.



Strákarnir okkar öttu kappi við Þjóðverja í gær á heimsmeistaratótinu í handknattleik og máttu lúta í lægra haldi fyrir þýska stálinu.

Hins vegar virðist andinn góður í íslenska hópnunum og eru landsliðsmennirnir teknir til við að blogga sem mest þeir mega á stuðningsmannasíðunni

í blíðu og stríðu. Þar gefur að líta skrautlegar skráttur frá hendi landsliðsmannanna en þar fara fremstir í flokki hornamaðurinn Einar Örn Jónsson og línumaðurinn Vignir Svavarsson.

Í færslu sem Einar Örn Jónsson skrifar kemur meðal annars fram að hann hafi reynt allt til að græta herbergisfélagi sinn Guðjón Val Sigurðsson. „Ég ákvað að leggja allt undir og syngja lag eftir djöfulinn í mannsmynd: Celine Dion! Þeir sem hætta að lesa núna hafa fullan skilning minn. Nú, við Vignir [Svavarsson] stóðum hérna á svölunum og rifjuðum upp textann við My Heart Will Go On úr Titanic. Svo ég lýsi þessu aðeins nánar þá stóðu tveir karlmennt á svölum við tjörn í tunglsljósi og rauluðu titillagði úr mestu grátmynd síðustu áratuga!“



Aron Pálmi í Háskóla Íslands í haust

Aron Pálmi hyggst hefja nám í íslensku við Háskóla Íslands í haust fyrir erlenda stúdenta. Eins og Fréttablaðið greindi frá vinnur hann nú hörðum höndum að ritun bókar um reynslu sína. Einar S. Einarsson talsmaður RJF-hópsins hefur lesið nokkra kafla bókarinnar og segir lesninguna sláandi. Fyrirhugað er að sú bók komi fyrir

en síðar fyrir sjónir íslenskra lesenda. RFJ-hópurinn kom saman nýlega en aðgerðaráætlanir ýmsar eru í gangi fyrir skjólstæðinga hópsins.

Nú er lokaspjetturinn á tíu ára refsivist Arons Pálma Ágústssonar en eins og Fréttablaðið greindi frá er hann væntanlegur til lands í 26. ágúst eftir miklar hremmingar meðal hinna refsiglöðu Texasbúa. Barn að aldri var hann dæmdur fyrir að sýna af sér kynferðislega tilburði – en fréttir hafa borist reglulega í íslenskum fjölmiðlum af sérstöku máli hans. Þó tíminn líði hægt í útleðinni, eins og Einar S. segir sem er í stöðugu sambandi við Aron Pálma, var ákveðið að sækja ekki um flýtilausn fyrir hann til full-

ustunefndar Texas eða hins nýendurkjörna ríkisstjóra Rick Perry. Talar um hann sem arman þrjú. Það var Mr. Perry sem gekk á bak orða sinna varðandi lausn hans og uppgjöf saka haustið 2005, að sögn Einars: „Eftir að fellibylurinn Rita reið yfir, á þeirri tylliástæðu að Aron Pálmi hefði á flótta sínum í undan fávíðrinu endað uppi á öðrum stað en áformað var og ennfremur „orðið það á í messunni“ að hlaða farsíma sinn á undan GPS-ökla-bandinu og látið fólkið sitt vita af sér á undan lögreglunni.“

Aron Pálmi hefur mátt þola að hlíta 36 ströngum sérreglum, hann má ekki smakka bjór, verður að gefa prufu reglulega og gangast undir lygapróf reglulega. „Þetta er hörmungarmeðferð á honum. Og þetta er vinahjóð okkar sem lætur svona,“ segir Einar.



ARON PÁLMI Væntanlegur síðsumars og getur ekki beðið. Hann ætlar í Háskóla Íslands í haust í íslensku fyrir erlenda stúdenta.

jakob@frettabladid.is

Upplýsingar í síma 580 2626
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 261, 263 og 264

Lotto

Vinningstölur laugardaginn 27.01.2007

3 6 23 24 28

Einfaldur 1. vinningur næsta laugardag

Bónus tala 31

Jóker 4 6 9 3 3

1. vinningur gekk ekki út

VÍKINGA LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 24.01.2007

Aðaltölur 3 19 23 24 28 41

Bónustölur Ofurtala 42 44 11

Einfaldur 1. vinningur næsta miðvikudag

Jóker 7 4 3 7 9

1. vinningur gekk ekki út

Bit með tvínum og þrennum



FORELDRAR

KVIKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

Það þyrfti nauðsynlega að bæta þessum frábæru dómum á auglýsinguna okkar.
Má taka út þar sem stendur: Sýnd í SAM-bíónum
"Nanna Kristín sýnir magnaðan leik. Nýtt viðmið í íslenskri kvikmyndagerð"
Bergsteinn Sigurðsson/Fréttablaðið

"Frammistaða leikarana er firnasterk. Ingvar galdrar fram einstaka persónu Samvinna Ragnars Bragasonar og Vesturports er sannarlega gæfuspor í íslenskri kvikmyndamenningu."
Heiða Jóhannsdóttir/Morgunblaðið

"Betri leikur en áður hefur þekkt í íslenskum myndum.
Foreldrar er ekkert síðri en Börn, frábær mynd sem hver Íslendingur ætti að sjá."
Davíð Örn Jónsson/kvikmyndir.com

*** 1/2 Topp5

"Tónlist Péturs Ben hreint út sagt frábær.
Foreldrar eru áhrifamið verk. Hvergi er dauður punktur og persónurnar snerta mann djúpt."
Sigríður Pétursdóttir/Viðsjá RUV

VESTURPORT í samstarfi við ARTBOX, KLIKK PRODUCTIONS og KÖGGULL KVIKMYNDAGERÐ kynnir

Kvikmynd eftir RAGNAR BRAGASON

Aðalhlutverk **INGVAR E. SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, VÍKINGUR KRISTJÁNSSON** o.fl.

Framleiðendur GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, INGVAR E. SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR,
ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON, RAGNAR BRAGASON og VÍKINGUR KRISTJÁNSSON Executive Producer KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR / B.T.B

Stjórn kvikmyndatöku BERGSTEINN BJÖRGÚLFSSON Klipping SVERRIR KRISTJÁNSSON

Tónlist PÉTUR ÞÓR BENEDIKTSSON Hljóðhönnun HULDAR FREYR ARNARSON

Handrit RAGNAR BRAGASON, INGVAR E. SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, VÍKINGUR KRISTJÁNSSON & LEIKHÓPURINN

Leikstjórn RAGNAR BRAGASON

Styrkt af KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi

Opið 8-24
alla daga



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Burt með okrið!

Tveir bollar af kaffi með flóaðri mjólk og ein langloka með skinku og sinnepssósu – eitt þúsund fimmtíu og fimm krónur, takk! (Bakameistarinn, Glæsibæ). Eitt þúsund fimmtíu og fimm krónur, getur það verið? Já, kaffibollinn kostar 310 kr og langlokan kostar 435 kr. Samtals: 1.055 kr. Af hverju í dauðanum er verðlagið hérna svartara en sjálft skammdegið?

MATVÆLAVERÐ á Íslandi er gersamlega óskiljanlegt venjulegum borgara sem hefur ekki hagfræðinám að baki. Stærsta auðlind þjóðarinnar er fiskimiðin umhverfis landið þar sem matur vex ókeypis. Samt kostar bein-hreinsað ýsuflak tólfhundrað krónur kíló. Gott og vel, það er dýrt að veiða fisk. En af hverju er fiskur dýrari hér en í Tékklandi sem er inni í miðri Evrópu og liggur hvergi að sjó?

FATAVERÐ er ekki síður dularfullt. Af hverju kosta fót sem eru framleidd í Asíu og síðan flutt til Evrópu yfirleitt meira á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum? Tollar? Skattar? Innflutningsgjöld? Gott og vel. En af hverju kosta þá fót í Dressmann nokkurn veginn það sama í Reykjavík og Stokkhólmi? Hvaða ráð kann Dressmann til að hafa sama verðlag hér og í öðrum löndum sem aðrir kunna ekki?

LYF eru flest dýrari hér en annars staðar. Það er af því að við erum svo fá og það þarf að prenta sérstaka leiðarvísa handa okkur. Gott og vel. En af hverju eru græjur eins og flatskjáir, tölvur, gamsar og þvíumlíkt þá jafnvel ódýrari á Íslandi en víða annars staðar? Með prentuðum leiðarvísi og öllu saman? Svarið sem maður fær við þessu er að ekki sé hægt að bera saman Voltaren rapid og iPod.

FRAMHALDSLÍF og tilvera sál-arinnar eru fremur einfaldar gátur miðað við spurninguna um verðlag og verðmyndun hérna í okkar dýra ríki. Ef íslenska ríkið hefði lagt jafn mikla fjármuni í neytendavernd og verðlagseftirlit og sturtað hefur verið í Baugsofsóknirnar hefðu þeir fjármunir komið almenningi að einhverju gagni. Verðmyndun kann að vera flókið fyrirbæri en okur er hvorki óskiljanlegt né óumflýjanlegt. Burt með það!



NÁTTÚRULEG HÆFNI YFIR FJÖLL OG FIÐRILDI

Hann fer yfir fjöll og firnindi eins og ekkert sé en svifur síðan um götur borgarinnar léttur eins eins og fiðrildi. Það er engin ástæða til að sætta sig við eitthvað minna en það besta þegar kemur að vali á jeppa. **Nissan X-trail** er ótrúlega fjölbærur og skemmtilegur jeppi, stútfullur af krafti og býður upp á frábæra akstursupplifun enda leiðandi bíll í hátækni, sparneytni og hreinum krafti.

Komdu og reynsluaktu og kynntu þér verðið!



NISSAN X-TRAIL



Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn
um land allt

Akranesi
431 1376

Akureyri
464 7940

Höfn í Hornafirði
478 1990

Njarðvík
421 8808

Reykjavík
474 1453

SHARP

Í FREMSTU RÖÐ FRUMKVÖÐLA LCD-VEGGSJÓNVARPANNA

SAMSUNG

EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG

Pioneer

MEÐ FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM

LOEWE.

MARGVERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN

VEGGSJÓNVÖRÞ
Glæsilegt úrval!

ORMSSON

SÍÐUMÚLA · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · ÍSAFIRÐI · AKRANESI
SELFOSI · NESKAUPSTAÐ · REYÐARFIRÐI · EGILSSTÖÐUM